allt

HILDUR DÍS KRISTJÁNSDÓTTIR:

Roadsterinn er óstjórnlega flottur

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

DISNEY FELLUR FYRIR LATABÆ

Sýnir Íþróttaálfinn í Evrópu

SPÁNN, ÍTALÍA OG FRAKKLAND BÆTAST Í HÓPINN

FÓLK 54 ▶

HELGI VALUR ÁSGEIRSSON:

Fékk góða reynslu á Strikinu

DEMISE OF FAITH KEMUR ÚT Á MÁNUDAGINN

FÓLK 28 ▶

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. maí 2005 - 142. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Flýgur með alla vini sína til Íslands

Rokksveitin heimsfræga Iron Maiden heldur tónleika í Egilshöll 7. júní. Söngvarinn Bruce Dickinson á íslenskan fisk í frystinum heima hjá sér.

TÓNLIST 36

Málefnalegur hugsjónamaður

Sögusagnir um að ekki hafi allt verið með felldu í kosningu í embætti varaformanns Samfylkingarinnar hafa varpað kastljósinu á Ágúst Ólaf Ágústsson. Kunnugir segja hann einstaklega heiðarlegan og vandaðan.

MAÐUR VIKUNNAR 20

Framarar á flugi



Fram unnu sannfærandi sigur á Þrótti í Reykjavíkurslag í Landsbankadeild karla í gærkvöld. Var þetta annar sigur Fram í þremur leikjum.

ÍÞRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI með norður- og austurströndinni, annars heldur skýjaða og hætt við síðdegisskúrum. Hiti 6-14 stig, hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er leiðandi*

Lestur á leiðarasíðu



Íslendingar 18-49 ára

*Meðallestur á leiðarasíðu Fréttablaðsins þriðjud., miðvikud., föstud., laugard. og sunnud. Lestur á leiðarasíðu Morgunblaðsins á fimmtud. Fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005

Stýrðu sölu bankanna

Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson stýrðu því hver fengi að kaupa Landsbankann og Búnaðarbankann. Átök voru undir niðri og stjórnarsamstarfið í hættu.

EINKAVÆÐING Selja átti allan eftirstandandi hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum til almennings haustið 2002 og var framkvæmdanefnd um einkavæðingu langt komin með undirbúninginn. Samkvæmt vilja Davíðs Oddssonar átti að tryggja dreifða eignaraðild með því að hámarka kaup hvers og eins við þrjú til fjögur prósent.

Þetta, ásamt ýmsu öðru, kom fram í viðtölum við fjölda viðmælenda Fréttablaðsins við vinnslu á greinaflokki, sem hefur göngu sína í dag, um einkavæðingu ríkisbankanna.

Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson kipptu einkavæðingarferlinu úr höndunum á framkvæmdanefnd eftir að Björgólfur Guðmundsson hringdi í Davíð og lýsti vilja til að kaupa annan hvorn bankann. Davíð og Halldór fyrirskipuðu nefndinni að undirbúa sölu beggja bankanna, til eins fjárfestis hvorn banka.

Átök voru milli Davíðs og Halldórs um sölu bankanna sem náðu hámarki í baráttunni um yfirráðin í VÍS, og var stjórnarsamstarfið í uppnámi um tíma vegna hennar.

Davíð og Halldór áttu beinan þátt í að stýra bönkunum í hendur „réttra“ aðila. Samson fékk að kaupa Landsbankann vegna vilja Sjálfstæðisflokksins, þrátt fyrir að hafa verið með lægsta tilboðið í bankann, og S-hópurinn fékk að kaupa Búnaðarbankann og VÍS fyrir tilstuðlan Framsóknarflokksins.

Öllum þeim sem komu að einkavæðingarferlinu, hvorum megin við borðið sem þeir sátu, var frá upphafi ljóst að ætlun ráðherranna væri sú að Samson fengi að kaupa Landsbankann.

Ráðherrar Framsóknarflokksins, þau Halldór Ásgrímsson og Valgerður Sverrisdóttir, gerðu ítarlegar tilraunir til þess að fá Kaldbak og S-hópinn til að sameinast um kaupin á Búnaðarbankanum. Halldór Ásgrímsson skipulagði símafund milli Kaldbaksmanna og fulltrúa S-hópsins í því skyni að reyna að koma á samvinnu þeirra á milli. Hann var sjálfur þátttakandi á fundinum.

Fréttablaðið sendi fjölda beiðna til framkvæmdanefndar og viðskiptaráðuneytisins um upplýsingar um sölu bankanna og fékk synjun við þeim öllum.

Sjá síðu 34 og 35

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

KASSABÍLARALL Á INGÓLFSTORGI Mikil veðurblíða var á höfuðborgarsvæðinu í gærdag. Þessar stúlkur tóku þátt í kassabílaralli sem Austurbæjarskóli, Vesturbæjarskóli, Melaskóli og Grandaskóli stóðu að á Ingólfstorgi í gær, en mikill fjöldi grunnskólabarna tók þátt í því. Búist er við áframhaldandi veðurblíðu næstu daga.

Margir hafa komið við sögu lögreglunnar:

200 þúsund manns á málaskrá lögreglu

LÖGREGLUMÁL Fjöldi íslenskra ríkisborgara á svokallaðri málaskrá Ríkislögreglustjóra samsvarar öllum Íslendingum á aldrinum 17-80 ára. Á skránni voru um miðjan þennan mánuð skráð nöfn 201.278 einstaklinga en Íslendingar á aldrinum 17-79 ára voru 200.789 um síðustu áramót samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Að sögn Jónmundar Kjartanssonar, yfirlögregluþjóns hjá Ríkislögreglustjóra, gilda strangar reglur um aðgang að skránni en engu að síður hafa allir lögreglumenn landsins aðgang að henni fimm ár aftur í tímann. Ýmis svæði hennar eru þó einungis aðgengileg yfirmönnum.

Skráin sem er miðlægur gagnagrunnur var tekin í notkun árið 1988 og þá voru færð inn í hana tölvugögn frá Rannsóknarlögreglunni og Lögreglunni í Reykjavík, þannig að hún nær ein tuttugu ár aftur í tímann. Ástæðan fyrir öllum þessum fjölda á skránni er að allir sem hafa með einhverjum hætti tengst lögreglumálum á þessu tímabili, fara sjálfkrafa inn á skrána. Þetta á við um alla þá sem kæra mál, komast með einhverjum hætti í kast við lögin, hafa lent í slysum, eru vitni og þar fram eftir götunum. Það sem er skráð er nafn, kennitala, lögheimili og dvalarstaður.

Jónmundur segir alla meðferð skráðra upplýsinga hafa breyst verulega til batnaðar með reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu sem sett var 2001. „Þannig getur hver sem er sent okkur línu og farið fram á að fá vitneskju um þær upplýsingar sem um hann eru skráðar í kerfi lögreglunnar og við veitum þær. Og ef þær eru sannarlega ranglega skráðar, leiðréttum við þær að sjálfsögðu,“ segir Jónmundur Kjartansson.

- ssal

Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðurinn:

Lífeyrissjóðir sameinast

LÍFEYRISMÁL Fjórði til fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins verður til um næstu áramót þegar Samvinnulífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóðurinn Lífiðn sameinast.

Stjórnir lífeyrissjóðanna hafa um nokkurra mánaða skeið átt í könnunarviðræðum um sameiningu sjóðanna. Að loknum aðalfundum sjóðanna í gærkvöld birtu stjórnirnar viljayfirlýsingu um sameiningu sjóðanna sem um síðustu áramót áttu heildareignir upp á 52 milljarða.

- bþg

Fuglafræðingur vill ekki byggð í Akurey:

Varar við eyjabyggðinni

SKIPULAGSMÁL Hugmyndir borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins um íbúðabyggð á eyjunum í kringum Reykjavík eru fáránlegar, segir Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndunarfélags Íslands.

JÓHANN ÓLI HILMARSSON Segir hugmyndir sjálfstæðismanna fáránlegar.

Jóhann segist byggja þessa skoðun á tveimur sjónarmiðum. Í fyrsta lagi séu eyjarnar alltof lágar. Hætt sé við að þær fari í kaf skelli á flóð og það verði ekkert einsdæmi: „Ég minni fólk á Básendaflóðið 1799, þar sem hálft Seltjarnarnesið fór undir vatn. Þetta gæti orðið hin íslenska Atlantis.“

Í öðru lagi sé lífríki eyjanna einstakt og fuglalíf fjölbreytt. Í Akurey séu til að mynda 30 þúsund lundapör: „Akurey er einstök. Eins og að vera á Breiðafirðinum, með íbúðablokkir allt í kring.“

Vilhjálmur Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borginni, segir hugmyndir lagðar fram í þeim tilgangi að ræða þær: „Skipulagsmál eru þess eðlis að menn leggja fram tillögur og taka svo ákörðun að vel athuguðu máli. Skoðanir Jóhanns eru þarft innlegg í þá umræðu.“

- jsk

SPURNING DAGSINS

Vigfús, ertu í skýjunum?

„Ég er að minnsta kosti í upphæðum."

Séra Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur í Grafarvogskirkju, þjónar fyrir altari á morgun í fyrstu flugmessu sem haldin hefur verið hér á landi.

Flest bendir til að Frakkar hafni stjórnarskránni:

Óákveðnir gætu ráðið úrslitum

PARÍS, AP Fátt bendir til að Frakkar muni leggja blessun sína yfir stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem haldin verður á morgun þrátt fyrir mikinn þrýsting frá innlendum og erlendum stjórnmálamönnum.

Nýjustu skoðanakannanir benda til þess að andstæðingar sáttmálans hafi heldur sótt í sig veðrið undanfarna daga, 55 prósent kjósenda virðast ætla að segja nei í atkvæðagreiðslunni en 45 prósent já. Enn eru þó margir óákveðnir og bindur Jacques Chirac Frakklandsforseti vonir við að hinir óákveðnu muni á endanum snúast á sveif með sér.

Chirac hélt sitt síðasta sjónvarpsávarp fyrir atkvæðagreiðsluna í fyrrakvöld en þar varaði hann landa sína eindregið við að hafna plagginu.

Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, kom til Frakklands í gær til að hvetja Frakka til að segja já á sunnudaginn. Hið sama gerði Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, en fyrr um daginn hafði þýska sambandsþingið staðfest sáttmálann.

ÁRÓÐURSSTRÍÐIÐ Í HÁMARKI Fleiri Frakkar virðast ætla að greiða atkvæði gegn stjórnarskrársáttmálanum en með honum í þjóðaratkvæðagreiðslunni á morgun.

Valerie Giscard d'Estaing, fyrrverandi forseti Frakklands og helsti arkitekt stjórnarskrársáttmálans, útilokaði ekki að greitt yrðu atkvæði að nýju ef Frakkar segðu nei en því hefur hingað til verið hafnað. ■

Banaslys í Hvalfirði:

Lést í bílslysi

UMFERÐARSLYS Karlmaður á þrítugsaldri beið bana í umferðarslysi í Hvalfirði í gærmorgun.

Slysið átti sér stað þegar flutningabíll og fólksbíll rákust saman. Hinn látni var ökumaður fólksbílsins. Bílstjóra flutningabílsins sakaði ekki, en bíllinn hafnaði utan vegar. Áreksturinn var mjög harkalegur og var veginum um Hvalfjörð lokað í um tvær klukkustundir vegna slyssins.

Áreksturinn varð skammt frá Meðalfellsafleggjara. Orsakir hans liggja ekki fyrir og málið er í rannsókn hjá lögreglu.

Hinn látni var 24 ára gamall og úr Reykjavík. Ekki er unnt að greina frá nafni hans að svo stöddu. **-GRS**

LÉST ER BÁTUR STRANDAÐI SKAMMT FRÁ BOLUNGARVÍK Hér sést bátur Landhelgisgæslunnar koma að landi í Bolungarvík eftir árangurslausa björgunartilraun.

Sjóslys:

Bráðkvaddur í bát sínum

VESTFIRÐIR Eldri maður lést um borð í bát sínum sem strandaði í fjöru um þrjár sjómílur frá Bolungarvík í gærmorgun. Talið er að maðurinn hafi orðið bráðkvaddur.

Björgunarbátar voru kallaðir út frá Bolungarvík og Ísafirði með lækni og sjúkralið innanborðs. Maðurinn var einn um borð og reyndist látinn þegar björgunarbátar komu á svæðið laust fyrir klukkan ellefu.

Ekki hefur verið greint frá nafni hins látna. **- jsk**

Tengsl milli blindu og stinningarlyfja rannsökuð

Bandaríska matar- og lyfjastofnunin rannsakar nú hvort 42 þarlendir karlmenn hafi orðið blindir af neyslu stinningarlyfja. Ekki hefur verið tilkynnt um nein slík tilvik hérlendis.

VIAGRA Grunur leikur á að stinningarlyf á borð við Viagra geti valdið blindu. Bandaríska matar- og lyfjaeftirlitið hefur nú til skoðunar 42 tilvik þar sem menn sem neyttu slíkra lyfja urðu blindir. Engar tilkynningar um slíkt hafa borist Lyfjastofnun Íslands.

Bandarískir embættismenn á vegum matar- og lyfjaeftilitsins, FDA, rannsaka nú hvort mögulegt sé að svonefnd stinningarlyf geti valdið blindu. Þeim hafa borist 42 tilkynningar um karlmenn sem hafa neytt lyfjanna og síðan misst sjónina. 38 þeirra höfðu tekið Viagra en fjórir Cialis.

RANNVEIG GUNNARSDÓTTIR Ekkert lyf er án áhættu, þau valda öll einhverjum aukaverkunum.

Susan Cruzan, talskona FDA, sagði í samtali við fréttamenn að enn væru engar óyggjandi sannanir fyrir því að lyfin hefðu valdið blindunni. „Við tökum þetta hins vegar mjög alvarlega," bætti hún við.

Blindan sem mennirnir fengu er af sérstakri tegund sem einkum leggst á hjarta- og sykursjúklinga en getuleysi er jafnframt fylgikvilli þessara sjúkdóma sem aftur fylgir neysla stinningarlyfja.

Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem grunur vaknar um hættulegar aukaverkanir á lyfi sem er í nokkuð almennri notkun. Á síðasta ári kom í ljós að svonefndir COX-2 hemlar sem einkum eru notaðir af gigtarsjúklingum leiddu til hjarta og æðasjúkdóma. Þannig var lyfið Vioxx tekið af markaðnum þegar það uppgötvaðist.

VIAGARA Grunur leikur á að 42 bandarískir karlmenn hafi orðið blindir vegna aukaverkana stinningarlyfja.

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segir að engar tilkynningar hafi borist til stofnunarinnar um blindu af völdum stinningarlyfja. Hún bendir hins vegar á að FDA taki málið ekki upp nema rík ástæða þyki til. Þá sé jafnframt afar líklegt að fyrst FDA hafi lyfin til skoðunar þá sé slík athugun einnig í gangi hjá lyfjagátanefnd Evrópusambandsins en þar eiga Íslendingar sæti. „Ekkert lyf er án áhættu, þau valda öll einhverjum aukaverkunum. Hlutverk lyfjayfirvalda er að meta hvort ávinningurinn sé meiri en áhættan. Þess vegna er svo mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn tilkynni um aukaverkanir. Þeir mættu standa sig betur í því," segir Rannveig.

sveinng@frettabladid.is

ÚRSLITANNA BEÐIÐ Valery Giscard d'Estaing, fyrrverandi forseti Frakklands og einn höfunda stjórnarskrárinnar, hlýddi á umræðurnar í efri deild þýska þingsins.

Stjórnarskrá ESB:

Staðfest á þýska þinginu

BERLÍN, AP Þýska sambandsþingið staðfesti stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins í gær með afgerandi hætti.

Aðeins eitt sambandsríkjanna sextán hafnaði honum og alls fékk hann 66 atkvæði af 69. Nú bíður hann formlegrar staðfestingar frá Horst Köhler Þýskalandsforseta.

Leiðtogar Þýskalands vonast til að hin afdráttarlausa atkvæðagreiðsla muni styrkja franska stuðningsmenn stjórnarskrársáttmálans fyrir atkvæðagreiðsluna á morgun. ■

Málsvörn Magnúsar:

Bað um hjálp við að deyja

DÓMSMÁL Magnús Einarsson, sem ákærður er fyrir að hafa myrt eiginkonu sína, sagði við aðalmeðferð í málinu í gær að hún hefði komið til hans og beðið um hjálp við að deyja.

Magnús sagði Sæunni Pálsdóttur, konu sína, hafa komið inn í herbergi sitt og beðið um hjálp hans. Hún hefði viðurkennt fyrir honum að hafa haldið framhjá honum og honum brugðið mjög við það en hann hefði ekki orðið reiður.

Lögregla fann kveðjubréf frá Sæunni til fjölskyldu sinnar sem Magnús kvaðst ekki kannast við.

Stöð 2 greindi frá. **- bþg**

HEIT SUMARLESNING!

Rigning í nóvember eftir Auði Ólafsdóttur segir frá óvæntu ferðalagi um skrýtið Ísland. Bókin hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda:

„Frábærlega stíluð, stælalaus, seiðandi, spennandi, dularfull, öðruvísi, fyndin, áhrifamikil, erótísk, falleg, ögrandi ... gerir mann hamingjusaman."

„ … einn athyglisverðasti íslenski höfundur sem ég hef lesið lengi." (F.B. Mbl.)

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2004
Tilnefnd til Menningarverðlauna DV í bókmenntum í febrúar 2005

Sérstakt sumartilboð: 1.690 krónur

Kver með 47 skáldsögulegum mataruppskriftum og einni prjónauppskrift fylgir.

www.salkaforlag.is Salka – forlag með sál

Fylgdarmaður í mansalsmáli:

Gæsluvarðhald framlengt

LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhald yfir fylgdarmanni fjögurra kínverskra ungmenna sem komu hingað á leið til Bandaríkjanna á dögunum hefur verið framlengt um viku. Maðurinn er grunaður um skipulagt mansal.

Að sögn Jóhanns R. Benediktssonar, sýslumanns á Keflavíkurflugvelli, var varðhaldið framlengt þar sem málið er enn í rannsókn. Stúlkurnar þrjár sem komu með manninum eru nú á vegum barnaverndaryfirvalda enda allar undir lögaldri.

Sveinn Andri Sveinsson, verjandi mannsins, segir manninn ekki hafa mótmælt framlengingunni og býst fastlega við því að kæra verði gefin út og dæmt í málinu strax í næstu viku, slíkur sé vaninn í málum sem þessum. Maðurinn hefur enn ekki játað sök.

Ef um skipulagt mansal er að ræða hafa íslensk stjórnvöld nýverið undirgengist Evrópusáttmála um að hefta mansal. Þar er sérstaklega tiltekið að sýna skuli réttindum fórnarlamba mansals og aðstæðum þeirra sérstaka virðingu. **-oá**

SVEINN ANDRI SVEINSSON Sveinn Andri er verjandi fylgdarmannsins. Maðurinn hefur enn ekki játað sök í mansalsmálinu.

ÍRAK

ÞYRLA SKOTIN NIÐUR Tveir bandarískir hermenn fórust þegar þyrla þeirra hrapaði eftir að hafa orðið fyrir skotum uppreisnarmanna nærri Buhriz, skammt norður af Bagdad í gær. Auk þeirra fórust fimm Írakar í árásum gærdagsins. Uppreisnarmenn unnu þar að auki spellvirki á olíuleiðslum í útjaðri höfuðborgarinnar og kviknuðu miklir eldar af þeim sökum.

Sláttuorf
Ginge, 250 W, rafknúið,
20 sm sláttubreidd.
5087499

2.395

27.900

Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

Garðsláttuvél
Murray, BS mótor 4 hp,
50 sm sláttubreidd, poki,
hæðarstilling.
5085247

Hrífur og skóflur í miklu úrvali

Laufhrífa
5084338
295

Malarskófla
5082506
795

1.990
~~2.995~~

Kaffivél
Pearl, 12 bolla
1840827

Brauðrist, 850 W
Pearl
1840838
Verð áður 1.990
1.290

Pizzupanna
Rafmagns
1840711
Verð áður 4.990
2.590

Garðbekkur **3.990**
124x57x75 sm
3899066

4.995
~~8.995~~

Gönguskór
37-47, leður m/Gritex öndun
5860839-49

1.395
~~2.990~~

fyrir 4
Matarstell, Aida
2201085

Vínglös, 24 stk
Rauðvíns- og hvítvíns
2201087
Verð áður 3.555
1.595

Verið velkomin í timbursölu okkar í Grafarholti en þar færðu landsins mesta úrval af skjólgirðingum.

Allt undir einu þaki!

OPIÐ VIRKA DAGA
8-19

LAUGARDAGA
9 - 17
SUNNUDAGA
10 - 17

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.05.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	64,60	64,90
Sterlingspund	GBP	117,69	118,27
Evra	EUR	80,88	81,34
Dönsk króna	DKK	10,87	10,93
Norsk króna	NOK	10,12	10,18
Sænsk króna	SEK	8,79	8,85
Japanskt jen	JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	95,84	96,42

Gengisvísitala krónunnar

112,50 -0,01%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heilbrigðiskerfið:

Þarf tvo milljarða til að auka öryggi

HEILBRIGÐISMÁL Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra telur að það þurfi að verja um tveimur milljörðum króna á næstu fjórum árum til að auka öryggi í heilbrigðiskerfinu.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að gera má ráð fyrir að um 130 manns látist hér á landi árlega vegna einhvers konar mistaka í heilbrigðiskerfinu og að þessi mistök kosti þjóðarbúið um 1,3 milljarða króna á ári.

„Það sem ég legg áherslu á í þessu sambandi er að við bætum öryggi í heilbrigðiskerfinu og stór þáttur í því er að flýta uppbyggingu rafrænna samskipta og rafrænna skráninga innan kerfisins," segir Jón Kristjánsson.

Hann segir unnið að þessum málum í ráðuneytinu og þó að þessu fylgi nokkur kostnaður þá komi sparnaður á móti ef hægt verður að draga úr mistökum. Engin áform eru þó innan ráðuneytisins um að rannsaka mistök í heilbrigðiskerfinu að svo stöddu. „Það eru skiptar skoðanir á því hvað á að leggja mikla vinnu og fjármuni og slíkt, en ég skil þau sjónarmið að menn vilji vita hvar þeir standa," segir heilbrigðisráðherra.

- ssal

JÓN KRISTJÁNSSON Vill auka öryggi í heilbrigðiskerfinu með því að efla rafræna skráningu.

Japanskir hermenn:

Gáfu sig fram eftir sextíu ár

JAPAN Tveir japanskir hermenn, 85 og 87 ára, hafa gefið sig fram á Filippseyjum. Þeir segjast hafa orðið viðskila við flokkinn sinn fyrir sex áratugum. Þeir óttuðust að verða dregnir fyrir herrétt vegna liðhlaups og mættu ekki á fund embættismanna á dögunum.

Síðast gaf japanskur hermaður sig fram fyrir þrjátíu árum. Frægastur slíkra hermanna er leyniþjónustumaðurinn Hiroo Onoda, sem neitaði í 29 ár að gefast upp nema japönsk stjórnvöld sendu gamla yfirmanninn hans til Filippseyja til að tilkynna honum um uppgjöf Japans. ■

Líkamsárás:

Tveir sýknir en einn dæmdur

DÓMSMÁL Dómur féll í gær í Héraðsdómi Norðurlands eystra yfir þremur mönnum sem gert var að sök að hafa lamið þann fjórða það illa á Húsavík í fyrrasumar að hann hlaut sýnilega áverka á höfði.

Þegar gögn og vitnisburðir höfðu verið skoðaðir komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að sennilega hefði aðeins einn mannana veitt fórnarlambinu umrædda áverka og aðkoma hinna tveggja þótti þar að auki óljós. Þeir tveir voru því sýknaðir af öllum ákærum en sá þriðji dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi enda ungur að árum og að öðru leyti með hreinan skjöld.

- oá

Launamisrétti í Svíþjóð:

Meiri munur en talið var

LAUNAMUNUR Sænskar konur fá aðeins 71 prósent af launum sænskra karla, samkvæmt nýrri könnun.

EIn skýringin er sögð vera sú að mun fleiri konur en karlar vinna hlutastörf. Slík störf eru algengari í hefðbundnum kvennastörfum, svo sem í heilbrigðiskerfinu og í verslunar- og þjónustustörfum. Engu að síður eru þessar niðurstöður nokkuð áfall fyrir sænskt samfélag.

- ssal

LÖGREGLUFRÉTTIR

INNBROT Á SELFOSSI Brotist var í gærmorgun inn í veitingahúsið Hafið bláa sem stendur við ósa Ölfusár. Höfðu þjófarnir fjórar vínflöskur og tóman peningakassa á brott með sér. Mynd náðist af tveimur mönnum á öryggismyndavélar staðarins og hefur lögreglan á Selfossi sent myndirnar út og lýst eftir ljósgrænni Mazda 323 bifreið sem talin er tengjast málinu.

Ákærður fyrir að rassskella konu

Sævar Óli Helgason er ákærður fyrir að veitast að konu sem lagði fyrir innkeyrsluna hans í fyrrahaust. Hann segir leikskólakennarann hafa vegið að sér kynferðislega og reynt að sparka í punginn á sér. Hann hafi því rassskellt hana.

DÓMSMÁL Réttað var yfir manni sem ákærður er fyrir að hafa veist að leikskólakennara, skellt honum ofan á vélarhlíf bifreiðar hans og slegið hann nokkrum sinnum í afturendann.

Sævar Óli Helgason sagði leikskólakennarann hafa lagt ólöglega fyrir innkeyrslu á milli húsa þannig að hann átti í miklum vandræðum með að aka þar inn. Hann hafi séð hana stíga út úr bílnum og þótt ástæða til þess að benda henni, að eigin sögn kurteisislega, á að bílnum væri ólöglega lagt. Sævar Óli segir konuna þá hafa vegið að karlmennsku sinni með kynferðislegum athugasemdum, reynt að sparka í punginn á sér og ekki viljað kannast við að bílnum væri lagt ólöglega. Þá segist hann að hafa brugðist við eins og mamma hans kenndi honum með því að skella konunni á vélarhlíf bílsins og slá nokkrum sinnum þéttingsfast í rassinn, semsagt rassskellt hana á gamla mátann.

Leikskólakennarinn bar vitni í málinu og hélt því staðfastlega fram að hún hefði ekki gert neitt til að réttlæta þvílík viðbrögð. Hún sagði Sævar hafa talað til sín á ögrandi hátt og þvertók fyrir kynferðislegar athugasemdir, hvað þá meint pungspark. Þegar hún var beðin um að rifja upp atburðarásina í fyrrahaust fékk það svo mikið á hana að hún brast í grát og þurfti að gera stutt hlé á máli sínu. Hún viðurkenndi þó að hafa kallað Sævar „frekjudollu" rétt áður en hann flengdi hana. Annað vitni að málinu sem stóð álengdar þegar atvikið átti sér stað hélt því fram að leikskólakennarinn hefði kallað Sævar „rugludall".

Ragnar Aðalsteinsson, verjandi Sævars, sagði í munnlegum málflutningi „að ekki væri hægt að dæma ákærða fyrir einn hlekk í atburðakeðju". Hann vildi meina að leikskólakennarinn hefði sjálfur brotið hegningarlög á Sævari með niðrandi athugasemdum, hún hefði ráðist á hann með orðum áður en hann hefði ráðist á hana með gjörðum.

Dómur verður kveðinn upp í málinu í byrjun júní.

oddur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

SÆVAR ÓLI HELGASON Hér stendur Sævar við innkeyrsluna sem leikskólakennarinn lagði framan við skömmu áður en hann rassskellti hana.

FISKUR FLUTTUR MILLI SKIPA Flutningaskipið Sunny Jane frá Belís tekur við fiski frá sjóræningjaskipinu Okhotino.

Fiskveiðieftirlit:

Sjö sjóræningjar að veiðum

VEIÐAR Sjö svokölluð sjóræningjaskip sáust á veiðum á karfaslóð á Reykjaneshrygg í gær þegar flugvél Landhelgisgæslunnar flaug þar yfir. Sjóræningjaskipin eru togarar sem ekki hafa leyfi til veiða á fiskveiðistjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar.

Áhöfn TF-SYN sá alls sextíu erlenda úthafskarfatogara á veiðum við mörk lögsögunnar suðvestur af Reykjanesi.

- bþg

Ólögmæt uppsögn:

Ríkið dæmt til greiðslu

DÓMSMÁL Íslenska ríkinu var gert að greiða fyrrverandi starfsmanni á sambýli fatlaðra á Blönduósi 800 þúsund krónur vegna ólöglegrar uppsagnar.

Hann hafði starfað á sambýlinu frá ágúst 1996 til október 1998 þegar honum var sagt upp.

Í dómnum kemur fram að rök fyrir uppsögninni hafi verið ófullnægjandi, og því ekki lögmætt að segja starfsmanninum upp á þessum tímapunkti.

Krafa stefnanda, sem fór fram á að ríkið greiddi honum rúmlega 26 milljónir, var ekki samþykkt og þóttu 800 þúsund krónur hæfilegar bætur.

- mh

VEÐRIÐ Í DAG

HELDUR SKÝJAÐRA SYÐRA Það er að sjá að í dag verði heldur skýjaðra með sunnanverðu landinu miðað við það sem verið hefur. Annars verður yfirleitt hálfskýjað eða léttskýjað. Hitinn er að ná sér á strik, síst þó með austurströndinni.

ÞURRKATÍÐ FRAMUNDAN Þó vissulega megi greina síðdegisskúrir við þær veðurfræðilegu aðstæður sem uppi eru, er engu að síður heildrænt séð þurrkatíð í kortunum. Það er því ekki úr vegi að skella sér í stígvélin og vökva garðinn og þvo bílinn!!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi



Á morgun



Hæg breytileg átt. Hætt við síðdegisskúrum.

Mánudagur



Hæg breytileg átt. Hætt við síðdegisskúrum.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	23°C	hálfskýjað	París	28°C	hálfskýjað	Alicante	26°C hálfskýjað
Osló	11°C	skýjað	Berlín	32°C	heiðskírt	Milano	30°C hálfskýjað
Stokkhólmur	17°C	hálfskýjað	Frankfurt	31°C	heiðskírt	New York	25°C skýjað
Helsinki	14°C	hálfskýjað	Madrid	30°C	hálfskýjað	San Francisco	17°C skýjað
London	22°C	hálfskýjað	Barcelona	23°C	skýjað	Orlando/Florida	33°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Sumartilboð á stjúpum

20 stk. hreinir litir

Verð 799

Safaríkt sumar í Sigtúni

nýr trönuberjasafi **139**

Safatilboð á Græna torginu í Sigtúni Verð frá **99/stk**

Garðbekkir verð frá **5.990**

Sólboði **499**

Petúnía 3 stk. **599**

Sýrena 40-50 sm í potti **499**

Gullregn 100 sm í potti **999**

blómaval

heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind

KJÖRKASSINN

Notfærir þú þér yfirdráttarlán?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	48,0%
Nei	52,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á að reisa íbúðabyggð í Viðey, Engey, Akurey og á Geldinganesi?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

Spenna ríkir á milli pakistanskra sjía og súnnía:

Tuttugu týndu lífi í sprengjutilræði

ISLAMABAD, AP Í það minnsta tuttugu manns biðu bana í sjálfmorðsprengjuárás í Islamabad, höfuðborg Pakistans, í gær. Talið er að illindi á milli trúarhópa í landinu sé kveikja tilræðisins.

Maður gyrtur sprengjubelti gekk inn á helgistað sjía í úthverfi höfuðborgarinnar og sprengdi sjálfan sig í loft upp. Í það minnsta tuttugu manns fórust í tilræðinu og um 150 eru sagðir særðir. Mikill fjöldi fólks var á helgistaðnum til að minnast dauða píslavottar sem grafinn er þar. Sprengjan tætti í sundur sum líkanna, svo öflug var hún.

Til átaka kom á milli reiðra sjía á staðnum og lögreglu sem reyndi að rýma til fyrir sjúkrabílum. „Niður með Bandaríkin," hrópaði fólkið.

Enginn hefur lýst tilræðinu á hendur sér en talið er að öfgamenn úr hópi súnnía hafi staðið fyrir því. Þorri Pakistana aðhyllist súnní-sið og stundum skerst í odda á milli sjía og súnnía í landinu. Í mars síðastliðnum biðu 46 sjíar bana í sprengjutilræði í Balúkistan-héraði sem er í vesturhluta landsins.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, fordæmdi árásina harðlega í ávarpi sínu til þjóðarinnar og hvatti fólkið til að sameinast gegn trúarátökum og hryðjuverkum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HLÚÐ AÐ SÆRÐUM Á annað hundrað manns slasaðist í sprengingunni í gærmorgun. Þar á meðal voru mörg börn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MÆÐGURNAR FAÐMAST Móðir Schapelle Corby huggar dóttur sína eftir að dómurinn féll.

Áströlsk stúlka:

Tuttugu ára dómur

INDÓNESÍA Indónesískur dómstóll hefur dæmt hina áströlsku Schapelle Corby í tuttugu ára fangelsi fyrir smygl á fíkniefnum. Corby, sem er 27 ára, var handtekin á flugvellinum í Bali með fjögur kíló af marijúana í október. Hún kveðst saklaus og telur að flugvallarstarfsmenn hafi staðið á bak við smyglið.

Fjölskylda Corby segir að dómnum verði áfrýjað. Mál hennar hefur vakið mikla samúð í Ástralíu. Stjórnvöld þar í landi hafa heitið henni lagalegri aðstoð og ætla jafnframt á næstu dögum að hefja viðræður við indónesísk stjórnvöld um að hún fái að afplána dóminn í Ástralíu. ■

Utanríkisráðherra:

Skipaði tvo sendiherra

UTANRÍKISÞJÓNUSTA Davíð Oddsson utanríkisráðherra hefur skipað þá Helga Gíslason og Svein Á. Björnsson sendiherra frá og með næstu áramótum.

Helgi hóf störf í utanríkisþjónustunni árið 1970 og hefur undir það síðasta verið prótokollstjóri. Sveinn hóf að vinna við utanríkisviðskipti árið 1970. - bþg



LEGA FARICE-STRENGSINS Farice-strengurinn tengir Ísland og Færeyjar við Skotland. Hann á að tryggja fjarskiptasamband Íslands við umheiminn betur en CANTAT-3 sæstrengurinn.

Efast um lögmæti stuðnings við Farice

Eftirlitsstofnun EFTA rannsakar hvort stjórnvöld hafi brotið ákvæði EES-samningsins um ríkisstyrki þegar þau veittu Farice ríkisábyrgð og juku hlut sinn í fyrirtækinu sem á og rekur sæstrenginn.

RANNSÓKN Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur hafið formlega rannsókn á því hvort stuðningur íslenskra stjórnvalda við lagningu Farice sæstrengsins standist ákvæði samningsins um evrópska efnahagssvæðið.

Starfsmenn eftirlitsstofnunar ESA hafa haft stuðning stjórnvalda við Farice til skoðunar frá í febrúar í fyrra. Þeir telja að þar kunni tvennt að stangast á við reglur evrópska efnahagssvæðisins um ríkisstyrki og hófu því formlega rannsókn í fyrradag. Annars vegar vefst ríkisábyrgð á lánum Farice fyrir ESA. Hins vegar lýsa þeir efasemdum um að hlutafjáraukning íslenskra stjórnvalda í Farice sé í samræmi við það sem einkaaðilar hefðu gert í sambærilegri aðstöðu.

Það kom Guðmundi Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Farice, nokkuð á óvart að Eftirlitsstofnun EFTA tæki stuðning íslenskra stjórnvalda við verkefnið til formlegrar rannsóknar. „Þetta mál er búið að vera í gangi í á annað ár og við vissum af þeirri rannsókn. Við áttum varla von á því að þetta færi í þessa formlegu rannsókn samt sem áður.

Guðmundur segir of snemmt að segja til um hver áhrifin af rannsókninni kunni að verða. „Við verðum að sjá til hver niðurstaðan verður." Hann segir að ef ekki hefði fengist ríkisábyrgð á hluta af lánum Farice á sínum tíma hefði það líklega orðið til þess að lánin hefðu fengist á lakari kjörum, fjármögnun verkefnisins þar með orðið óhagkvæmari.

Engin viðbrögð fengust frá íslenskum stjórnvöldum í gær. Í samgönguráðuneytinu var vísað á fjármálaráðuneytið og ekki náðist í Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

Rannsakað verður hvort stuðningur Íslands við Farice-sæstrenginn sé innan þeirra marka sem samningurinn um evrópska efnahagssvæðið kveður á um. Þar kann að ráða úrslitum hvort stofnunin taki undir það sjónarmið íslenskra stjórnvalda að Farice-verkefnið hafi verið nauðsynlegt til að tryggja góð fjarskipti við umheiminn.

brynjolfur@frettabladid.is

Plastefni:

Hamla fósturþroska

NEYTENDUR Vísindamenn í Bandaríkjunum telja sig loks hafa sannað að algeng efni sem notuð eru til framleiðslu hversdagslegra hluta á borð við snyrtivara og leikfanga geta hamlað þroska karlkynsfóstra í móðurkviði.

Lengi hefur verið vitað að hátt hlutfall efna sem finnast í fjöldaframleiddum plastvörum hafa áhrif á karldýr í dýraríkinu og þá helst að því leyti að dýrin verða kvenlegri auk þess sem sæðisframleiðsla minnkar og náttúruleysi getur orðið vandamál. ■

Útkall:

Vélarvana við Látrabjarg

VESTFIRÐIR Björgunarskip Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á Patreksfirði, Vörður, var í gærmorgun kallað út vegna vélarvana báts eina og hálfa sjómílu suður af Látrabjargi.

Tveir voru um borð og heilsast þeim vel. Báturinn, sem er sex tonna plastbátur, var tekinn í tog og var siglt með hann til Patreksfjarðar. Aðstæður voru góðar, hæglætisveður og sjógangur lítill. -jsk

BANDARÍKIN

FLÚÐI UPP Í KRANA Lögregla í Atlanta í Georgíuríki í Bandaríkjunum reynir nú að fá mann nokkurn niður úr himinháum krana en maðurinn er grunaður um að hafa banað unnustu sinni. Hann flúði undan lögreglunni á miðvikudaginn og klifraði þá upp á topp kranans sem er jafnhár og átján hæða hús.

Tollstjórinn í Reykjavík:

Aflaði upplýsinga í heimildarleysi

PERSÓNUVERND Persónuvernd hefur kveðið upp þann úrskurð að Tollstjóranum í Reykjavík hafi verið óheimilt að afla upplýsinga í málaskrá lögreglu um einstakling sem sótti um starf hjá embættinu.

Um var að ræða starfsmann í lögfræðideild Tollstjóraembættisins sem sótti um annað starf innan deildarinnar. Í starfsviðtali var honum gert að undirrita yfirlýsingu þess efnis að tollstjóra væri heimilt að afla upplýsinga um sig úr málaskrám lögreglu og tollstjóra.

Þegar svo í ljós kom að umsókn starfsmannsins var hafnað sökum þess að nafn hans var að finna í málaskrá lögreglunnar, kvartaði hann til Persónuverndar vegna ólögmætrar öflunar persónuupplýsinga.

Persónuvernd kemst að þeirri niðurstöðu að þessi upplýsingaöflun hafi verið óheimil og bendir á að persónuupplýsingar í málaskrá lögreglunnar geti verið óáreiðanlegar og jafnvel villandi.

Skráðir Íslendingar í málaskrá lögreglu voru liðlega 200 þúsund um miðjan þennan mánuð.

- ssal

TOLLSTJÓRAEMBÆTTIÐ Tollstjóra var óheimilt að afla persónuupplýsinga í málaskrá lögreglu vegna starfsumsóknar.

Blómamarkaður

Hagkaupa Skeifu, Spöng, Eiðistorg, Garðabæ og Akureyri

Tóbakshorn

999 kr
2 stk. Cypris

Cypris

Lóbelía

Nellikka

Dalía

Stjúpur 10 stk.

Margarita

Gildir til 30. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað er þyngsti dómur í Dettifossmálinu þungur?*

2 *Hvaða lið efstu deildar karla hefur fengið fæst mörk á sig?*

3 *Hvað heitir söngleikurinn sem var frumsýndur í Loftkastalanum í gærkvöld?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Mótmæli brjótast víða út í hinum íslamska heimi:

Bandaríkjamenn viðurkenna vanhelgun

BANDARÍKIN, AP Bandaríkjaher greindi frá því í gær að rannsókn hefði leitt í ljós að í fimm tilvikum hefði Kóraninn, helgirit múslima, verið vanhelgaður í fangabúðunum við Guantanamo-flóa á Kúbu. Engar sannanir fundust hins vegar fyrir því að honum hefði verið sturtað niður um klósettið.

Yfirmaður fangelsins segir að atvikin hafi ekki brotið í bága við reglur sem giltu þegar þau áttu sér stað, og hann segir tvö þeirra hafa stafað af mistökum en ekki ásetningi. Eitt þeirra átti sér stað í yfirheyrslu.

Tugþúsundir múslima hófu mótmæli í kjölfar fréttanna í Egyptalandi, Pakistan, Jórdaníu, Líbanon og Malasíu. Mótmælendur kröfðust þess að Bandaríkin bæðust afsökunar og refsuðu þeim sem ábyrgð bæru á vanhelguninni.

Í Pakistan voru víða brenndar eftirlíkingar af Bush Bandaríkjaforseta og í Líbanon kyrjuðu mótmælendur að Bandaríkin væru „hinn stærsti Satan“.

Bandaríkjaher segist engar sannanir hafa fundið fyrir því að Kóraninum hafi verið sturtað niður um klósett líkt og greint var frá í Newsweek á dögunum en síðar dregið til baka. -GRS

FÁNABRENNA Í ISLAMABAD Múslimar brenndu víða fána til að mótmæla vanvirðingu Bandaríkjamanna við Kóraninn.

Teknir með hnífa:

Dæmdir fyrir vopnaburð

DÓMSMÁL Þrír menn á þrítugsaldri voru dæmdir til að greiða 30 þúsund krónur hver, fyrir að bera ólögleg bitvopn á almannafæri í miðborg Reykjavíkur þann 12. apríl síðastliðinn.

Mennirnir játuðu allir brot sitt og var horft til þess í dómnum. Brotamenn þurfa að greiða sektina innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu en sæta ella fangelsi í fjóra daga.

Tekið var tillit þess í dómnum að mennirnir hafa aldrei komið við sögu lögreglu áður fyrir viðlíka brot. - mh

UMFERÐ HLEYPT Á Fyrsti hluti Hringbrautar hinnar nýju verður opnaður fyrir umferð á hádegi á morgun.

Framkvæmdir við Hringbraut:

Opnað fyrir umferð til austurs

SAMGÖNGUR Syðri akrein hinnar nýju Hringbrautar til austurs verður opnuð fyrir umferð um hádegisbil á morgun en verið er að leggja lokahönd á tengingar og prófun umferðarljósa.

Ætti opnunin að greiða eitthvað úr þeim hnút sem verið hefur á þessari leið meðan á framkvæmdum hefur staðið en umferð í hina áttina til vesturs verður þó áfram með sama hætti og verið hefur næstu dagana. - aöe

RÚSSLAND

SEGIST HAFA VALDIÐ RAFMAGNSLEYSI Tsjetsjenski uppreisnarleiðtoginn Shamil Basajev lýsti því yfir í gær á vefsíðu á netinu að hann hefði valdið rafmagnsleysinu í Moskvu í vikunni sem olli miklu uppnámi og öngþveiti. Stjórnvöld standa hins vegar fast á því að rafmagnsleysið hafi orðið vegna skammhlaups í úr sér genginni spennistöð.

Endurskoða lög um kynferðisbrotamál

Semja á drög að nýju frumvarpi um breytingar á kynferðisbrotamálum í sumar og verður frumvarpið lagt fram á Alþingi í vetur. Einnig er í skoðun að setja sérstakt ákvæði um heimilisofbeldi í almenn hegningarlög.

FUNDUR Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur falið Ragnheiði Bragadóttir lagaprófessor að semja drög að frumvarpi um breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Um er að ræða þau ákvæði sem eru um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, kynferðisbrot gegn börnum og vændi.

Gert er ráð fyrir því að frumvarpið verði tekið til umfjöllunar í ráðuneytinu í haust og lagt fram á Alþingi næsta vetur. Björn greindi frá þessu á fjölmennum morgunverðarfundi í gær sem haldinn var að frumkvæði aðgerðahóps gegn kynbundnu ofbeldi.

Björn sagðist í samtali við Fréttablaðið telja að það skipti miklu máli að tekið verði mið af alþjóðlegri þróun, íslenskri lagahefð og þeim grunni sem almennu hegningarlögin hvíla á. „Ekki má rasa um ráð fram við breytingar á hegningarlögunum þótt þau verði að sjálfsögðu að svara kalli tímans,“ sagði Björn meðal annars.

Drífa Snædal, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, sagðist fagna yfirlýsingu ráðherra. „Þetta hefur lengi verið baráttumál kvennahreyfingarinnar.“ Hún var jafnframt mjög ánægð með jákvæð viðbrögð frá fulltrúum annarra ráðuneyta en bætti því við að ekki væri nóg að setja lög, það yrði samhliða að huga að félagslegum úrræðum. Drífa kynnti á sama fundi áætlun aðgerðahóps gegn kynbundnu ofbeldi sem var samin eftir sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi sem efnt var til í vetur. Áætlunina má finna á vef Kvennaathvarfsins, www.kvennaathvarf.is. Þar er til að mynda lagt til að neyðarmóttaka verði styrkt, að fórnarlömbum verði gefinn kostur á fjárhagslegum stuðningi og að allt starfsfólk dómstóla, saksóknara og löggæslu verði frætt um kynbundið ofbeldi.

Einnig kom fram í máli Björns á fundinum að hann hefði óskað eftir áliti frá refsiréttarnefnd um það hvort setja ætti sérrefsiákvæði um heimilisofbeldi í almenn hegningarlög. Björn kveðst eiga von á álitinu á næstu vikum. - grs

DRÍFA SNÆDAL Fagnar yfirlýsingu dómsmálaráðherra.

BJÖRN BJARNASON Segir ráðuneytið leggja áherslu á aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi um þessar mundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BERGUR FELIXSON OG ÞORLÁKUR BJÖRNSSON Bergur lætur af störfum hjá leikskólunum nú um mánaðamótin eftir þrjátíu ára samfellt starf. Þorlákur er varaformaður menntaráðs en hann kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar.

Leikskólar Reykjavíkur:

Mikil ánægja foreldra

LEIKSKÓLAR Nær allir foreldrar leikskólabarna í Reykjavík telja að barninu sínu líði mjög vel eða frekar vel í leikskólanum samkvæmt nýrri könnun sem menntaráð Reykjavíkurborgar kynnti í gær. Í niðurstöðunum kemur fram að 99% foreldra telja að barni sínu líði mjög eða frekar vel í leikskólanum.

Leikskólar Reykjavíkur hafa reglulega kannað viðhorf foreldra til þjónustunnar og niðurstöður kannananna eru notaðar bæði við innra og ytra mat á starfinu sem er unnið inni á leikskólunum.

Fyrir liggja skipulagsbreytingar á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem hafa í för með sér sameiningu Fræðslumiðstöðvar og Leikskóla Reykjavíkur á nýju menntasviði. Menntasviðið lýtur svo stefnumörkun menntaráðs sem er pólitískt skipað. Þessar breytingar ganga í gegn núna um mánaðamótin og mun Bergur Felixson, sem hefur verið í forsvari fyrir leikskóla í Reykjavík í samfleytt þrjátíu ár, þá láta af störfum. -oá

ALLT Í BLÓMA

F1 BLÓMAKER FRÁ **1280kr**

TILBOÐ

MARGARÍTUR
595kr

TILBOÐ

HIMALAJAEINIR
790kr

TILBOÐ

F1

20 SUMARBLÓM
AÐ EIGIN VALI
1180kr

TILBOÐ

R350 - 1000w
13.980kr

TILBOÐ

R 484 - 3.5hö
26.850kr

TILBOÐ

20 STJÚPUR
990kr

TILBOÐ

120cm borð og 4 stólar
-úr gegnheilum Keruing harðvið
verð áður: ~~27.750kr~~
nú: 24.975kr

TILBOÐ

BEÐKANTUR 9cm
350kr

GRASKLIPPUR
380kr

TILBOÐ

SÓLBLÓM
595kr

GARÐHEIMAR

allt í garðinn á einum stað!

weber

grillin komin aftur!

PANTANIR ÓSKAST SÓTTAR!

Stekkjarbakka 4-6 - Reykjavík - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Slysavarnarfélagið Landsbjörg endurnýjar flotann:

Kaupa nánast ósökkvandi skip

LANDSBJÖRG Slysavarnarfélagið Landbjörg ætlar nú að ráðast í að endurnýja þrjú skip í fjórtán skipa flota sínum. Skipin sem um ræðir eru þrjú Arun Class-björgunarskip frá Englandi sem eru mun hraðskreiðari og öruggari en skipin sem þau leysa af hólmi.

Þetta eru 43 brúttórúmlesta sérhönnuð björgunarskip sem geta athafnað sig í mjög vondum veðrum. Þau eru smíðuð úr plasti og búin fullkomnum fjarskipta- og siglingatækjum sem og afar góðum sjúkra- og björgunarbúnaði.

Ganghraði skipanna er 18 sjómílur á klukkustund og á myndinni má einmitt sjá slíkt skip á fullri ferð.

Skipin eru þannig hönnuð að þau eru því sem næst ósökkvandi. Hvolfi skipinu þá snýr það sér sjálkrafa á réttan kjöl aftur.

Auðvitað kostar það skildinginn að festa kaup á slíkum tækjum og því leitar Slysavarnarfélagið Landsbjörg til almennings um aðstoð. Gíróseðlar verða sendir inn á heimili á næstu dögum og almenningur beðinn um aðstoð við að „loka hringnum“ eins og átakið er kallað.

- oá

ARUN CLASS BJÖRGUNARSKIP Slysavarnarfélagið Landsbjörg biðlar nú til landsmanna um aðstoð vegna kaupa á þremur nýjum björgunarskipum af fullkomnustu gerð.

SÆLAR SÍLDARSTÚLKUR Það var nóg að gera hjá fiskvinnslufólki í Neskaupstað enda ekki verið meiri síld á Íslandsmiðum í þrjátíu ár.

Mesta síldin í þrjátíu ár

Norsk-íslenska síldin hefur ekki fundist í jafnmiklu magni innan íslenskrar lögsögu síðan síldarævintýrinu lauk. Friðrik Jón Arngrímsson segir þetta hljóta að styrkja samningsstöðu Íslands þegar viðræðum verður áfram haldið.

NORSK-ÍSLENSKA SÍLDIN Það eru miklar gleðifréttir að norsk-íslenska síldin finnist aftur innan íslenskrar lögsögu að sögn Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna. Sjómenn segja hennar ekki hafa orðið vart í jafn miklu magni í þrjátíu ár.

FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

„Ef síldin fer að halda sig innan lögsögunnar skiptir það sköpum,“ segir Friðrik J. „Það er grundvallaratriði er kemur að samningsstöðu okkar og gerir síldina líka verðmætari. Þá getum við unnið hana í landi í stað þess að bræða hana úti á sjó eins og við höfum verið að gera.“

Norðmenn sögðu fyrir tveimur árum einhliða upp samningi um skiptingu síldarinnar og fóru fram á aukinn hlut. Aðild að samningnum áttu strandríkin svokölluðu, Ísland, Færeyjar, Rússland og Noregur auk Evrópusambandsins.

Hlutur Norðmanna samkvæmt samningnum frá 1996 er 57 prósent en eftir að ekki náðust samningar juku þeir veiði sína í 63 prósent aflans. Hlutur Íslendinga var 15,54 prósent.

„Við hefðum sætt okkur við samninginn frá 1996. En fyrst Norðmenn tóku þetta í sínar hendur urðum við náttúrulega að gera það líka. Því jukum við veiðina til samræmis við Norðmenn.“

Friðrik segir stöðuna í viðræðum slæma og býst ekki við að samkomulag náist á þessu ári.

Aðspurður hvort nýtt síldarævintýri sé í uppsiglingu segir Friðrik: „Það er of snemmt að segja til um það. Hins vegar er að koma fram mjög sterkur árgangur sem við bindum miklar vonir við. Við erum í það minnsta full bjartsýni.“

Gullbergið kom í gærdag inn til Neskaupstaðar með um 200 tonn af mjög vænni síld sem fékkst í nót austur af Dalatanga en til þessa hefur síldin nær eingöngu veiðst í troll.

Hákon Viðarsson hjá Síldarvinnslunni hf. segir síldina einstaklega góða og átulausa og Gullbergið einstaklega vel búið til að halda henni kældri, enda um afbragðs hráefni að ræða.

jsk@frettabladid.is

Írönum boðið til aðildarviðræðna við Alþjóðaviðskiptastofnunina:

Samkomulagið þegar farið að bera ávöxt

GENF, AP Aðeins degi eftir að samkomulag náðist við Íran um kjarnorkumál þeirra ákvað Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO, að hefja á ný viðræður við þá um aðild að stofnuninni. Formlegar viðræður við Íran áttu sér síðast stað árið 1996 en þeim var þá hætt vegna andstöðu Bandaríkjamanna.

Evrópusambandið hafði lýst yfir stuðningi við inngöngu Íran ef þeir létu af áformum sínum um auðgun úrans. Jafnframt hefur þeim verið sagt að þeir geti vænst efnahagslegs og tæknilegs samstarfs. Bandaríkin höfðu í mars síðastliðnum lýst sig tilbúin til að láta af andstöðunni við aðild Írans uppfylltu þeir sett skilyrði.

Utanríkisráðherrar Bretlands, Frakklands og Þýskalands, ásamt utanríkismálastjóra ESB, funduðu í þrjár klukkustundir með samninganefnd Íran, og munu þar hafa gefið í skyn að alþjóðlegum refsiaðgerðum yrði beitt héldu þeir áformum sínum til streitu.

SAMKOMULAGI NÁÐ Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, og Hassan Rowhani, aðalsamningamaður Íran, kynntu samkomulagið í Genf í fyrradag. Þótt Íranar hafi sýnt meiri sveigjanleika um kjarnorkumálin en áður áskilja þeir sér samt rétt til að hefja tilraunir sínar á ný.

Hasan Rowhani, formaður samninganefndar Íran, sagði Íran hafa staðfest fyrri skuldbindingar um að þróa ekki kjarnorkuvopn.

Kálið er þó ekki sopið þótt í ausuna sé komið. Íranar hafa þrátt fyrir samkomulagið sagst áskilja sér rétt til að hefja auðgun úrans á nýjan leik sýnist þeim sem svo. ■

50% afsláttur

af reiðhjólahjálmum ef keypt er nýtt reiðhjól hjá BYKO!

Reiðhjólahjálmar

Reiðhjólahjálmar í úrvali.

Verð frá **2.490**

Bestu BYKO kaupin – Það besta sem við bjóðum

hafðu það gott

26“ REIÐHJÓL

14.900
17.900

Vnr.49602607-8

Reiðhjól

26“ fjallahjól með tveimur dempurum, silfur/rautt eða blátt/svart, 21-gíra, Shimano gírabúnaður, álfelgur, og V-bremsur.

26“ REIÐHJÓL

12.900
17.900

Vnr.49620200-1

Reiðhjól

26“ fjallahjól, MOUNTAIN, blátt eða rautt fyrir karla eða konur. 21 gíra Shimano gírabúnaður, gripshift gíraskipting, álfelgur, demparar, glitaugu, keðjuhlíf og V-bremsur.

SKEMMTILEGRA *sumar*

4.990
5.990

Vnr.50698002-3

Bílstóll

INTRO SP Atlanta bílstóll fyrir 9-36 kg.

Vnr.49620213

Bretti

Bretti fyrir fjallahjól.

1.190

Vnr.90266721

Reiðhjóla-haldari

Reiðhjólahaldari á bílkrók.

1.590
2.143

Vnr.50692300

Reiðhjólastóll

ERGON reiðhjólastóll.

4.990
7.490

Vnr.50698000-1

Bílstóll

Barnabílstóll Solo Atlantic fyrir 9-36 kg.

6.690

Vnr.50698004

Sessa

1.490 1.690

POLO sessa, rauð grá eða blá.

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KÆFANDI HITI Það er ekki aðeins hiti í frönsku stjórnmálalífi þessa dagana heldur er lofthiti einnig með mesta móti. Í gær fór hitinn í París upp í 34°C og því köstuðu margir borgarbúar mæðinni fyrir utan Eiffel-turninn.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkir ályktun:

Vill draga úr skaðlegri notkun áfengis

HEILBRIGÐISMÁL Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur aðildarríki sín til að setja sér skýr markmið til að draga úr skaðlegri notkun áfengis í því skyni að bæta almennt heilsufar þjóða sinna.

DAVÍÐ Á. GUNNARSSON

Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti á nýafstöðnum fundi sínum ályktun þess efnis að aðildarríkin beindu sjónum sínum sérstaklega að heilsuspillandi áhrifum áfengisneyslu á næstunni. Ályktunin er fram komin að frumkvæði Norðurlandanna.

Það kom í hlut Davíðs Á. Gunnarssonar, fráfarandi formanns framkvæmdastjórnar stofnunarinnar, að leiða málið til lykta og skapa samstöðu milli þjóðanna á þinginu um það, en hagsmunir aðildarþjóðanna eru afar mismunandi.

Í ályktuninni er lögð áhersla á að þjóðir heims þurfi að bregðast við aukinni áfengisneyslu, einkum meðal ungmenna og hafa hugfast að ofneysla áfengis er að verða einn af þeim þáttum sem spillir heilsu manna mest. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin metur það svo að um 4 prósent af sjúkdómsbyrði nútímans megi rekja til ofneyslu áfengis. Er hér átt við þátt áfengisneyslu í hjartasjúkdómum, geðsjúkdómum og sjúkdómum sem raktir eru til umferðarslysa svo fátt eitt sé nefnt.

-jss

ÁFENGI Í HILLUM Alþjóðaheilbrigðismálastofnun telur að um fjögur prósent af sjúkdómsbyrði nútímans megi rekja til ofneyslu áfengis.

BANDARÍKIN

HUNDRUÐA MILLJÓNA SKAÐABÆTUR Fyrrverandi vinnuveitendur Erin Weber, útvarpskonu frá Cleveland, voru í fyrradag dæmdir til að greiða henni rúmlega 650 milljónir íslenskra króna í skaðabætur. Weber sagðist hafa orðið fyrir eitrun eftir að vinnufélagi hennar hellti óvart úr flösku af naglalakkseyði í hljóðverinu sem hún náði sér aldrei af.

VILDU VERJA PABBA SINN 56 ára gamall maður í bænum Tróju í Michigan-ríki var á dögunum gripinn glóðvolgur með þýfi í verslunarmiðstöð, meðal annars lakkríspoka og kvenblússu. Þegar öryggisverðir leiddu hann á brott brugðust börn hans, níu og ellefu ára, ókvæða við og réðust á verðina. Nokkuð sá á þeim síðarnefndu eftir átökin.

Ársskýrsla Amnesty:

Hundruð felld í Palestínu

MANNRÉTTINDI Ísraelskar hersveitir felldu að minnsta kosti 700 Palestínumenn á síðasta ári og þar af að minnsta kosti 150 börn. Þetta kemur fram í ársskýrslu Amnesty.

Í skýrslunni segir að lunginn af þessu mannfalli hafi orðið í gálausum skotárásum og loftárásum á íbúðabyggðir óbreyttra borgara.

Þá kemur einnig fram að palestínskir uppreisnarhópar hafi orðið 109 Ísraelum að aldurtila árið 2004, þar af 67 óbreyttum borgurum og átta börnum. Jóhanna Eyjólfsdóttir framkvæmdastjóri Amnesty á Íslandi segir tölurnar í ársskýrslunni byggja á staðfestum fréttum frá frjálsum félagasamtökum sem og opinberum tölum.

-oá

KATRÍN PÉTURSDÓTTIR FYRIR FRAMAN NÝJA HÚSNÆÐIÐ Loksins er langþráður draumur okkar að rætast, segir Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis.

Opna stærstu verksmiðju sinnar tegundar

Lýsi hefur opnað nýjar höfuðstöðvar og verksmiðju sem er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Fyrirtækið hefur ekki annað eftirspurn en sá vandi heyrir nú sögunni til.

FRAMLEIÐSLA Lýsi hefur opnað nýjar höfuðstöðvar við Fiskislóð og tvöfaldast framleiðslugeta fyrirtækisins í nýja húsnæðinu. Nýja verksmiðjan er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Framleiðslugetan er nú sex þúsund tonn á ári.

„Við höfum þurft að vísa frá viðskiptum þar sem ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn þótt unnið hafi verið á vöktum allan sólarhringinn," segir Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis. Með tilkomu nýju verksmiðjunnar verður hægt að anna eftirspurn og gott betur. Katrín reiknar með að verksmiðjan verði nægjanlega stór fyrir framleiðsluna næstu tvö til þrjú árin en segir þó að aldrei sé hægt að fullyrða slíkt með vissu.

Um 90 prósent af framleiðslu Lýsis fer á markað erlendis og eru vörur fyrirtækisins fluttar út til 30 landa. Helstu markaðir eru í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. Katrín segir kaupendur lýsisafurða vera í auknum mæli erlend lyfjafyrirtæki. Þau noti lýsið sem blöndunarefni eða markaðssetja það undir eigin vörumerkjum.

Framkvæmdir við húsið hófust í ársbyrjun 2004. Íslenskir aðalverktakar og Héðinn verksmiðja önnuðust verkið og Landsbanki Íslands sá um fjármögnun. 65 manns starfa hjá Lýsi.

Íslendingar hafa löngum vitað að Lýsi er hollt og vísindamenn hafa sýnt fram á að það er rétt. Katrín segir að nánast mánaðarlega á síðustu árum hafi rannsóknir sýnt ágæti lýsis og þess vegna hafi eftirspurnin eftir því aukist verulega að undanförnu. Hún segist vera dugleg að koma vörunni á framfæri og jafnvel svo mikið að fyrirtækið anni ekki eftirspurn. Skortur sé á hráefni.

Katrín segir að ef fólk borði ekki tvær feitfiskmáltíðir á dag þá verði það að taka inn lýsi. „Það bara verður að fá sér lýsi, það er alveg nauðsynlegt," segir Katrín og vísar í rannsóknir sem sýna hollustu Omega-3 fitusýranna sem má finna í lýsi.

dogg@frettabladid.is

Fagfólk í frítímaþjónustu:

Nýtt fagfélag stofnað

FÉLAGSMÁL Nýtt Félag fagfólks í frítímaþjónustu, FFF, verður stofnað í dag.

Langur aðdragandi hefur verið að stofnun félagsins en slík samtök eru vel þekkt erlendis. Tilgangurinn er að leggja áherslu á mikilvægi frítímaþjónustu og sérþekkingar á málaflokknum. Stofnfundurinn fer fram í félagsmiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti í dag klukkan tvö.

- aöe

ÞÁTTTAKENDUR WORLD FRIENDS Níu manna hópur vinnur að umhverfisverkefnum í Fjarðabyggð.

Fjarðabyggð:

Heimsvinir við störf

SJÁLFBOÐASTARF Níu manna hópur frá World Friends hefur hafið störf í Fjarðabyggð. Þetta er verkefni sem stutt er af Evrópusambandinu og miðar að því að gefa ungu fólki kost á því að vinna að umhverfisverkefnum.

Þátttakendur, sem eru frá Sviss, Danmörku, Bretlandi, Ítalíu og Bandaríkjunum, vinna núna við lagfæringu á stígum í fólkvanginum í Neskaupstað. Þessi hópur verður hér í tvær vikur, en seinna í sumar kemur svo annar hópur til starfa.

- eg

GÓÐAR VÉLAR Í GARÐINN OG SUMARBÚSTAÐINN

MURRAY
Sláttutraktorar
12,5 - 18 hö
Verð frá 170.000

WOLF Garten
Rafm.sláttuvélar
1000W - 1200W
Vandaðar vélar og öflugir mótorar

MURRAY
Garðsláttuvélar
3,5 hö - 6 hö
Sú vinsælasta á góðu verði

WOLF Garten
Garðsláttuvélar
Þýskar gæðasláttuvélar
Fyrir þá sem gera kröfur um gæði

HAYTER
MAKERS OF THE FINEST MOWERS
Garðsláttuvélar
Enskur eðalgripur
Fyrir þá sem gera kröfur um gæði

ÞÓR HF | Reykjavík: Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Akureyri: Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

KOMDU Í PEPSI PÖNNUBOLTA Í SUMAR

Í fyrsta sinn á Íslandi! Pepsi Pönnubolti

Í dag, laugardaginn 28. maí, verður Pepsi-pannan á torginu fyrir utan Hard Rock í Kringlunni, frá kl. 13.00-17.00. Komdu og vertu með. Þú gætir unnið ferð fyrir tvo til Englands í haust, á fótboltaleik að eigin vali!

Mættu á pönnumót og notaðu tappana þína í Pepsi sjoppunni!

Allar upplýsingar á Pepsi.is

ENNEMM / SÍA / NM16482

5.990

adidas

ADIDAS **CORE RIPST PANT** Netfóðraðar herrabuxur. Litur: Dökkbláar og army grænar. Stærðir: S-XXL. Kr. **5.990.** Verð áður: ~~7.140~~

7.990

VERÐ ÁÐUR ~~9.990~~

PUMA

PUMA **BASHY** Flottir götuskór á dömur. Litir: bláir og gráir með bleiku. Stærð: 36-41 kr. **7.990**

6.990

VERÐ ÁÐUR ~~8.990~~

PUMA

PUMA **CONTRE W** Sætur sumardömuskór. Litur: svartir og hvítir. Stærð: 36-41 kr. **6.990**

SPORTFATNAÐUR

NÝJAR VÖRUR

VELKOMIN Í INTERSPORT UM HELGINA!

3.490

Champion

CHAMPION **3/4 PANTS** Netfóðraðar kvartbuxur fyrir herra. Litur: bláar og svartar. Stærðir: S-XXL. Kr. **3.490.** Verð áður: ~~4.490~~

5.990

adidas

VERÐ ÁÐUR ~~6.990~~

ADIDAS **CORE HOODIE** Herra bómullarpeysa m/hettu. Litur: dökkblá og orange/grá. Stærðir: S-XXL kr. **5.990**

3.990

adidas

VERÐ ÁÐUR ~~4.740~~

ADIDAS **CORE 3S LS TEE** Síðerma bómullarbolur fyrir herra. Litur: hvítur og dökkblár. Stærð: S XXL kr. **3.990**

100% ÖRYGGI

við lofum þér lægra verði!

FERÐ TIL KØBEN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Iceland Express

CLUB - LEIKUR INTERSPORT OG ICELAND EXPRESS

Allir Club INTERSPORT meðlimir sem verslað hafa í Intersport á árinu fara sjálfkrafa í pott og eiga möguleika á að vinna ferð í Tívolíið í Köben fyrir alla fjölskylduna með Iceland Express. Þrjár heppnar 4 manna fjölskyldur munu fara í fjölskylduferð, og fá flug, gistingu og miða í tívolí, dregið verður úr pottinum 20. júní, 18. júlí og 22. ágúst.

Intersport Húsgagnahöll SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18 • **Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. -

FRÁBÆR KAUP

CHAMPION STUTTERMABOLIR, DÖMU & HERRA

1.690

VERÐ ÁÐUR ~~1.990~~

Champion

CHAMPION **STUTTERMABOLUR** Fallegur dömubómullarbolur. Litur: hvítur og turqislitur. Stærð: S-XL. Kr. **1.690**

990

VERÐ ÁÐUR ~~1.290~~

Champion

CHAMPION **CREWNECK T-SHIRT** Bómullarstuttermabolur fyrir herra. Litur: rauður, svartur, hvítur og blár. Stærðir: S-XXL kr. **990**

2.490

adidas

ADIDAS **CORE LOGO TEE** Stutterma bómullarbolur fyrir dömur. Litur: hvítur, grár, rauður og orange. Stærðir: 36-42. Kr. **2.490.** Verð áður: ~~2.990~~

5.990

VERÐ ÁÐUR ~~6.990~~

adidas

ADIDAS **CORE W HOODIE** Bómullarpeysa m/hettu. Litir: ljósblá og dökkblá- beige. Stærð: 36-44. Kr. **5.990**

4.990

VERÐ ÁÐUR ~~6.490~~

Champion

CHAMPION **HOODED FULL ZIP SWEATER** Dömu bómullarpeysa rennd með hettu. Litur: bleik og turqueslitur. Stærðir: S-XL. Kr. **4.990**

4.990

adidas

ADIDAS **CORE W KNIT PANT** Bómullarbuxur fyrir dömur. Litir: bláar, hvítar, rauðar og gráar. Stærðir: 36-42. Kr. **4.990.** Verð áður: ~~5.990~~

Opið alla daga

INTERSPORT®

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Club Intersport, sjá nánar á www.intersport.is

FBL. GREINING: SAMEINING SVEITARFÉLAGA Í BORGARFIRÐI NORÐAN SKARÐSHEIÐAR

Hefðum ekki átt að bíða eftir átakinu

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar hefur starfað síðan í maí 2003 en þá áttu þrjú sveitarfélög í sameiningarviðræðum. Þau voru Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit og Hvítársíðuhreppur. Rúmu ári síðar bættist Skorradalshreppur í viðræðurnar. Kolbeinsstaðahreppur bættist svo í hópinn í fyrrahaust en áður hafði verið gert ráð fyrir því að hann sameinaðist sveitarfélögum á Snæfellsnesi.
Að svo komnu stóð til að efna til kosninga um sameiningu þessara fimm sveitarfélaga um haustið. Síðan var ákveðið að bíða þar til í apríl 2005 þar sem vitað var að þá yrði komið af stað átak um sameiningu sveitarfélaganna á vegum félagsmálaráðuneytisins. Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður sameiningarnefndar í

Borgarfirði, norðan Skarðsheiðar segir að það hafi litið út sem skynsamleg ákvörðun á þeim tíma en ekki verið svo í reynd því að í apríl þegar að loks var kosið hefði umræðan í þjóðfélaginu um sameiningu sveitarfélaga verið orðin neikvæð og talsmenn sameiningar komnir í vörn.
Það fór svo að íbúar Skorradalshrepps höfnuðu sameiningu með 62 prósentum greiddra atkvæða en hin sveitarfélögin fjögur samþykktu hana.
Davíð Pétursson, oddviti Skorradalshrepps, benti á að hvergi hefðimeirihluti þeirra sem voru á kjörskrá samþykkt sameininguna.
Þann 4. júní næstkomandi verður haldin önnur kosning í Skorradalshreppi lögum samkvæmt. Á morgun verður haldinn íbúafundur þar sem Skorrdælingar ráða ráðum sínum og þá munu línur líklegast skýrast. Þar mun Sveinbjörn einnig skýra frá sínum sjónarmiðum.

360 gráður

SPURT & SVARAÐ
SAMEINING SVEITARFÉLAGANNA



DAVÍÐ PÉTURSSON

Lýðræðið er minna í stærra sveitarfélagi

Davíð Pétursson, bóndi á Grund í Skorradal, er oddviti í Skorradalshreppi sem nýlega hafnaði sameiningu við nágrannasveitarfélögin. Ef hreppurinn hafnar sameiningu verður hann að kaupa mikið af þeirri þjónustu sem hver íbúi á rétt á. Íbúar hafa þá ekkert um gæði þjónustunar að segja.

Er ekki ólýðræðislegt að búa við slíkar aðstæður?
„Nei, því að þjónustan verður aldrei verri en svo að þeir sem selja hana eru sáttir við hana sjálfir því ekki fara þeir að gera upp á milli og láta okkur hafa verri þjónustu en aðra. Svo tel ég að minna beri á lýðræði í stærri sveitarfélögum en þeim minni einfaldlega vegna þess að íbúarnir skynja síður að þeir hafi einhver raunveruleg áhrif. Þannig að áhugi fólks á því að láta til sín taka dvínar gagnvart þessu. Til dæmis nennti innan við helmingur kosningarbærra manna ekki að kjósa í Borgarbyggð á meðan níu af hverjum tíu í okkar fámenna hreppi sá sér ástæðu til að fara á kjörstað og láta skoðun sína í ljós.
Segðu svo að lýðræðið lifi ekki góðu lífi hér í Skorradal.“

Nú er komið að örlagastundu fyrir Skorrdælinga

Íbúar í Skorradalshreppi ákveða um næstu helgi hvort þeir vilja sameinast nágrannasveitarfélögunum eða ekki. Oddvitinn vísar því á bug að þriðjungur þeirra sem eigi lögheimili í Skorradalshreppi séu sumarbústaðareigendur úr höfuðborginni. Blaðamaður kannaði hvort sameiningarmálið væri í raun aðeins átök um auð.

Íbúar í Skorradalshreppi gera upp hug sinn hvort þeir vilja sameinast nágrannasveitarfélögunum í almennum kosningum á laugardaginn kemur. 23. apríl síðastliðinn voru kosningar í fimm sveitarfélögum þar sem íbúarnir tóku afstöðu til sameiningar sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar. Íbúar fjögurra þeirra samþykktu, það eru íbúar Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps. Íbúar í Skorradalshreppi höfnuðu hinsvegar sameiningu og því verða þeir lögum samkvæmt að kjósa aftur um næstu helgi.

FRÉTTASKÝRING
SKORRDÆLINGAR OG SAMEINING SVEITARFÉLAGA

JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
BLAÐAMAÐUR

Sex af hverjum tíu íbúum í Skorradalshreppi sem mættu á kjörstað höfnuðu sameiningunni og því velta menn því fyrir sér hvort nokkur von sé á öðru en að sameiningunni verði hafnað aftur um næstu helgi.

Sveinbjörn Eyjólfsson, oddviti í Borgarfjarðarsveit og formaður sameiningarnefndar, segir hins vegar að nú standi Skorrdælingar fyrir allt öðrum kostum en í fyrri kosningum. „Þá var ekkert sem sagði að það yrði af neinni sameiningu. Nú liggur hins vegar fyrir vilji sveitarfélaganna fjögurra og því er einfaldlega verið að spyrja Skorrdælinga hvort þeir vilji vera með eða ekki.“

Okkar sumarbústaðir eru í Reykjavík
Davíð Pétursson, oddviti í Skorradalshreppi, segir að gjalda beri varhug við sameiningu. „Við sjáum íbúum okkar fyrir allri þeirri þjónustu sem okkur ber að veita og við náum að halda fasteignagjöldum og útsvari í lágmarki. Hvað ættum við því að græða á sameiningu?“ spyr hann.

Bent hefur verið á að fólk sem búi á höfuðborgarsvæðinu skrái sig sem íbúa í Skorradal og geti þannig greitt atkvæði um sameiningu sveitarfélaga þrátt fyrir að búa ekki á svæðinu. Davíð hefur svar á reiðum höndum. „Margir hérna eiga íbúð í borginni og þaðan kemur þessi misskilningur. Borgarbúar eru með sína sumarbústaði í sveitinni en okkar sumarbústaðir eru í borginni,“ segir Davíð og hlær. Hann bendir á að margir af landsbyggðinni eigi íbúð á höfuðborgarsvæðinu enda verði þeir að skjóta þaki yfir börn sín um leið og þau hafa lokið grunnskólaprófi.

Spurður hvort þriðjungur íbúanna búi í raun annars staðar segir hann að allir skráðir íbúar í Skorradalshreppi hafi löglegt lögheimili þar en margir vinni þó annars staðar og það sé ekki óalgengt í nútímaþjóðfélagi. Það sé líka réttur fólks að hafa búsetu- og atvinnumál sín með þeim hætti og óeðlilegt er að vera grennslast fyrir um hvað fólk eyði miklum tíma á lögheimili sínu.

Er slegist um Skorradalsgróðann?
Á síðasta ári runnu rúmar 22 milljónir í sveitarsjóð Skorradalshrepps. Það eru mun meiri tekjur en hinna sveitarfélaganna sé miðað við íbúa, hver Skorrdælingur gefur af sér rúmar 400 þúsund krónur á ári. Íbúar í Borgarfjarðarsveit fylgja þó fast á hæla þeirra. Skorrdælingar hafa jafnframt miklar tekjur af sumarhúsaleigu og ef heildartekjur hreppsins eru reiknaðar kemur í ljós að þær nema rúmri hálfri milljón á íbúa. Þar slær þeim enginn við.

Borgarfjörður norðan Skarðheiðar.

En snýst þá allt sameiningarmálið um það að nágrannarnir vilji fá hlutdeild í Skorradalsgróðanum en Skorrdælingar vilja ekki deila honum? Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar Borgarbyggðar, segir málið ekki snúast um það því þó að tekjurnar séu háar á hvern íbúa í Skorradal hafi þær ekki svo mikil áhrif á heildarútkomuna.

Davíð segir að sá eini sem muni græða peningalega á sameiningunni væri jöfnunarsjóður þar sem tekjujöfnunarframlag hans verði minna en áður, þetta snúist því ekki um nísku Skorrdælinga gagnvart nágrönnum sínum.

Slæm staða ef þeir hafna sameiningu
En hver verður staða hreppsins ef íbúarnir hafna sameiningu? Er hugsanlegt að nýja sameinaða sveitarfélagið hafni Skorrdælingum um þá þjónustu sem þeir vilja kaupa af því? Páll Brynjarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar, segir að þeir séu enn samningsbundnir Skorrdælingum og þeir samningar haldi þótt Skorrdælingar hafni sameiningu. „Það verður svo bara að meta stöðuna þegar að því kemur að endurnýja þá,“ segir Páll.

PÁLL BRYNJARSSON BÆJARSTJÓRI BORGARBYGGÐAR Páll vill endilega fá Skorrdælinga í lið með sér til að takast á við spennandi verkefni í Borgarfirði en gríðarleg uppbygging á sér stað á svæðinu. Hann segir eins og flestir sem blaðamaður talaði við að Skorrdælinga yrði saknað ef þeir kjósa að fara sinn veg.

Viðmælandi Fréttablaðsins í Borgarfirði sagði blaðamanni hins vegar að ekki yrði mikill áhugi fyrir því að selja Skorrdælingum þjónustu vilji þeir standa fyrir utan hið nýja sameinaða sveitarfélag. Alltént verði ekki tekið á þeim neinum vettlingatökum þegar kæmi að endurnýjun samninga. Annar viðmælandi í Borgarfirði sagðist ekki vera hrifinn af þeim hugsunarhætti Skorrdælinga að öll þjónusta sé góð á meðan aðrir sjái um hana.

Páll segir að nú eigi sér stað gríðarleg uppbygging á svæðinu og Skorrdælingar ættu að sjá sér hag í að taka þátt í henni. Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar Borgarbyggðar, tók í sama streng og sagði að þeirra yrði saknað kæmu þeir ekki með inn í þessa nýju tíma.

Ágúst Árnason sem sæti á í sameiningarnefnd fyrir hönd Skorradalshrepp sagði blaðamanni að hann hefði upphaflega verið á varðbergi gagnvart sameiningu sveitarfélaganna en nú horfi öðruvísi við þar sem það liggi ljóst fyrir að sveitarfélögin verði sameinuð og aðeins spurt hvort Skorrdælingar verði með.

Opinn hreppsnefndarfundur Skorrdælinga verður haldinn á sunnudaginn og þar munu línur væntanlega skýrast. Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður sameiningarnefndar, er einn manna á mælendaskrá og því spurning hvort hann nái að sannfæra granna sína. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

DAVÍÐ PÉTURSSON ODDVITI SKORRADALSHREPPS Davíð á veröndinni á bæ sínum að Grund. Eins og sjá má í baksýn er sveitin fögur í Skorradal, að minnsta kosti frá sjónarhóli oddvitans. Skorrdælingar þurfa hins vegar að gera það upp við sig hvort þeir vilji tilheyra stærra sveitarfélagi eða hvort þeir láti slag standa og sjái um sig sjálfir.



Hlutfall af greiddum atkvæðum.



Heildartekjur á íbúa í krónum.

Höfum OPNAÐ á nýjum stað

Opnunartilboð Cerato
Verð 1.790.000 kr.

2 l vél • 144 hö • ABS • sjálfskipting • álfelgur
sóllúga • CD/útvarp • fjarstýrðar samlæsingar
hiti í framsætum

Opnunartilboð Carens
Verð 1.950.000 kr.

2 l vél • 144 hö • ABS • sjálfskipting
álfelgur • CD/útvarp • fjarstýrðar samlæsingar
hiti í framsætum

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3452

Opnum nýtt söluumboð fyrir KIA bifreiðar að Laugavegi 172, við hlið Hekluhússins. Komdu og skoðaðu úrval fólksbíla og jeppa frá KIA í glæsilegum salarkynnum okkar.

KIA er sá bílaframleiðandi í heiminum sem er í hvað mestum vexti, bæði hvað varðar selda bíla á heimsvísu og gæði framleiðslunnar. Sem dæmi má nefna að KIA Sorento varð nýlega í fyrsta sæti í flokki aldrifsbíla í könnun hins virta rannsóknarfyrirtækis JD Power.

Opið í dag, laugardag, 12 til 16.

KIA MOTORS

HEKLA

KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000 • www.hekla.is

skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna hugsar stórt og tekur frumkvæðið í baráttunni sem er framundan um stjórnartaumana í Reykjavík.

Glæsileg framtíðarsýn

Í gær birtist í fjölmiðlum spennandi framtíðarsýn borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna um eyjaborgina Reykjavík. Hugmyndir flokksins gera ráð fyrir því að stað þess að höfuðborgarbyggðin teygi sig áfram inn til landsins og upp til fjalla, eins og hún stefnir óðfluga núna, verði horft til hafs og borgarbúar taki sér bólfestu á eyjunum fyrir utan strandlengjuna og þær tengdar við meginlandið með landfyllingum, brúm og jarðgöngum.

Þarna er hugsað stórt og glæsilega. Ef þessar hugmyndir komast til framkvæmda munu þær gjörbreyta yfirbragði Reykjavíkur.

Við Íslendingar þekkjum vel fallegar borgir sem standa á eyjum eða skerjagarði. Stokkhólmur er auðvitað ein af stásslegustu borgum heims og þótt Osló sé ekki eins reisuleg er borgarstæðið þar sérstaklega skemmtilegt. Norðmenn hafa verið svo gæfuríkir að varðveita ólíka heima innan höfuðborgar sinnar. Maður er til dæmis ekki nema rétt um tíu mínútur að keyra eða sigla frá steinsteyptum miðbæ Oslóar og út á Bygdö-skagann sem hefur að geyma nokkur af þekktustu söfnum borgarinnar, íbúðarhús og helsta útivistarsvæði Oslóarbúa á sumrin. Og á leiðinni má sjá beljur konungs á beit í haga sínum.

Ef kemur að því að útfæra hugmyndir sjálfstæðismanna nánar ber borgaryfirvöldum skylda til þess að taka mið af því sem vel hefur lukkast í skipulagi annars staðar. Það verður að gæta þess að byggðin á eyjunum á sundum okkar Reykvíkinga verði fjölbreytt og dragi að sér mannlíf en ekki dauðyflisleg úthverfi.

Einn er þó sá galli á hugmyndum sjálfstæðismanna að ekki er tekið á því hvort Reykjavíkurflugvöllur fari eða verði áfram í Vatnsmýrinni, en það hlýtur þó að vera algjört lykilatriði í framtíðarskipulagi höfuðborgarinnar. Sú staðreynd blasir enn augljósar við en áður þegar myndin sem fylgdi hugmyndum sjálfstæðismanna er skoðuð. Flugvöllurinn stendur þar eins og fleygur í miðri framtíðarborginni.

Sjálfstæðismenn boða að vísu bindandi atkvæðagreiðslu um framtíð flugvallarins á næstu árum en af hverju að bíða? Af hverju ekki að útfæra strax tillögur um hvar sé hægt að koma flugvellinum fyrir á höfuborgarsvæðinu sem hluta af þessari framtíðarsýn og leggja í dóm kjósenda í borgarstjórnarkosningunum strax næsta vor? Það er engin ástæða til að beygja sig undir að valið standi milli þess að flugvöllurinn verði um kyrrt eða innanlandsflugið flytjist annars til Keflavíkur eins og þeir halda fram sem vilja hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.

Umfram allt eru hugmyndir sjálfstæðismanna um eyjaborgina Reykjavík þó gott innlegg inn í vaxandi áhuga borgarbúa á skipulagsmálum og með þeim hafa sjálfstæðismenn tekið ákveðið frumkvæði í baráttunni sem er framundan um Reykjavík. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tíðindi?

Ekki er útilokað að til tíðinda geti dregið í íslenskum stjórnmálum á haustdögum. Margt kemur til, svo sem komandi sveitarstjórnarkosningar, þreyta með ríkisstjórnina og landsfundur Sjálfstæðisflokksins. Í kosningunum í vor mun Samfylkingin freista þess að ná lykilstöðu í stærstu sveitarfélögunum. Þó að formaður flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sé ekki sjálf í framboði er almennt litið svo á að þessar kosningar skeri úr um hvort hún muni hafa árangur sem erfiði í nýju hlutverki sínu. Líklegt er að Samfylkingin telji mikilvægara að prófa fylgi sitt í Reykjavík með sjálfstæðu framboði til borgarstjórnar í vor en að halda Reykjavíkurlistanum saman. Það skýrist í haust.

Uppstokkun ráðuneyta

Innan stjórnarflokkannanna ræða menn um viðbúnað við væntanlegri sókn Samfylkingarinnar. Ritstjóri Morgunblaðsins, sem er einn helsti hollvinur ríkisstjórnarinnar, stingur upp á því í leiðara blaðsins í gær að stokkað verði upp í ráðherraliði stjórnarflokkanna strax í haust. Almenningur sé orðinn þreyttur á stjórninni. „Róttæk breyting á verkefnaskiptingu og ráðherraskipan gæti skipt sköpum fyrir flokkana báða í þingkosningunum 2007," segir hann. Á móti hlýtur að vera spurt: Voru ekki spilin stokkuð upp fyrir nokkrum mánuðum, þegar Halldór og Davíð höfðu stólaskipti, Sif fór út og Sigríður Anna inn? Dugir það ekki? Hverjir eru ráðherraefni Morgunblaðsins? Gaman væri að frétta af því.

Formannsskipti?

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins verður væntanlega í október. Þá ræðst hvort breyting verður á forystu flokksins. Ekki er það útilokað. Ef til dæmis formaður flokksins, Davíð Oddsson utanríkisráðherra, tæki ákvörðun um að láta af embætti er næsta líklegt að margir nánustu samstarfsmenn hans í þingflokknum og utan hans hugsuðu sér til hreyfings. Þá yrði hugsanlega breyting á ríkisstjórninni og jafnvel þingflokknum. Kannski er þetta rótin að skrifum ritstjóra Morgunblaðsins.

gm@frettabladid.is

Íbúarnir byggi borgina

LAUGARDAGSBRÉF
BORGIN VIÐ SUNDIN

GUNNAR SMÁRI EGILSSON

Og við höfum búið við þessa geldu hugsun svo lengi að við erum farin að trúa því að hún sé rétt, upprunaleg og sanngjörn – sjáum vart lengur að hún er óréttlát, ósanngjörn, heimskuleg og skaðleg.

Þær tillögur sem sjálfstæðismenn í Reykjavík kynntu á fimmtudaginn eru ekki aðeins góðar – heldur sjálfsagðar. Eini gallinn við þessar tillögur var að sjálfstæðismenn hefðu átt að stíga skrefið til fulls og teikna líka hús í Vatnsmýrina, leggja síðan brú út í vesturbæ Kópavogs, þaðan út á Álftanes og setja þar niður enn fleiri hús steinsnar frá miðbæ Reykjavíkur. Þá værum við komin með borgina við sundin. Borgin við sundin á ekki að einskorðast við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Ég efast um að það séu fleiri en nokkur þúsund íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem hugsa eftir sveitarfélagamörkum. Flestir keyra yfir þau án þess að vita af þeim og fyrir þeim er álíka mikið mál að flytja milli þessara sveitarfélaga og milli hverfa innan sama sveitarfélagsins. Vesturbæingur í Reykjavík tengist þeim sem búa í Grafarvogi jafn mikið – eða lítið – og þeim sem búa í Salahverfi í Kópavogi eða norðurbænum í Hafnarfirði.

Það er löngu tímabært að það fólk sem er ráðið eða kosið til að stýra þessum sveitarfélögum láti væntingar íbúannna ráða stefnunni. Ég held að það séu fimmtán ár síðan Ármann í Ármannsfelli sagði frá því í grein að rétt tæpur helmingur alls ungs fólks sem falaðist eftir húsnæði hjá honum vildi búa í miðbænum eða í nágrenni hans. Ármann átti hins vegar engar íbúðir handa þessu fólki niðri í bæ en nóg af íbúðum í jaðarbyggðum. Ástæðan var sú að lóðaframboð tók ekki mið af vilja eða væntingum íbúanna heldur því sem kerfisfólkinu þótti henta. Svona hefur þetta verið áratugum saman. Höfuðborgin hefur ekki fengið að taka svip af hugmyndum íbúanna um hana – þeir hafa ekki fengið að móta hana og skapa – heldur hefur þeim verið gert að laga sig að skipulaginu. Þetta er sem kunnugt er sovésk hugsun; að þegnarnir lagi sig að kerfinu en ekki öfugt. Og við höfum búið við þessa geldu hugsun svo lengi að við erum farin að trúa því að hún sé rétt, upprunaleg og sanngjörn – sjáum vart lengur að hún er óréttlát, ósanngjörn, heimskuleg og skaðleg.

Það má sjá nauðhyggju kerfisfólksins víða um höfuðborgarsvæðið. Á sama tíma og Kópavogur er kominn upp að Elliðavatni og Hafnarfjörður út í Straumsvík sitja yfirvöld í Garðabæ á miklu betra byggingarlandi eins og ormur á gulli. Í þeim bæ varð sú stefna ofan á að taka nýbúa í afar smáum skömmtum inn í bæjarfélagið af ótta við að sjálfstæðismenn misstu meirihluta sinn. Þeir vildu ekki hætta á að allaballar, kratar eða frammarar færu að flykkjast í bæinn. Minnismerki um þessa mannfjandsamlegu skipulagsstefnu má sjá í óbyggðum melum og móum milli blómlegra byggða Kópavogs og Hafnarfjarðar. Kostnaðurinn við stefnuna liggur í tíma- og bensínsóun fólks sem keyrir framhjá þessu góða byggingarlandi til að komast í og úr vinnu, til og frá þjónustu.

Þær hugmyndir sem sjálfstæðismenn í Reykjavík hafa kynnt fara nærri væntingum meirihluta yngri íbúa höfuðborgarsvæðisins – þess hluta íbúanna sem kemur málið yfirhöfuð við. Þegar kemur að skipulagsmálum á fyrst og fremst að hlusta á fólk undir fertugu. Það er fólkið sem mun lifa í borginni sem er verið að skipuleggja. Við hin verðum að sætta okkur við að við lifðum og störfuðum í borg glataðra tækifæra; áttum fallegt bæjarstæði en nýttum það ekki; byggðum við sjóinn án þess að sjá hann eða heyra; bjuggum í borg sem gat ekki af sér borgarlíf af því byggðin var of dreifð.

Ég efast um að ungt fólk í dag vilji frekar búa við Úlfarsfell en þegar Ármann í Ármannsfelli skrifaði greinina um árið. Ef eitthvað er held ég að vilji yngra fólks til að skapa hér borgarumhverfi hafi vaxið. Það má til dæmis sjá í Þingholtunum, hverfi sem einstaklingar hafa gert upp á eigin spýtur og fyrir eigið fé – oft í andstöðu við þunglamalegt borgarkerfið. Sjálfstæðismenn í Reykjavík gerðu virðingarverða tilraun á fimmtudaginn til að nálgast þetta unga fólk sem vill búa í borg. Tillögur þeirra eru sjálfsagður grunnur að endurskoðun skipulagsmála á höfuðborgarsvæðinu; svo sjálfsagður að það væri óendanlega heimskulegt af öðrum stjórnmálaflokkum að taka ekki strax undir þessar tillögur í stað þess – sem því miður er líklegra – að hlaupa til og teikna eigið skipulag, þar sem samviskusamlega er byggt á öllum óbyggðum svæðum sjálfstæðismanna og móar og melar friðaðir hvar sem sjálfstæðismenn setja niður hús. ■

HRINGSNÚRUR

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
REYKJAVÍK: Ármúla 11 - sími 568 1500 - AKUREYRI: Lónsbakka - sími: 461 1070 - www.thor.is

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Bónus við brúna Borgarnesi

opnar tíu í dag!

FRÁBÆR TILBOÐ, ÓTRÚLEGT VERÐ

Bíltúr sem borgar sig...



Bónus býður betur!

Opnunartilboð í tugatali!

EBANY/Landlist

MAÐUR VIKUNNAR

Málefnalegur hugsjónamaður

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON
VARAFORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Ágúst Ólafur Ágústsson stal næstum því sennunni frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur á nýafstöðnum landsfundi Samfylkingarinnar. Ekki vegna þess að kjör hans í embætti varaformanns hafi komið á óvart heldur vegna sögusagna á fundinum og eftir hann um að Ágúst Ólafur og nánustu samherjar hans hafi ekki staðið eðlilega að verki við kosninguna. Sagt er að þeir hafi smalað ótæpilega á kjörstað, greitt kjörgögn fyrir á þriðja hundrað manns og skilað fjölda kjörseðla í einu, sem er óheimilt. Sennilega eru þessar sögur nokkuð ýktar og flest bendir til þess að þarna hafi að minnsta kosti ekki verið brotið blað hvað kosningar hjá stjórnmálaflokki varðar. Það styrkir þessa skoðun að þeir sem þekkja Ágúst Ólaf persónulega og eru óháðir Samfylkingunni segja hann einstaklega heiðarlegan og vandaðan.

Ágúst Ólafur er af þekktri fjölskyldu. Faðir hans er Ágúst Einarsson, prófessor og fyrrum þingmaður Alþýðuflokksins, sonur Einars ríka í Eyjum. Móðir hans er Kolbrún Ingólfsdóttir meinatæknir. Ágúst ólst upp í Reykjavík við góð kjör, yngstur þriggja bræðra, var feiminn og hlédrægur í æsku en fór að hafa sig í frammi í Menntaskólanum í Reykjavík þar sem hann var kosinn forseti skólafélagsins Framtíðarinnar. Eftir stúdentspróf 1997 innritaðist hann í lögfræði og lauk laganámi á síðasta ári. Í Háskólanum starfaði hann með stúdentafélaginu Röskvu. Í Háskólanum kynntist hann líka konu sinni, Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, sem var einn af forystumönnum Vöku. Þótt hún hafi starfað á vettvangi Sjálfstæðisflokksins telja menn lítinn mun á stjórnmálaviðhorfum þeirra hjóna. Ágúst Ólafur er alinn upp í hugmyndaheimi hægri arms gamla Alþýðuflokksins og er enginn róttæklingur í skoðunum. Áhugamál hans eru ýmis félagsmál, velferðarmál og réttlætismál og má tala um hann sem hugsjónamann á því sviði. Baráttu hans fyrir því að afnema fyrningar í kynferðisbrotamálum vakti mikla athygli nú í vor. Þá hefur hann látið til sín taka heimilisofbeldi, þunglyndi eldri borgara og málefni ungra fanga, svo nokkuð sé nefnt, og þykir hafa sett sig vel inn í þessa málaflokka. Á Alþingi er hann ekki í hópi andríkustu mælsku- og upphlaupsmanna heldur er hann alvörugefinn í framgöngu og sýnir vilja til að taka málefnalega á umræðuefnum.



TEIKN: HELGI SIG. WWW.HUGVERK.AIS

Ágúst Ólafur er virkur í stjórnmálabaráttunni og heldur meðal annars úti vefsíðunni agustolafur.is þar sem hægt er að kynnast skoðunum hans. Er síðan reglulega uppfærð með nýjum greinum.

Sagt er að Ingibjörg Sólrún hefði frekar kosið að sjá keppinaut Ágústs Ólafs, Lúðvík Bergvinsson, sem varaformann Samfylkingarinnar. Líklega þykir henni Ágúst Ólafur of langt til hægri. En vel má vera að það verði Samfylkingunni fremur til framdráttar en hitt eftir næstu þingkosningar að hafa í forystusveitinni mann eins og hann sem hugsanlega gæti opnað leiðir þar sem aðrir í forystunni koma að lestum dyrum. ■

Kjósendur sviptir atkvæði sínu

BRJÁNN GUÐJÓNSSON
SKRIFAR UM FLOKKASKIPTI

Menn mega skipta um skoðanir og lífssýn ef því er að skipta. Það sem mér finnst hinsvegar athyglisvert er að þingsætið skuli fylgja þingmanni sem skiptir um flokk.

Nýlega skipti einn þingmaður á hinu háa Alþingi um lið. Honum hefur fundist hann eiga meiri samleið með öðru liði en því er hann var áður hluti af og því tekið þá ákvörðun að skipta. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem svona lagað hendir og sennilega ekki það síðasta. Allt er það gott og blessað. Menn mega skipta um skoðanir og lífssýn ef því er að skipta. Það sem mér finnst hinsvegar athyglisvert er að þingsætið skuli fylgja þingmanni sem skiptir um flokk. Ísland er lýðræðisríki. Í það minnsta viljum við að svo sé og teljum að svo sé. Hinn almenni þegn hefur lögvarinn rétt til að hafa áhrif á stjórn ríkisins, gegnum þingið. Þegnarnir ganga að kjörborði fjórða hvert ár og velja sinn fulltrúann hver. Hugmyndin er sú að samsetning þingsins endurspegli vilja þjóðarinnar sem best. Þetta er víst kallað þingræði. Í kosningum hefur hver þegn, 18 ára og eldri, eitt atkvæði. Hann má velja einhvern þeirra fulltrúa sem boðið hafa sig fram til þingsetu. Fulltrúarnir eru hópar einstaklinga með skilgreinda sameiginlega stefnu og markmið. Fulltrúarnir eru semsagt flokkar manna, kallaðir stjórnmálaflokkar. Á Íslandi eru þessir flokkar auðkenndir, á kjörseðlinum, með listabókstöfum. Ekki má velja einstaklinga eftir eigin höfði úr mismunandi flokkum, þótt breyta megi röð einstaklinga innan þess lista sem kosinn er. Það er því ótvírætt að þegnarnir eru fyrst og fremst að kjósa flokk en ekki menn. Þótt samsetning framboðslista flokkanna hafi eflaust einhver áhrif á einhverja kjósendur er ekkert haldbært til sem sannar að svo sé. Aftur að þingmanninum sem ég gat um í upphafi. Nú hefur hann skipt um lið og tekið þingsæti sitt með sér. Ég geri ráð fyrir að það sé allt samkvæmt gildandi lögum og reglum, að þingsætið fylgi honum. Því hlýt ég að spyrja: samræmist það lýðræðisfyrirkomulagi að einn maður geti, að eigin geðþótta, svipt kjósendur atkvæði sínu? Atkvæði sem þeir veittu flokknum sem þeir töldu best til þess fallinn að framfylgja stefnu sem samræmdist helst þeirra eigin lífssýn, eða treystu best til að gæta hagsmuna sinna. Hver svo sem ástæðan er hjá hverjum og einum að veita flokki atkvæði sitt, þá er það flokkurinn sem hlýtur atkvæðið. Liðsheildin. Stefnan. Hvort sem það er þessi þingmaður sem á í hlut eða einhver annar. Þessi flokkurinn eða hinn. Það skiptir engu. Flokkurinn hlýtur atkvæðin og þar með þingsætin. Vilji menn breyta því og láta þingsætin fylgja þingmönnunum ættu menn að breyta kosningafyrirkomulaginu og kjósa menn beinni kosningu. Það er hinsvegar önnur umræða.

Höfundur er tölvunarfræðingur.

Að hætta að reykja

Ég var staddur á ráðstefnunni Loft 2004 síðasta haust. Í erindum þar kom fram að meiri árangur næðist í reykleysismeðferðum sem blönduðu saman fleiri en einni aðferð. Rannsóknir sýna að sambland hugafars- og nikótínmeðferðar sé sú leið sem gagnast einna best. Með það í huga hef ég gert áhrifaríkar breytingar á eigin námskeiðahaldi. Allir sem hafa hætt að reykja lengur en í þrjár vikur og byrjað aftur vita að fyrsti smókurinn hefur ekkert með nikótínþörfina að gera. Hugarfarið ræður ríkjum. Ég hef nýverið lært áhrifaríkar kennsluleiðir og mun nota þær til að kenna fólki að breyta hugarfarinu með afgerandi hætti. Í gegnum tíðina hef ég verið andsnúinn notkun nikótínlyfja en hef snúið við blaðinu í þeim efnum. Mér þykir mikilvægara að hjálpa fólki að hætta reykingum en að hafa rétt fyrir mér. Þeir sem vilja munu héðan í frá fá ráðleggingar varðandi notkun nikótínlyfja á námskeiðum mínum. Einnig mun ég fylgja námskeiðunum eftir með símtölum til þeirra sem þess óska. Rannsóknir sýna að eftirfylgni eykur árangur reykleysismeðferða töluvert. Ég mun því hringja í fólk eftir eina viku, einn mánuð, tvo mánuði, þrjá mánuði og sex mánuði. Alls fimm símtöl. Allir sem taka þátt í námskeiði mínu fá bókina Þú getur hætt að reykja, sem hefur selst í þúsundum eintaka, og geta notað hana sem stuðningstæki þegar á reynir. Samkvæmt öllum rannsóknum ætti árangur námskeiðsins að aukast margfalt á við það sem hann var áður.

GUÐJÓN BERGMANN

Höfundur er ráðgjafi.

AF NETINU

Blaðið og Samfylkingin

Ég hef varla náð að koma mér upp skoðun á Blaðinu, hinu nýja dagblaði landsmanna ennþá, en mér sýnist nú vanta nokkuð upp á að blaðið verði raunverulegur valkostur við önnur dagblöð. En ég fagna auðvitað aukinni fjölbreytni og vonandi tekst forsvarsmönnum Blaðsins ætlunarverk sitt. En ég hrökk við þegar ég sá að Blaðið, sem hefur ekki tekist afgerandi afstöðu í málum hingað til, sendi nýkjörnum varaformanni Samfylkingarinnar tóninn í ritstjórnargrein nýverið og vandaði honum ekki kveðjurnar. Virðist sem fari mjög fyrir brjóstið á mörgum innan Samfylkingarinnar hversu Ágúst Ólafur virðist hafa mikið fylgi meðal ungs Samfylkingarfólks og það hafi flykkst á fundinn rétt fyrir kosningu og greitt sínum manni atkvæði. Ég veit ekkert um þetta, en mér sýnist nú að Lúðvík Bergvinsson og hans menn séu nú fyrst og fremst súrir og tapsárir yfir lyktum mála. Lúðvík hefur stundað það á þingi og í fjölmiðlum að kasta svokölluðum „skítabombum“ og Ágúst Ólafur verður fyrir þeim núna, en ekki við sem tengjumst ríkisstjórninni. En aftur að Blaðinu og hinni harkalegu gagnrýni þess á Ágúst Ólaf. ... Ég heyrði því ... fleygt að næsti ritstjóri þess verði Karl Th. Birgisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar. Karl er mikill stuðningsmaður og vinur Lúðvíks Bergvinssonar og hefur oft tekið málstað hans opinberlega, m.a. í frægum pistlum gegn Össuri Skarphéðinssyni, sem ég hef áður gert að umtalsefni í þessum pistlum mínum. Ég sel það þó ekki dýrara en ég keypti það...

Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

I ♥ CLEAN PLUS®

Clean Plus® blautklútar eru nýjung sem auðvelda þrifin á bílnum!

Clean Plus® vörur eru fyrsta flokks gæðavörur á samkeppnishæfu verði.
Clean Plus® vörur gera þrifin á bílnum auðveldari.
Clean Plus® er fyrir nútíma bílaeigendur!

Fæst í helstu stórmörkuðum, byggingavöruverslunum og víðar.

Dreifing K. Richter hf.
www.krichter.is

www.cleanplusautocare.com

CLEAN PLUS® AUTO CARE

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Landvernd óskar Bláa Lóninu – heilsulind

til hamingju með Bláfánann

þriðja árið í röð

Baðströndum er veittur Bláfáninn ef þar hefur verið kappkostað að vernda umhverfið, bæta öryggismál og aðstöðu á baðströndinni og veita fræðslu um náttúruna og umhverfisvernd.

Bláfáninn er alþjóðlegt merki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun umhverfis hafna og baðstranda. Bláfánann hljóta þeir einir sem leggja sig fram um að auka hreinlæti, gæði og þjónustu stranda og smábátahafna og stuðla að verndun umhverfisins.

Alþjóðlegt merki Bláfánans.

LANDVERND

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.985 **-0,31%** **Fjöldi viðskipta:** 134 **Velta:** 782 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Þormóður Rammi	5,48%	Marel	-0,88%
Bakkavör	1,19%	Straumur	-0,85%
FL Group	1,05%	Íslandsbanki	-0,76%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,50 -0,25% ... Atorka 5,96 – ... Bakkavör 34,00 +1,19% ... Burðarás 13,90 -0,36% ... FL Group 14,50 +1,05% ... Flaga 4,97 -0,60% ... Íslandsbanki 13,05 -0,76% ... KB banki 524,00 -0,57% ... Kögun 61,70 -0,16% ... Landsbankinn 16,10 +0,63% ... Marel 56,00 -0,88% ... Og fjarskipti 4,09 -0,49% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,70 -0,85% ... Össur 76,50 -0,65%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Mikil aukning á vöruinnflutningi

Vöruskiptajöfnuðurinn verður enn óhagstæðari.

Fyrstu fjóra mánuði ársins var mun meira flutt inn til landsins en frá því og var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um sextán milljarða króna, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Á sama tímabili í fyrra var hallinn á vöruskiptum hins vegar 3,4 milljarðar. Í prósentum jókst hallinn tæplega fjórfalt. Vöruskiptin í apríl voru óhagstæð um 4,4 milljarða króna, sem er mikil breyting frá apríl árið 2004 þegar hallinn var 2,9 milljarðar á föstu gengi.

VÖRUSKIPTIN VIÐ ÚTLÖND JANÚAR-APRÍL '04 OG '05 Í MILLJÓNUM KR.

	2004	2005
Útflutningur	62.538	63.767
Innflutningur	65.929	79.772
Vöruskiptajöfnuður	-3.391	-16.005

Heimild: Hagstofa Íslands

MEIRA FLUTT INN EN ÚT Vöruinnflutningur jókst um fimmtung á fyrstu fjórum mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Vöruútflutningur jókst aðeins um tvö prósent og eykst því vöruskiptahallinn um 370 prósent á milli ára.

Verðmæti vöruútflutnings jókst um 1,2 milljarða króna eða tvö prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Sjávarafurðir eru um 60 prósent alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um hálft prósentustig. Iðnaðarvörur voru um 35 prósent útflutningsins. Miklu meiri vöxtur var í verðmæti vöruinnflutnings, sem var um rúmlega fjórðungi meiri en í fyrra, um tæpa fjórtán milljarða króna. Aukningin varð mest í innflutningi fólksbíla, fjárfestingarvöru og hrá- og rekstrarvöru. **- eþa**

ÞORSTEINN VILHELMSSON, SKIP SAMHERJA Samherji hagnaðist um 676 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Félagið er á leiðinni úr Kauphöllinni.

Samherji hagnast

Hagnaður Samherja á fyrsta ársfjórðungi var 676 milljónir króna sem er svipuð niðurstaða og á sama tímabili í fyrra.. Rekstrartekjur námu um 5,7 milljörðum en rekstrargjöld um fimm milljörðum. Rekstrartekjur voru hærri en bæði Íslandsbanki og KB banki spáðu fyrir um. Eigið fé Samherja var tólf milljarðar króna en heildareignir um 29 milljarðar.

Samherji verður tekinn af hlutabréfamarkaði í júlí, enda eru stærstu eigendur félagsins búni að gera með sér samkomulag um að yfirtaka það og hafa gert öðrum hluthöfum tilboð. **- eþa**

SPÁR OG AFKOMA SAMHERJA

Hagnaður	676
Spá Íslandsbanka	438
Spá KB banka	675
Meðaltalsspá	557

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ Vefrit fjármálaráðuneytisins greinir frá því að hagvaxtarhorfur hér á landi séu miklu betri en í nágrannalöndunum um þessar mundir.

Góð staða á Íslandi

Hagvöxtur er miklu meiri á Íslandi en hinum Norðurlöndunum um þessar mundir. Atvinnuleysi hér er líka miklum mun minna en verðbólgan er hærri hér á landi.

Í Vefriti fjármálaráðuneytisins í vikunni er gerður samanburður á helstu hagstærðum á Norðurlöndunum árin 2004 til 2006. Að meðaltali verður hagvöxtur á Íslandi 5,6 prósent. Í Finnlandi verður hagvöxturinn 3,2 prósent, 3,1 prósent í Svíþjóð, 2,8 prósent í Noregi og 2,3 prósent í Danmörku.

Atvinnuleysi á Norðurlöndum er lítið í evrópskum samanburði en þó langmest í Finnlandi, 8,4 prósent í ár, en minnst á Íslandi, 2,4 prósent.

Verðbólga verður að meðaltali 3,6 prósent á Íslandi á umræddu tímabili samkvæmt spám. En minnsta verðbólga á Norðurlöndum er í Finnlandi. 1,2 prósent í ár og 1,4 prósent á næsta ári. ■

Lífsstíll!

SWIFT

frumsýning
laugardag og sunnudag frá 12-17

Hugtök, Mai 05

Swift er nýr bíll frá grunni, hannaður í Evrópu fyrir Evrópumarkað.

Swift er bíll sem setur alveg ný viðmið
í hönnun, útliti og aksturseiginleikum minni fólksbíla.
Swiftinn er mættur - komdu að leika!

NÝR

Lífsstíll!

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

UMMÆLI VIKUNNAR

„Kannski er þessi framtíðarsýn til vitnis um það að sjálfstæðismenn telji að næstu borgarstjórnarkosningar séu fyrirfram tapaðar.“

Alfreð Þorsteinsson, R-listanum og formaður borgarráðs, um hugmyndir borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins um 30 þúsund manna byggð út með ströndum og í eyjum á sundunum við Reykjavík.

stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

Formaður Samfylkingar um Helguvík:

Kanna þarf arðsemi og umhverfisáhrif

„Áður en hægt er að taka afstöðu til álvers í Helguvík þarf fyrst að kanna arðsemi jafnt álversins og þeirra jarðvarmavirkjana sem því tengjast. Jafnframt finnst mér ljóst að fara þarf yfir umhverfisþætti málsins,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, vegna þeirrar umræðu sem verið hefur um fyrirhugað álver í Helguvík og aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur að orkusölu til þess.

Ingibjörg telur ljóst að mikill kaupendamarkaður sé á raforku um þessar mundir. „Orkuveitan ætti að hugsa sig vel um þar sem ýmsir kostir eru í boði og margir virðast hafa áhuga. Þeir sem eru á orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur ættu að njóta góðs af því,“ segir Ingibjörg Sólrún. Hún segir einnig að varhugavert geti verið að einblína of mikið á stóriðju í atvinnuuppbyggingu. Hún megi ekki yfirskyggja allar aðrar atvinnugreinar.

Af fréttum síðustu daga má ljóst vera að flokkarnir sem standa að Reykjavíkurlistanum hafa mismunandi sýn á álversuppbyggingu, svo sem í Helguvík. Framsókn er henni hlynnt, Vinstri-grænir andvígir en Samfylkingin vill fara sér hægt.

- hb

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR
Stóriðja má ekki yfirskyggja aðrar atvinnugreinar.

VIKA Í PÓLITÍK
JÓHANN HAUKSSON

Vatnsmýrin afskipt

Mörgum virðist sem umræðan um Vatnsmýrina og Reykjavíkurflugvöll sé í hörðum hnút. Rétt eins og enginn vilji taka af skarið og hrófli helst ekki við málinu nema með spýtu.

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins kynnti fyrir helgina nýstárlegar hugmyndir um allt að 30 þúsund manna byggð með norðanverðri strandlengju borgarinnar og í eyjunum við sundin. Töldu þetta síst dýrari kost fyrir húsbyggjendur en að brjóta land uppi við Úlfarsfell undir lóðir. Eða annars staðar til fjalla eins og borgarstjórnarminnihlutinn orðar það. Sjalfstæðismenn höfðu á orði að hver fermetri uppfyllingar þyrfti ekki að kosta meira en sex þúsund krónur. Gróflega. Þá kostar 300 fermetra lóð átján hundruð þúsund krónur á uppfyllingu út í Álfsey. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir þetta hins vegar óraunhæft og allt of dýrt.

Stokkhólmur, hin fagra höfuðborg Svía, er reist á hólmum. Brýr og göng tengja eyjarnar og hólmana rétt eins og gert er ráð fyrir í hugmyndum sjálfstæðismanna. Þetta er allt saman hægt og mikilsvert að setja fram hugmyndir. Meira að segja Alfreð Þorsteinsson, formaður borgarráðs, sagði hugmyndirnar forvitnilegar og athyglisverðar. En bætti við að óbætt hjá garði stæði Vatnsmýrin með rými fyrir 25 þúsund íbúa.

Á upplýsandi korti borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins gefur að líta Sundabraut og byggð á eyjunum, brýr og göng. En í Vatnsmýrinni er ekkert. Ekki merktur inn flugvöllur og ekki byggð. Bara eitthvað sem líkist túnum eða kornökrum. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sagði við Fréttablaðið á föstudag, að í fyllingu tímans yrði að bera framtíð Reykjavíkurflugvallar undir kjósendur með bindandi atkvæðagreiðslu. En fyrst yrði að gaumgæfa alla kosti.

Allir vita að flugvöllurinn fer úr Vatnsmýrinni. Af hverju vilja stjórnmálaflokkarnir ekki láta reyna á fylgið við þá hugmynd í borgarstjórnarkosningunum að ári liðnu?

VATNSMÝRIN FYRIR FRAMKVÆMDIR VIÐ HRINGBRAUT Stjórnmálaöflin virðast hikandi við að taka af skarið um hver skuli vera framtíð Vatnsmýrarinnar og hvað verði um flugvöllinn sem þar er.

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð og Fossvogskirkjugarð

Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2703

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMIS

Fallvölt ímynd í stjórnmálum

Hveitibrauðsdögum nýrrar forystu Samfylkingarinnar lauk á fyrsta degi eftir tímamótalandsfund um síðustu helgi. Trúverðugleikinn er á vogarskálum þar sem Ágúst Ólafur Ágústsson verst ásökunum um að hafa beitt sviksamlegum vinnubrögðum í kjöri um embætti varaformanns.

FORMAÐUR OG VARAFORMAÐUR FAGNA KJÖRI Á LANDSFUNDI Viku eftir tímamótalandsfund og glæst fyrirheit í farteskinu glímir nýkjörin forysta Samfylkingarinnar við tortryggni fjölmiðla og jafnvel eigin flokksmanna um kjör varaformanns.

Nýr formaður Samfylkingarinnar hlaut glæsta kosningu á nýafstöðnum landsfundi. Flokksmönnum hefur fjölgað um sjö þúsund frá áramótum. Skriður er á málefnavinnu hjá jafnaðarmannaflokki sem gerir tilkall til valda í næstu þingkosningum. Þetta er flokkur sem mælist varla lengur undir þrjátíu prósenta fylgi í skoðanakönnunum. Styrkur íslenskra jafnaðarmanna er meiri nú en nokkru sinni fyrr í 90 ára sögu íslenska flokkakerfisins. Sérfræðingar í almannatengslum og ímyndarfræðum eru sjálfsagt sammála um að sú mynd sem dregin var upp af Samfylkingunni í tengslum við landsfundinn hafi verið glæst og vel heppnuð. Og þannig fái aukið vægi orð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur flokksformanns um að breytingar þoli enga bið og flokkurinn ætli alla leið.

FRÉTTASKÝRING
SAMFYLKINGIN EFTIR LANDSFUND

JÓHANN HAUKSSON
BLAÐAMAÐUR

Maðkur í mysu?

En ekki var búið að taka niður fánaborgirnar við Egilshöll þegar vandræðin hófust. Maðkur í mysu við kjör á varaformanni Samfylkingarinnar. Úrsagnir úr flokknum. Óánægja og brigslyrði. Varaformaðurinn ungi tekinn á beinið í DV fyrir meint kosningasvik. Keypti hann sér sigur með því að smala ungliðum á landsfundarstað í Egilshöll rétt á meðan kosningin fór fram? Greiddi hann fyrir með kóki og pítsum, spyr blaðið.

Kjörstjórn landsfundar Samfylkingarinnar sá sig knúna til þess að lýsa yfir sakleysi varaformannsins í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér fyrir helgina. Allt hefði verið löglegt og rétt að kosningum staðið. Ágúst Ólafur varaformaður birtist í viðtölum þar sem hann sór af sér sviksemi og taldi ásakanirnar fáránlegar.

Aðferðir ungliða skipta ekki sköpum

Hefur ekki verið sagt satt um varaformannskjör Samfylkingarinnar? Skyldi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafa fagnað nýkjörnum varaformanni á sviðinu í Egilshöll, faðmað hann að sér en klipið létt í handlegginn á honum svo enginn sá og sagt: Svona gerir maður ekki. Orðrétt sagði Ingibjörg Sólrún við Fréttablaðið 23. maí síðastliðinn: „Ágúst Ólafur Ágústsson stimplar sig mjög sterkt inn í pólítíkina með framboði sínu til varaformannsembættisins. Hann fékk afgerandi stuðning og það skiptir máli. Mér sýnist munurinn hafa verið það mikill á honum og Lúðvík Bergvinssyni að aðferðir stuðningsmanna Ágústs hafi ekki skipt sköpum.“

Tveimur dögum áður sagði Ágúst Ólafur þegar Fréttablaðið spurði hann um sérstakan stuðning ungliða við framboð hans: „Ég hef ekki hugmynd um hvort svo sé. Ég færi að sjálfsögðu ekki í þennan slag ef ég hefði aðeins stuðning frá ungliðunum.“

Hvaðan kemur óánægjan?

Því hefur ekki verið mótmælt að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hallaði sér í aðdraganda landsfundar Samfylkingarinnar fremur að Lúðvík Bergvinssyni sem varaformannsefni en Ágústi Ólafi Ágústssyni, sem lengstum hafði verið talinn stuðningsmaður Össurar Skarphéðinssonar. Hún kaus hins vegar að hafa þann stuðning ekki opinberan né afgerandi á landsfundinum eða í aðdraganda hans. Það þarf ekki að koma á óvart og mætti líta á sem stjórnkænsku. Á það er einnig að líta að Ágúst Ólafur lýsti yfir hlutleysi sínu gagnvart formannskjörinu. Það gerði Lúðvík Bergvinsson einnig. Hann kvaðst hafa unnið náið með Össuri fráfarandi formanni undanfarin fimm ár og sæi ekkert því til fyrirstöðu að vinna einnig með Ingibjörgu Sólrúnu næði hún kjöri.

Með gildum rökum mætti halda fram að eftirmál vegna varaformannskjörs Samfylkingarinnar séu ekki runnin undan rifjum stuðningsmanna Össurar Skarphéðinssonar. Áttu þeir ekki þvert á móti að gleðjast yfir yfir kjöri Ágústs sem hafði verið dreginn í dilk með þeim?

Varla kemur óánægjan frá hörðum stuðningsmönnum nýkjörins formanns. Yfirlýsingar Ingibjargar Sólrúnar um varaformannskjörið benda fremur til þess að hún ætli sér að vinna að friði um varaformanninn, en hefur þó sagst ætla að fara yfir málið. Leiði frekari skoðun eitthvað nýtt í ljós má búast við að málið vandist og kjörstjórn landsfundarins þurfi að draga í land. Ólíklegt er að slíkt gerist.

Lögmætar en óvandaðar aðferðir?

Varaformannskjör fór fram í mesta lagi tveimur klukkustundum eftir að úrslit voru tilkynnt í langvinnum formannslag Samfylkingarinnar. Þátttakan í varaformannskjörinu var yfir 90 próent og getur varla talist óeðlileg í ljósi þess að landsfundarsalurinn var enn þéttskipaður eftir að úrslit í formannsslagnum voru kunngerð.

Því verður einnig að halda til haga að einstökum aðildarfélögum er heimilt að greiða landsfundargjald fyrir fulltrúa sína og styrkja þá með þeim hætti til fundarsetu. Jafnvel þótt sannaðist að ungir jafnaðarmenn hefðu greitt gjöld fulltrúa sinna í ríkum mæli að þessu sinni telst það engu að síður lögmætt.

Fyrir hverja tíu í einstökum aðildarfélögum Samfylkingarinnar hefur einn rétt til setu á landsfundi. Hafi félögum í Samfylkingunni fjölgað um sex til sjö þúsund frá áramótum var við því að búast að fullgildum fulltrúum á landsfundi fjölgaði um mörg hundruð. Vel má vera að þar hafi ungliðar verið áberandi og einhvern tíma hefði það þótt góðs viti í stjórnmálahreyfingu að fá ungt fólk til liðs við málstaðinn.

Áfallahjálp

Í fræðum um almannatengsl og ímyndarsköpun eru ævinlega ítarlegir kaflar um kerfisbundin viðbrögð gegn áföllum. Einskonar áfallastjórnun. Þessi fræði ganga út á það að draga sem mest úr afleiðingum af óhöppum, hneykslum og ýmsum vanda sem skaðað getur ímynd og þar með markaðshagsmuni fyrirtækja eða félaga. Þetta getur sannarlega átt við um stjórnmálaflokka og hagsmunasamtök.

Ein þumalfingursreglan í þessum fræðum er að segja allt af létta. Segja satt um ástand mála og bæta trúverðugleikann með þeim hætti jafnvel þó svo að tímabundinn skaði sé óumflýjanlegur. Eiga beinlínis frumkvæði að því að vinda ofan af málinu og með vissum hætti að slá vopnin úr höndum fjölmiðla sem heimta breiðfyrirsagnir. Spurningin er hvort Samfylkingin og ráðgjafar hennar viti af þessari þumalfingursreglu.

Ótrúlegt verð

Gerðu verðsamanburð!

singstar™

Einnig fáanlegt með 2 míkrófónum
4.999kr

2.899kr
Alm. verð 3.499-

2.899kr
Alm. verð 3.499-

2.899kr
Alm. verð 3.499-

Skemmtilegt barnaefni

1.499kr

1.499kr

1.499kr

1.799kr
Alm. verð 2.399-

Gildir til 30. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

ALFRED ADLER (1870-1937)
lést þennan dag.

„Það er alltaf auðveldara að berjast fyrir hugsjónum en að lifa eftir þeim.“

Austurríski læknirinn Alfred Adler stofnaði sálfræðiskóla sem miðaður var við þarfir einstaklinga. Hann lærði við háskólann í Vínarborg og lagði mikið af mörkum til sálfræðinnar. Frægastur er hann þó fyrir að setja fram kenningar sem studdust ekki við hugmyndir Freuds.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Golden Gate-brúin opnuð

Þennan dag árið 1937 var Golden Gate-brúin opnuð fyrir umferð. Hún var á þeim tíma ein stærsta brú veraldar.
Brúin var hönnuð af Clifford Paine, sem hafði mikið fyrir því að sannfæra yfirvöld um að mögulegt væri að byggja brúna. Paine hafði lokið við hönnunarhlutann árið 1930 en þurfti að eyða næstu þremur árum í að sannfæra stjórnvöld um ágæti brúarinnar.
Útlit hennar er undir miklum áhrifum af verkum arkitektsins Irvings Morrow. Hann hafði þó ekki fram að þessu unnið við að hanna brýr, en þótti framsækinn og hugmyndaríkur með eindæmum. Hann lagði til að hafa brúna appelsínugula að lit, til þess að undirstrika framfarakraft Bandaríkjanna, og á það féllst Clifford Paine.
Brúin var dýr, kostaði samfélagið um 35 milljónir dollara á þeim tíma. Það þótti gríðarlega hátt verð og varð brúin umdeild fyrir vikið.
Í brúna fór mikið af vírum, um 50 þúsund kílómetrar. Turnar brúarinnar eru miklar byggingar, ná í rúmlega 250 metra hæð, en brúarstoðirnar sem eru undir sjávarmáli eru þó miklu lengri..
Þótt kostnaður vegna brúarsmíðinnar hafi verið íþyngjandi fyrir bandarískt samfélag á sínum tíma hefur brúin færst nær hjörtum Bandaríkjamanna og er í dag eitt helsta tákn landsins.

GOLDEN GATE

MERKISATBURÐIR

1800 Konungsúrskurður er gefinn út um að gera skuli vandlegar strandmælingar á öllu landinu. Mælingarnar voru mikið verk og lauk ekki fyrr en 1826.

1959 Tveir apar verða fyrstu lífverurnar til þess að lifa af ferð út í geiminn.

1983 Eldgos hefst í Grímsvötnum í Vatnajökli. Það stóð í fáa daga.

1991 Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, fellur í hendurnar á uppreisnarmönnum. Þar með lýkur formlega sautján ára marxískri stjórn í landinu.

1998 Pakistanar hefja tilraunir með kjarnorkusprengjur. Vígbúnaðarkapphlaup milli Pakistans og Indlands er í algleymingi.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

†

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,
Jakobína H. Schröder
til heimilis að Fannaborg 8,
áður Birkihlíð við Nýbýlaveg, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 25. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Erna María Jóhannsdóttir, Ásvaldur Andrésson,
Baldur Schröder, Naomi Herlita
og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Sigurjón G. Sigurjónsson
Birkigrund 71, Kópavogi,

andaðist á heimili sínu föstudaginn 20. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Anna Ásgeirsdóttir
Freyja Sigurjónsdóttir Þórir Sigurgeirsson
Ásgeir Sigurjónsson Silja Sverrisdóttir
Drífa Sigurjónsdóttir Ólafur Baldursson
og barnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Björn Aðils Kristjánsson
múrarameistari,
Bræðratungu 19, Kópavogi,

lést á heimili sínu að morgni miðvikudagsins 25. maí.

Lovísa Hannesdóttir,
Unnur Sólveig Björnsdóttir,
Hannes Björnsson, Hafdís Ólafsdóttir,
Kristján Björnsson, Helga Haraldsdóttir,
Sigríður Björnsdóttir, Brynjar Guðmundsson,
Illugi Örn Björnsson, Fanný María Ágústsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.

TÍMAMÓT: GARÐYRKJUFÉLAG ÍSLANDS 120 ÁRA

Eplatré farin að þrífast hér

Garðyrkjufélag Íslands mun í dag halda upp á það að 120 ár eru síðan Georg Schierbeck, þáverandi landlæknir, stofnaði félagið. „Í upphafi var félagið stofnað til þess að efla garðyrkju sem tengdist heilsueflingu, það er að auka rækt heilnæmra matjurta. Félagið heldur að hluta til ennþá í þessa stoð, þó félagið hafi vitanlega breyst mikið,“ segir Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Garðyrkjufélags Íslands.

Félagið styrkti einn félagsmann, Einar Helgason, til náms í Danmörku og þá hófst fyrir alvöru þróun garðyrkjustarfsemi innan félagsins. „Einar var með tilraunir á því hvaða tegundir gætu þrifist hér á landi og var driffjöður í starfi félagsins um áratugaskeið,“ segir Jóhanna.

Vinsælasti viðburður í starfi Garðyrkjufélagins er árleg garðaskoðun. Þá opna félagsmenn garðana sína, sem margir hverjir eru farnir að minna á garða erlendis. „Við finnum fyrir því að sumurin eru að verða betri, hér eru farnar að þrífast ýmsar tegundir sem ekki hafa verið hér áður, til dæmis vitum við af því að eplatré eru komin í garða, og með stórum og góðum eplum,“ segir Jóhanna.

Starfsemi félagsins hefur verið virkust hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem klúbbarnir þrír innan félagsins, sumarhúsaklúbbur, rósaklúbbur og matjurtaklúbbur, eru mest virkir. Það er þó vilji félagsins að efla starfsemina út á landi. „Það eru fjórar landshlutadeildir innan félagsins, í Árnessýslu, Skagafirði, Egilsstöðum og Húsavík, og það er von okkar að hægt verði að virkja þær enn frekar og fjölga þeim einnig,“ segir Jóhanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

JÓHANNA Í GRASAGARÐINUM Grasagarðurinn er stolt garðyrkjuáhugamanna í höfuðborginni. Þar verður mikil afmælishátíð í dag.

Skemmtunin í dag verður fjölbreytt og ætlar Magga Stína að spila á blómaballi á stéttinni fyrir utan Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn þegar líða tekur á. ■

ANDLÁT

Magnús Þór Sigurðsson, Tunguseli 6, lést mánudaginn 16. maí. Útförin hefur farið fram.

Sigurður Björgvinsson, fyrrverandi bóndi á Neistastöðum, lést föstudaginn 20. maí.

Benedikt Már Aðalsteinsson, Holtagerði 65, Kópavogi, lést þriðjudaginn 24. maí.

Guðný Bjarnadóttir, frá Gerðisstekk, Norðfirði, Lóurima 6, Selfossi, lést miðvikudaginn 25. maí.

Björn Aðils Kristjánsson, múrarameistari, Bræðaratungu 19, Kópavogi, lést miðvikudaginn 25. maí.

Anna Fríða Stefánsdóttir, Grund, Vestmannaeyjum, lést miðvikudaginn 25. maí.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Steinunn Þ. O. Nielsen
Seljahlíð, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 25. maí.

Sigríður C. Nielsen,
Margrét St. Nielsen, Sveinn Sveinsson,
barnabörn og barnabarnabörn.

JARÐARFARIR

11.00 **Guðmundur Guðleifsson** frá Langstöðum í Flóa, síðast til heimilis á Lyngheiði 15, Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

11.00 **Sigurlaug Þorkelsdóttir**, Bárustíg 7, Sauðárkróki, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju.

14.00 **Anna Magnúsdóttir**, frá Selhóli, Hellissandi, verður jarðsungin frá Ingjaldshólskirkju.

14.00 **Guðrún Vilmundardóttir**, Steinnesi, Austur-Húnavatnssýslu, verður jarðsungin frá Þingeyrarkirkju.

14.00 **Inga Maria Warén**, Selási 13, Egilsstöðum, verður jarðsungin frá Egilsstaðakirkju.

Vinn 98.9 BYLGJAN
Valdís Gunnarsdóttir
Sunnudagsmorgna 9-12

Afgangsmyntin frá útlöndum

Rykfellur erlenda klinkið í krukkum og skúffum, engum til gagns?

Við getum notað það í starf Rauða krossins innanlands.

getur gert kraftaverk

Þessa dagana eru umslög fyrir afgangsklink og seðla að berast landsmönnum.

Hægt er að skila umslögunum í næsta sparisjóð eða pósthús.

Selma Björnsdóttir söngkona og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra hleyptu söfnun Rauða krossins af stað með því að gefa hryvníur frá Úkraínu og yuan frá Kína.

MÁTTURINN & DÝRÐIN / 05.05

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

PÓSTURINN
allur pakkinn

Rauði kross Íslands
www.redcross.is



HELGI VALUR Hann gefur nú út sína fyrstu plötu, „Demise of Faith“, og semur bæði lög og texta.

Fékk góða reynslu á Strikinu

Helgi Valur Ásgeirsson er búinn að stússast í tónlist síðan hann var fjórtán ára. Núna á mánudaginn kemur út hans fyrsta plata, „Demise of Faith“, og er hún gefin út af Dennis Records, sem er undirfyrirtæki Senu.

„Ég er búinn að vera í tónlist síðan ég var fjórtán ára. Ég var í tónlistarskóla í eitt eða tvö ár og fór svo að spila með hinum og þessum hljómsveitum áður en ég gerðist svo trúbador. Í fyrrasumar fór ég til Danmerkur og spilaði á Strikinu og ýmsum börum í Kaupmannahöfn. Það var góð reynsla fyrir mig og eftir það tók ég þátt í trúbadorakeppni á Rás 2 og var svo heppinn að vinna.“

Diskurinn var saminn á þriggja ára tímabili en meirihlutann segir Helgi vera frekar nýtt efni. Helgi Valur semur bæði lög og texta sjálfur og eru allir textarnir á ensku. „Já, mér finnst betra að syngja á ensku, ég er bara búinn að venja mig á það.“

Áhrifavaldar Helga eru tónlistarmenn eins og Elliott Smith, Sufjan Stevens, Jeff Buckley og Nick Drake og segir hann að tónlistin sé að vissu leyti svipuð tónlist þessara manna. „Þetta er róleg trúbadoratónlist. Við tókum allt upp í einni töku og vildum hafa frekar hráan brag á plötunni,“ segir Helgi en Jón Ólafsson stjórnaði upptökum á plötunni. „Ég er rosalega ánægður með útkomuna. Við vildum halda tónlistinni frekar tímalausri og höfðum engan bassa og engar trommur, vildum ekki vera fastir í sérstökum takti.

Heiti plötunnar vekur athygli fyrir frekar drungalegan brag og myndi útleggjast á íslensku sem „endalok trúarinnar“.

„Nafnið á plötunni á að endurspegla tíðarandann. Það eru allir svo uppteknir af efnislegum hlutum í dag, peningum og bílum, og lítið pláss virðist vera fyrir andleg málefni. Textarnir fjalla líka um þess konar mál, ást, dauða og hnignun samfélagsins.“

Bjarni Ara allur lurkum laminn

Nýr geisladiskur er væntanlegur í haust með Bjarna Arasyni, en sýnishorn af því sem koma skal er nú í spilun á útvarpsstöðvum. Lagið *Allur lurkum laminn* er útgáfa Bjarna á lagi Hilmars Oddssonar sem heyrðist í kvikmynd Hilmars, *Eins og skepnan deyr*, árið 1986 og var þá sungið af Bubba Morthens.

Nýi geisladiskurinn er í stórsveitarstíl, en Bjarni segir að „bigband“-sveifla höfði vel til sín. „Mig hefur lengi langað til að gera þetta. Ég er náttúrulega alæta á tónlist, þetta er bara ein stefnan sem mig langar að fara út í. Þó að ég búist ekki við að vera eitthvað í rappi þá er aldrei að vita hvað gerist seinna,“ segir Bjarni. „Þetta tengist náttúrlega því sem ég hef verið að gera, syngja ballöður með sveiflu í brúðkaupum og svona.“

Bjarni mun fá til liðs við sig nokkra blásara á plötunni en sjálfur spilar hann á trompet. „Já, ég spila á trompet. Ekki í þessu lagi en ég mun koma til með að spila á disknum. Ég byrjaði minn feril náttúrulega sem trompetleikari, níu ára gamall í tónlistarskóla. Söngurinn kom síðar. Ég var í bigbandi Lúðrasveitar verkalýðsins og spilaði með lúðrasveitinni í tónlistarskólanum. Svo trompetið hefur fylgt mér síðan þá,“ segir Bjarni.

Sena, sem áður hét Skífan, mun gefa út diskinn en upptökustjóri og útsetjari er Þórir Úlfarsson sem einnig útsetti síðasta disk Bjarna, *Er ástin þig kyssir* 2002. „Hann er algjör snillingur,“ segir Bjarni og er ánægður með útkomuna á *Allur lurkum laminn* sem nú er lag vikunnar á Tónlist.is.



BJARNI ARASON Söngvarinn er alæta á tónlist en platan sem er væntanleg í haust verður í stórsveitarstíl.

Gerum gott samfélag betra

Íbúaþing í Mosfellsbæ laugardaginn 28. maí 2005

Þingstaðir:

- Íþróttamiðstöð Mosfellsbæjar við Varmá: setning og morgunkaffi
- Varmárskóli, yngri deild, gagnfræðadeild og Íþróttamiðstöð: fyrirlestrar
- Varmárskóli gagnfræðadeild: hópavinna, hádegisverður og kaffi
- Íþróttamiðstöð Mosfellsbæjar: niðurstöður kynntar
- Utan við Íþróttamiðstöð Mosfellsbæjar: sveitaball

Dagskrá:

Kl. 9:30	Morgunkaffi, skráning í hópa
Kl. 9:50	Karlakórinn Stefnir syngur
Kl. 10:00	Setningarávarp, Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar
Kl. 10:15	Jóhann Ingi Gunnarsson, íbúaþingsstjóri flytur inngangsorð
Kl. 10:30	Skipt í hópa – framsöguerindi sérfræðinga
Kl. 11:00	Hópavinna hefst
Kl. 12:00	Hádegisverður í boði Mosfellsbæjar – Mosfellskórinn syngur
Kl. 13:00	Hópavinna heldur áfram
Kl. 14:45	Kaffihlé
Kl. 15:00	Greint frá niðurstöðum hópavinnu í Íþróttamiðstöðinni
Kl. 15:55	Samantekt – lokaorð og þingi slitið
Kl. 16:00	Sveitaball fyrir utan Íþróttamiðstöðina
	Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur og félagar úr Leikfélagi
	Mosfellssveitar bregða á leik

Dagskrá íbúaþings:

FJÖLSKYLDAN

Fyrirlesarar:
Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
Gylfi Jón Gylfason, yfirsálfræðingur hjá Reykjanesbæ
Umræðuefni í hópum:
Lýðræði unga fólksins – Barnafjölskyldur – Heldri borgarar

FRÆÐSLA, MENNING, TÓMSTUNDIR OG FRÍTÍMI

Fyrirlesarar:
Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála Reykjavíkurborgar
Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands
Umræðuefni í hópum:
Fræðslumál – Menningarmál – Íþróttir, tómstundir og frítími

SKIPULAGS- OG UMHVERFISMÁL

Fyrirlesarar:
Gylfi Guðjónsson, arkitekt og skipulagsráðgjafi
Bjarni Reynarsson, land- og skipulagsfræðingur
Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt
Umræðuefni í hópum: Skipulagsmál – Umhverfismál og náttúra

ATVINNU- OG FERÐAMÁL

Fyrirlesari:
Sævar Kristinsson ráðgjafi
Umræðuefni í hópum: Atvinnu- og ferðamál

Sérstök dagskrá fyrir börn og unglinga meðan á íbúaþinginu stendur

MOSFELLSBÆR
Sjá einnig á www.mos.is

allt

bílar o.fl.
Nýr Suzuki Swift
BLS. 4

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	3.33	13.25	23.20
AKUREYRI	2.48	13.10	23.34

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 28. maí, 148. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Smáauglýsingar
byrja í dag á bls. 5

Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.

ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is

visir

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hildur Dís vekur alls staðar athygli á þessum æðislega bíl.

Strákarnir snúa sig úr hálsliðnum

Smart Roadsterinn hennar Hildar Dísar er svo óstjórnlega flottur að liggur við umferðaröngþveiti, en hann er líka léttur, lipur og kraftmikill.

„Þetta er smábíll af gerðinni Smart Roadster 2004, framleiddur af Benz," segir Hildur Dís Kristjánsdóttir nemi, sem í agnablikinu ekur um á afar óvenjulegum en flottum sportbíl. „Benz byrjaði að framleiða þessa bíla árið 2003 og þeir hafa slegið í gegn í Evrópu og eru að koma sterkir inn í Bandaríkjunum. Pabbi keypti bílinn af því að hann er bæði kraftmikill og sparneytinn, eyðir ekki nema fjórum á hundraði. Þessi er 81 hestafl en þeir eru ýmist framleiddir 61 eða 81 hestafl. Það er ótrúlega gaman að keyra þennan bíl, hann er svo lítill og léttur og rosalega fljótur upp. Svo eyðileggur ekki að fólk snýr sig næstum úr hálsliðnum þegar maður er á ferðinni, ekki síst strákarnir.

Er þetta þá „pick-up" bíll?

„Ég og vinkona mín vorum á honum í gær og vöktum óskipta athygli. Ef maður gengur ekki út á svona bíl gerir maður það aldrei," segir Hildur og skellihlær. „Pabbi ætlar samt að selja bílinn svo það er kannski jafn gott fyrir mig að nota tímann," segir hún og hlær enn meira.

Smartinn er jafn flottur að innan og utan og er sjálfskiptur með beinskiptivali.

„Svo er hann að sjálfsögðu leðurklæddur með góðum græjum. Þetta er bara skemmtilegasti bíll sem ég hef keyrt," segir Hildur.

edda@frettabladid.is

100 milljónasti billinn af færibandinu

Þau tímamót urðu í sögu þýsku Volkswagen-verksmiðjanna á þriðjudaginn að 100 milljónasti billinn rann út af færibandinu í aðalverksmiðju fyrirtækisins í Wolfsburg. Það var silfurgrár VW Touran 1,9 TDI sem var við hátíðlega athöfn í Berlín gefinn forsetafrúnni Evu Köhler, fyrir hönd góðgerðarsamtaka sem helga sig aðstoð við fólk haldið sjaldgæfum ólæknandi sjúkdómum.

Að því er fréttavefur Der Spiegel hefur eftir forsvarsmönnum VW reiknuðu þeir fjölda framleiddra VW frá þeim degi sem raðframleiðsla hófst eftir stríð, í árslok 1945. Á stríðsárunum smíðaði verksmiðjan aðeins bíla fyrir þýska herinn.

Sú tegund Volkswagen sem mest hefur verið framleitt af í gegnum árin er Golf, en á þeim þremur áratugum sem bílar undir því nafni hafa verið í framleiðslu hafa selst rúmlega 23 milljónir stykkja af honum. Næstflest eintök smíðaði Volkswagen af Bjöllunni gömlu sem allir þekkja, en hún seldist í alls 21,5 milljónum eintaka.

- aa

LIGGUR Í LOFTINU
í bílum

Bílaumboðið B&L heldur sýningarhelgi nú um helgina á Vesturlandi. Sýningin er haldin í samstarfi við bílasöluna Bílás á Akranesi, sem er umboðsaðili B&L í landsfjórðungnum. Sýndir verða allir nýjustu bílarnir frá BMW, Land Rover, Renault og Hyundai. Opið verður hjá Bílási frá klukkan 10 til 16 á laugardeginum og 12 til 16 á sunnudeginum.

Vörubílaframleiðandinn International Truck and Engine Corporation í Bandaríkjunum hefur fyrstur alla vörubílaframleiðenda sett á markað búnað sem hrekur þjófa í burtu og nemur nákvæma staðsetningu vörubílsins. Hægt er að setja bílinn í gang en slá þarf inn aðgangskóða innan sjö sekúndna, annars drepur vélin á sér. Ef rangur kóði er sleginn inn of oft getur tækið sent aðvörun í farsíma eiganda bílsins eða yfirvalda. Hægt verður að fá búnaðinn bæði í miðlungsstóra og stóra vörubíla.

Bílaframleiðandinn Toyota í Bandaríkjunum hefur þurft að innkalla um það bil 4.900 Avalon-fólksbifreiðar árgerð 2005 vegna galla í stýrinu. Galli þessi gæti leitt til þess að ökumaður missti stjórn á bílnum. Þetta kemur sér afar illa fyrir Toyota, annan stærsta bílaframleiðanda í heimi, því í síðustu viku þurfti fyrirtækið að innkalla 880.000 bifreiðar og pallbíla vegna galla í hjólaupphengjum.

Norska Shell-olíufélagið hefur uppgötvað mjög stóran gasbrunn undir hafsbotni utan við Kristiansand, eins og kemur fram á heimasíðu FÍB, fib.is. Nýja gasbrunninum hefur verið gefið nafnið Onyx en þetta er talinn mesti gasfundur í 24 ár. Onyx er talinn geyma sextíu milljarða rúmmetra af gasi.

bilar@frettabladid.is

Himinn og haf-9040379

Hagstæð sumarhúsalán

60% veðsetningarhlutfall

Ertu að byggja, kaupa eða breyta sumarbústað? Þú getur auðveldlega samið um hagstætt sumarhúsalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Lánið getur numið allt að 60% af verðmæti eignar. Til framkvæmda er lánað allt að 75% af byggingarkostnaði.

Ráðgjafar Frjálsa fjárfestingarbankans veita allar nánari upplýsingar. Þú getur komið við í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á **frjalsi@frjalsi.is**.

Dæmi um mán. greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*				
Vextir %	4,95%	5,50%	6,50%	7,00%
5 ár	18.850	19.100	19.560	19.800
10 ár	10.580	10.850	11.350	11.610
15 ár	7.880	8.170	8.710	8.990

* Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Hjólkoppar
Útliti bíls er hægt að breyta með því að setja nýja hjólkoppa á dekkin. Tilvalið er að skipta út hjólkoppunum á bíl sem kominn er til ára sinna og þá yngist hann upp um nokkur ár.

ALLT Á EINUM STAÐ
- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

Gabriel höggdeyfar, **ASCO** kúplingssett, **Tridon** spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.

GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

Geiri stefnir að því að ljúka við bílinn fyrir bílasýningu á Akureyri 17. júní.

Með króníska bíladellu

Hondan gerð upp í þriðja sinn.

Ásgeir Ingvason, alltaf kallaður Geiri, er viðgerðamaður hjá AB bremsum í Akralind og sérhæfir sig í Honda-bílum. Geiri á að sjálfsögðu sjálfur einn slíkan.

„Þetta er þvílíkur eðalbíll, Honda CRX. 1,6 V-tec. Í honum er ventlasystem sem lengir opnunartíma á ventlum, sem aftur eykur kraftinn. Því lengur sem ventlarnir eru opnir því meiri kraftur.“

Geiri er búinn að skipta þrisvar um vél í bílnum og segist lifa og hrærast í bílaviðgerðum. „Þessi bíll var 60 hestöfl en er núna 90,“ segir hann. „Ég er með króníska bíladellu, þetta er í blóðinu og teygir sig aftur um þrjá eða fjóra ættliði.“

Aðspurður hvort þetta þjóni einhverjum tilgangi þar sem hvergi má aka mjög hratt hérlendis segist hann fara upp í braut. „Þar er hægt að gefa í og finna kraftinn. Það er ólýsanlegt kikk.“

En hvað er svona merkilegt við Hondur?

„Það er bara snilldarsmíð á þeim, mótoruppsetningin er svo brilljant og allt annað í bílnum frábært. Ég er búinn að eiga sex Hondur og er hvergi hættur.“

Þó að Geiri sé heltekinn af bílum og sé mikið í bílskúrnum þegar hann er ekki í vinnunni á hann sér annað áhugamál.

„Ég spila á gítar og sem lög. Nei, ég hef aldrei komið fram, en núna er allt í bígerð og hljómsveit í smíðum svo það er aldrei að vita. Við erum að spila allt frá Zeppelin upp í íslenska sveitaballatónlist. En aðalatriðið er að koma Hondunni á götuna fyrir 17. júní, þá verður stefnan tekin á bílasýningu á Akureyri.“

Til að sýna bílinn?

„Nei, bara til að sýna sjálfan sig og sjá aðra.“ ■



Carlos Ghosn og Louis Schweitzer.

Óvenjulegur forstjóri hjá Renault

Forstjóri Nissan sest í forstjórastól Renault.

Carlos Ghosn er tekinn við sem forstjóri Renault Group. Ghosn hefur verið forstjóri Nissan frá 1999, allt frá því að Renault eignaðist ráðandi hlut í Nissan, og mun hann halda því starfi áfram samhliða nýja forstjórastarfinu.

Ghosn hefur verið orðaður við forstjórastól Renault undanfarin ár eða allt frá því að honum tókst að snúa taprekstri Nissan við á árinu 2001. Sá viðsnúningur þótti undraverður, ekki hvað síst fyrir þá sök að hann tók ekki nema 12 mánuði, en tap Nissan hafði verið tilfinnanlegt á árunum áður. Renault Group skilaði á síðasta ári 3,5 milljörðum evra í hagnað og hefur forstjórinn nýráðni lýst því yfir, að í ljósi góðrar afkomu sé mikilla breytinga ekki að vænta hjá Renault á næstunni.

Starf stjórnarformanns og forstjóra Renault hefur fram að þessu verið á hendi eins manns, Louis Schweitzer. Fyrir nokkru var ákveðið að skilja þessi tvö æðstu stjórnunarstörf samsteypunnar að og mun Schweitzer starfa við hlið Ghosn sem stjórnarformaður. Ghosn er af brasilískum uppruna og er þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir. Þessi óhefðbundni stjórnunarstíll vakti neikvæð viðbrögð á upphafsárum hans hjá Nissan. Til dæmis varð hann frægur á einni nóttu fyrir að heilsa öllu starfsfólkinu hjá Nissan með handabandi. Það þótti ekki góðs viti í japönsku viðskiptalífi og hann vakti einnig mikla athygli fyrir að taka morgunverð með börnum sínum fjórum fram yfir háttskrifaða morgunverðarfundi. ■

MYND/GETTY

Billinn er álíka langur og Chrysler Voyager.

Indverskir bílar til Evrópu

Stærsti bílaframleiðandi Indlands, Tata, mun selja indverska bíla í Evrópu eftir þrjú ár.

Sjö manna fjölnotabíll frá indverska bílaframleiðandanum Tata er væntanlegur á Evrópumarkað eftir um það bil þrjú ár. Þetta kemur fram á heimasíðu FÍB, fib.is, en Tata er stærsti bílaframleiðandi í Indlandi.

Billinn var sýndur á bílasýningunni í Genf í vetur og fer senn í framleiðslu.

Billinn, sem heitir Xover, er hannaður í ítalska hönnunarfyrirtækinu I.D.E.A Institute í Torino. Billinn er með sítengdu aldrifi og 4,85 metrar á lengd sem er svipað og Chrysler Voyager. Billinn verður líka framleiddur með dísilvél og ætti það að auka gengi hans í Evrópu. ■

KIA Sorento.

Opnunarsýning KIA

KIA umboðið opnaði nýjan sýningarsal í síðustu viku og býður gesti velkomna í dag.

Opnunarsýning verður haldin hjá KIA-umboðinu í dag, laugardag, í sýningarsalnum á Laugavegi 172 en umboðið opnaði salinn í síðustu viku.

Á sýningunni verður boðið upp á reynsluakstur, kaffi og kleinur en meðal nýjustu bíla frá KIA eru Sportage, Picanto og Sorento en hann hlaut hæstu einkunn á dögunum í 4x4 flokki bifreiða í hinni árlegu JD Power-áreiðanleikakönnun.

Hekla keypti rekstu KIA-umboðsins fyrr á þessu ári og ætlar umboðið að auka markaðshlutdeild sína og sölu verulega á þessu ári. ■

Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Ferðumst rólega í sumar

Sumarið er yndislegur tími. Náttúran lifnar við í skamma stund og landsmenn flykkjast út á þjóðvegi í löngum halarófum til að njóta útsýnisins og landsins okkar. Munum bara að hafa nægilegt bil í næsta bíl svo við sjáum eitthvað fleira en stuðarann á honum. Það er góð regla að geta sagt „þúsund og einn, þúsund og tveir, þúsund og þrír“ á þeim tíma sem maður er að ferðast vegalengdina á milli bílanna. Prófaði þetta um daginn í bíl sem ég var farþegi í. „Þús... nú? Jæja!“ Slíkt fólk er stundum sagt að sé stuðarahneigt – og er líklegra en annað fólk til að keyra aftan á. Svona erum við nú misjöfn, ha?

Íslendingar eiga splunkunýjan bílaflota. Það er að segja flestir nema ég, auðvitað. Og næstum því allir eiga tjaldvagn eða fellihýsi. Tja, nema ég.

Og af því að allir aðrir eru á nýjum og kraftmiklum bílum með ABS-bremsum, líknarbelgjum og stærðarinnar einbýlishúsaeftirlíkingar í eftirdragi er ég búinn að ákveða að telja upp í að minnsta kosti „þúsund og fimm“ þegar ég ferðast á þjóðvegunum í sumar. Bara til að vera viss.

Og sem ég keyri landshornanna á milli á gamla bílnum mínum með litla tjaldið mitt í skottinu ætla ég heldur ekkert að vera að flýta mér. Stilla hraðanum í hóf og vera ekkert að keppast við að taka framúr öllum. Bara til að vera viss.

Og á malarvegum er ég búinn að ákveða að fara enn hægar til að vera örugglega með veggrip, slá af þegar ég mæti öðrum bílum og víkja vel. Bara til að vera viss.

Og eins og alltaf verða allir í bílnum með beltin spennt. Annað kemur ekki til greina. Bara til að vera viss.

Ég er nefnilega handviss um að ef ég geri þetta minnka líkurnar á því að ég lendi í umferðaróhappi til muna. Ég vil miklu frekar vera lengi á leiðinni, fastur á eftir öðrum bíl og þurfa að gista aukanótt einhvers staðar heldur en að enda ævina á malbikinu eða úti í skurði.

Þú mátt alveg ákveða þetta líka. Bara til að vera viss.

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.
!
Talstöðin
FM 90,9

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA viðgerðaraðili
Skemmuvegi 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN STÓRAHJALLA S. 554 3430

Smurstöðin KLÖPP
Þjónustumiðstöð við Vegmúla
olís
Almenn smurþjónusta
Hjólbarðaþjónusta
Sjálfskiptingaþjónusta
Rafgeymaþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.
Vegmúli 4 • Sími 553 0440

Bílar & Sport
Áskriftarsími: 588 7888
www.bilarogsport.is

ÓDÝR, NOTUÐ OG NÝ
SUMARDEKK
Vaka
Sími 567-6860

Það eina sem er erfitt við
að kaupa nýjan bíl . . .
. . . er að þurfa að leyfa
krökkunum að keyra hann
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

Úr endurhæfingu á jökul

Jeppaklúbburinn 4x4 fór á fimmtán bílum á Langjökul um síðustu helgi og bauð með sér fólki sem er í endurhæfingu á Reykjalundi eftir bílslys og íbúum á tveimur sambýlum í Mosfellsbæ.

„Þetta voru um tuttugu manns af Reykjalundi og af sambýlum sem fóru með okkur á Langjökul og þetta hefði ekki getað gengið betur," segir Helena Sigurbergsdóttir, einn af félagsmönnum í 4x4. Fyrsti áfangi ferðarinnar var í Húsafell, þar sem nesti var tekið upp og gerð góð skil gerð. Síðan var haldið á jökulinn og ekið að ísheli. Þeir sem voru fótafærir gengu inn í hann en keyrt var eins langt inn í hellinn og hægt var að komast með hina. Svo var ekið á Geitlandsjökul og niður í skálann Jaka þar sem slegið var upp grillveislu. Þess má geta að fyrirtækin Garri, Fjörukráin, Ölgerðin, Sómi, Matráð, Kökumeistarinn og Kjötsmiðjan styrktu þessa ferð, sem var þátttakendum öllum til ánægju. ■

Lagt upp frá Reykjalundi.

Horft út úr tilkomumiklum íshellinum í Langjökli.

Nýr Swift frumsýndur

Suzuki-bílar frumsýna nýjan Swift-smábíl í dag.

Nýr Suzuki Swift smábíll verður frumsýndur hjá Suzuki-bílum í dag í Skeifunni 17 í Reykjavík.

Swift er algjörlega nýr bíll frá grunni og er hannaður í Evrópu fyrir Evrópumarkað.

Swift er fáanlegur með 1,5 lítra bensínvél sem skilar 102 hestöflum og fæst bæði beinskiptur og sjálfskiptur í GL og GLX útfærslum. Báðar gerðirnar eru vel búnar með til dæmis fimmtán tommu felgum, sex öryggisloftpúðum, innbyggðum hljómtækjum með sex hátölurum, stillingum í stýri, ABS hemlum, rafhitun í sætum og útispeglum auk margs annars. GLX gerðin er auk þess búin loftkælingu, álfelgum, þokuljósum og lykillausu aðgengi og ræsingu. Verðið á bílnum er frá 1.479.000 krónum.

Opið er í umboðinu frá 12 til 17 bæði laugardag og sunnudag. ■

Hinn nýi Suzuki Swift er ekki ósvipaður Austin Mini í laginu.

CX-7 frá Mazda

Kynntur í Bandaríkjunum á næsta ári.

Frá Mazda berast þær fréttir að konseptbíllinn MX-crossport sé tilbúinn til framleiðslu undir heitinu CX-7. Búist er við að bíllinn verði kynntur í Bandaríkjunum seinni part þessa árs en hann verður ekki kynntur í Evrópu fyrr en árið 2007.

MX-Crossport er konseptbíllinn sem CX-7 byggir á.

Líklegt er talið að þessum bíl muni fremur vera ætlað að keppa við bíla eins og BMW X3 og Nissan Murano en bíla í venjulegum jepplingaflokki eins og Honda CR-V en allt veltur það á því hvers konar vél verður í bílnum. Þó er gert ráð fyrir að vélin verði í stærri kantinum fyrst bílnum er ætlað að fara á Bandaríkjamarkað. Ekki hefur heldur verið gefið upp hvort bíllinn verði fjórhjóladrifinn en fastlega er þó búist við því. ■

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

Audi A4. Nýskr. 08/2003, 0cc, 4ra dyra, sjálfskiptur. Ekinn 30 þ. Verð 2.830.000. NP-417 B & L. S. 575 1230.

BMW 318I. Nýskr. 09/1997, 1900cc, 2ja dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 196 þ. Verð 950.000 AT-401 B & L. S. 575 1230.

BMW 520I. Nýskr. 05/2002, 2000cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 36 þ. Verð 3.150.000 ZR-324 B & L. S. 575 1230.

BMW 735I. Nýskr. 12/1990, 3400cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 219 þ. Verð 680.000 SY-010 B & L. S. 575 1230.

Daewoo Tacuma. Nýskr. 10/2002, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn, ekinn 41 þ. Verð 1.390.000 PZ-792 B & L. S. 575 1230.

Ford Escort. Nýskr. 04/1998, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 62 þ. Verð 490.000 NU-584 B & L. S. 575 1230.

Ford Focus. Nýskr. 11/2002, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ekinn 44 þ. Verð 1.340.000 UD-497 B & L. S. 575 1230.

Honda CR-V. Nýskr. 10/1997, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 124 þ. Verð 1.060.000 PF-890 B & L. S. 575 1230.

Honda HR-V. Nýskr. 03/2004, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósblár, ekinn 21 þ. Verð 2.090.000 LN-807 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Accent. Nýskr. 06/2001, 1500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 91 þ. Verð 760.000 PR-819 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Accent. Nýskr. 07/1996, 0cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkblár, ekinn 142 þ. Verð 280.000 YL-897 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Accent. Nýskr. 05/2000, 1500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 70 þ. Verð 730.000 SA-783 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Atos. Nýskr. 07/2000, 1000cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 59 þ. Verð 490.000 VG-120 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Santa Fe. Nýskr. 07/2003, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár - tvílitur, Ekinn 57 þ. Verð 2.190.000. NO-901 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Santa Fe. Nýskr. 06/2001, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn / grár, ekinn 81 þ. Verð 1.830.000. OY-522 B & L. S. 575 1230.

Kia pride. Nýskr. 09/2000, 1300cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 49 þ. Verð 430.000. TH-924 B & L. S. 575 1230.

Kia Sportage. Nýskr. 05/2001, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 66 þ. Verð 1.250.000. YB-964 B & L. S. 575 1230.

Land Rover Freelander. Nýskr. 06/1999, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, blágrænn, ekinn 100 þ. Verð 1.250.000 TH-864 B & L. S. 575 1230.

Mercedes C230. Nýskr. 12/1996, 2300cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 142 þ. Verð 1.650. TN-511 B & L. S. 575 1230.

Mercedes CLK. Nýskr. 06/1997, 2300cc, 2ja dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 97 þ. Verð 2.290.000. EG-680 B & L. S. 575 1230.

Mitsubishi Lancer. Nýskr. 10/1998, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 118 þ. Verð 710.000 HK-596 B & L. S. 575 1230.

Nissan Primera. Nýskr. 03/2003, 2000cc, 4ra dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 33 þ. Verð 1.590.000. NX-959 B & L. S. 575 1230.

Nissan Primera. Nýskr. 10/1996, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 150 þ. Verð 450.000. MF-498 B & L. S. 575 1230.

Nissan Terrano II. Nýskr. 06/1995, 2400cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 150 þ. Verð 630.000. LX-888 B & L. S. 575 1230.

Opel Astra. Nýskr. 02/2002, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 66 þ. Verð 990.000. EA-516 B & L. S. 575 1230.

Renault Clio. Nýskr. 10/2002, 1100cc, 3ja dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 50 þ. Verð 990.000. ZU-089 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo. Nýskr. 11/2002, 1400cc, 6 dyra, 5 gíra, gulur, ekinn 144 þ. Verð 720.000. KH-797 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo. Nýskr. 01/2003, 1400cc, 5 dyra, beinskiptur, hvítur, ekinn 36 þ. Verð 1.180.000. SF-289 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo. Nýskr. 06/2002, 1400cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 36 þ. Verð 1.020.000. MX-305 B & L. S. 575 1230.

Renault Laguna. Nýskr. 05/1998, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 80 þ. Verð 710.000. RR-879 B & L. S. 575 1230.

Renault Laguna. Nýskr. 09/1999, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn, ekinn 91 þ. Verð 980.000. TY-019 B & L. S. 575 1230.

Renault Laguna II. Nýskr. 08/2002, 1800cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 42 þ. Verð 1.570.000. BN-880 B & L. S. 575 1230.

Renault Megane. Nýskr. 05/1999, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 102 þ. Verð 780.000. AK-093 B & L. S. 575 1230.

Renault Megane. Nýskr. 08/2000, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 71 þ. Verð 930.000. SN-342 B & L. S. 575 1230.

Renault Megane. Nýskr. 10/2000, 1400cc, 4ra dyra, beinskiptur, dökkblár, ekinn 93 þ. Verð 790.000. UG-452 B & L. S. 575 1230.

Renault Midliner. Nýskr. 02/1999, 4000cc, 2ja dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 390 þ. Verð 1.490.000. OR-700 B & L. S. 575 1230.

Renault Megane. Nýskr. 08/2000, 1100cc, 2ja dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 63 þ. Verð 620.000. AE-004 B & L. S. 575 1230.

Skoda Felicia. Nýskr. 01/2000, 1300cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 90 þ. Verð 430.000. TJ-226 B & L. S. 575 1230.

Skoda Octavia. Nýskr. 07/1999, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 137 þ. Verð 620.000. ZU-173 B & L. S. 575 1230.

Subaru Impreza. Nýskr. 07/1997, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 159 þ. Verð 460.000. RD-768 B & L. S. 575 1230.

Subaru Legacy. Nýskr. 03/1997, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkrauður, ekinn 125 þ. Verð 650.000. AM-887 B & L. S. 575 1230.

Toyota Corolla VVTI, Nýskr. 06/2001, 0cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 62 þ. Verð 1.010.000. TE-061 B & L. S. 575 1230.

Toyota Corolla. Nýskr. 12/2000, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 77 þ. Verð 950.000. AZ-639 B & L. S. 575 1230.

Toyota Corolla. Nýskr. 06/2000, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 106 þ. Verð 1.050.000. ZG-585 B & L. S. 575 1230.

Toyota Rav4. Nýskr. 03/1999, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn, ekinn 121 þ. Verð 1.230.000. KJ-829 B & L. S. 575 1230.

Toyota Rav4. Nýskr. 07/1995, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 142 þ. Verð 650.000. TU-308 B & L. S. 575 1230.

Volkswagen Golf. Nýskr. 08/1998, 1600cc, 3ja dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 105 þ. Verð 780.000. MD-719 B & L. S. 575 1230.

Volkswagen Transporter. Nýskr. 06/2000, 2000cc, 2ja dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 93 þ. Verð 830.000. OH-098 B & L. S. 575 1230.

Volvo 460. Nýskr. 11/1995, 1800cc, 4ra dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 149 þ. Verð 390.000. VJ-710 B & L. S. 575 1230.

Bílaland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

Bílabúð Benna
NOTAÐIR BÍLAR

Rexton RX-320 (220hö) bensín, árg. 7/,02 ekinn 40 þús. km, sjálfskiptur, 33" breyttur, abs, álfelgur, armpúði, dráttarbeisli, dökkr gler, Cd, glertopplúga, hiti í sætum, leður innrétting, rafmagn í sætum og rúðum og m.fl. Gríðalega vel búinn bíll. Verð 3.580.000. Tilboð 2.990.000 stgr.

Mazda E-2000 Pallbíll, árg 6/1996 ekinn aðeins 109þús km niðurfellanleg skjólborð,frábær bíll í minni verktaka.mikið yfirfarinn bíll en þarfnast þó lagfæringar á bremsum fyrir skoðun ásett verð er 490,00- en hann fæst á aðeins 330,000- stgr eins og hann er.

Daewoo Musso Grande Luxe II.TD-I árg. 7/2003, ekinn 32 þús. km, sjálfskiptur, 31" dekk, abs, álfelgur, ASR spólvörn, dráttarbeisli, geislaspilari, fjarstýrðar samlæsingar, glertopplúga, leðurinnrétting, rafmagn í rúðum og m/fl. Verð áður 3.390.000. Nú á tilboði 2.890.000.

Daewoo Musso Grande luxe II TD-I árg. 8/2001, ekinn 119 þús. km, sjálfskiptur, 31" dekk, álfelgur, abs, dráttarbeisli, rafm. í öllu, topplúga og m/fl. Verð 2.290.000.

Musso 2,9TD-I árg. 3/1998, beinskiptur, 5 gíra, 31" dekk, álfelgur, dráttarbeisli, geislaspilari, rafm. í öllu, smurbók og m/fl. Verð 1 220.000.

Musso E-23 Bensín (150hö) beinskiptur, 5 gíra, 31" dekk, álfelgur, geislaspilari, rafmagn í rúðum, eyðslu grennsti jeppinn á markaðnum 9,27l pr. 100 km og verðið er aðeins 1,190,000.

Musso E-23 Bensín (150hö) árg. 10/1997, ekinn 136 þús. km, sjálfskiptur, 31" dekk, álfelgur, dráttarbeisli, geislaspilari, rafm. í rúðum og m/fl. Verð 890.000.

Rexton RX-320 Bensín (220hö) árg. 3/2003, ekinn aðeins 26 þús. km, 31" dekk, álfelgur, sjálfskiptur, abs, ASR spólvörn, dráttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, geislaspilari, líknabelgir, dökkt gler, opnanleg rúða í afturhlera og m/fl. Verð 3,290,000.

SSangyong Korando 2,9 TD-I árg. 9/1998, ekinn 103 þús. km, sjálfskiptur, 33" breyttur, álfelgur, abs, dráttarbeisli, geislaspilari, loftlæstur framan og aftan, loftdæla, rafm. í rúðum og fl. Ásett verð 1390,000. Tilboð 1,090,000.

Hyundai Accent GLS árg. 2000, ekinn 90 þús. km, 5 gíra, beinskiptur, 4ra dyra, abs, álfelgur, rafmagn í rúðum, samlæsingar, geislaspilari, ný tímareim og ný skoðaður '06. Mjög gott eintak. Verð 490,000

Toyota Carina E GLI 1,8l árg. 1997 Classic, ekinn 177 þús. km, beinskiptur, 5 gíra, geislaspilari, líknabelgir, rafmagn í rúðum, samlæsing. Verð 590,000. Tilboð 450,000.

Nissan Patrol GR Turbo árg. 8/1992, ekinn 263 þús. km, 7 manna, 5 gíra, 35"dekk, upphækkaður, vél og kassi tekinn upp 2001. Verð 790,000.

Toyota Landcruser 90 VX TD-I árg. 10/1998, ekinn 154 þús. km, sjálfskiptur, 33" dekk, álfelgur, abs, brettakantar, dráttarbeisli, fjarstý. samlæs., geislaspilari, rafm. í öllu, búið að fara í hedd og ný stýrismaskína, mikið yfirfarinn. Verð 2,290,000.

Musso sports TD-I 2,9L árg. 1/'04, ekinn 19 þús. km, sjálfskiptur, 31" breyttur á álfelgum, gangbretti, plast í skúffu og m/fl. Verð 2,350,000.

BMW X5 3,0L árg. 2/2001, ekinn 89 þús. km, beinskiptur, 5 gíra, sumardekk á 19" álfelgum, vetrardekk á álfelgum einnig, bensínmiðstöð m/fjarstýringu, sími, leður bakkskynjarar, leður innrétting, litað gler og m/fl. Verð aðeins 3,490,000.

Subaru Legacy stw, GX 2,2L, árg. 1998, ekinn 128 þús. km, sjálfskiptur, abs, álfelgur, dráttarbeisli, rafmagn í öllu. Verð 690,000.

Toyota Rav4 VVT-I EXE árg. 05/2004, ekinn aðeins 13 þús. km, sjálfskiptur, cruise control, leðurinnrétting, filmur í rúðum, geislaspilari, glertopplúga, abs, álfelgur og m/fl. Verð 3090,000.

Bílabúð Benna ehf. Notaðir bílar
Bíldshöfði 10, 110 Rvk.
Sími: 587 1000
www.benni.is

BÍLASALA ÍSLANDS

Eigum til fjölda bíla á 100% láni til 36 mánaða.

Mustang GT árg 2005, glæsikerra á góðu verði. Staðettur hjá Bílasölu Íslands.

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
www.bilasalaislands.is

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar

Chevrolet Trailblazer Lt 4.2l, Sjálfsk. Árg. 2002. Ek. 45 þús. km, 4x4, rafmagn í sætum, rúðum, leður, loftkæling, kastarar, glertopplúga. Áhv. bílalán 2.250 þús. Ásett 3.780. Tilboð. 3.390 þús Stgr. Billinn er til sýnis og sölu hjá Bílalíf, (á nýja stóra bílasölusvæðinu við Kletthváls 110 RVK) sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Uppl. í síma 562 1717.

Ford Focus Stw, 5 gírar, árg. 1999. Ek. 86 þús. Abs. Dráttarkúla, fjarst. samlæsingar. Smurbók, þjónustubók. Bíll í góðu lagi. Áhv. bílalán 775 þús. Verð. 815 þús. Billinn er til sýnis og sölu hjá Bílalíf, (á nýja stóra bílasölusvæðinu við Kletthváls 110 RVK) sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Uppl. í síma 562 1717.

Lexus IS-300. Árg. 2001. Ek. 29 þús. m. Xenon, rafmagn í öllu, Abs, Asr spólvörn, Cd, Cruise Control, topplúga, smurbók, þjófavörn, lækkaður, 18" felgur, mikið breyttur og vel farinn bíll. Áhv. bílalán 1.600 þús. Verð 3.300 þús. Skipti möguleg á ódýrari. Billinn er til sýnis og sölu hjá Bílalíf, (á nýja stóra bílasölusvæðinu við Kletthváls 110 RVK) sjá fleiri myndir á www.bilalif.is uppl. í síma 562 1717.

Bílalíf
Kletthváls 11, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
www.bilalif.is

BÍLASALA SELFOSS

Audi A4 2,0 AT 12/2004 ekinn 6 þ. km. Leður, sóllúga, 16" felgur, aðgerðastýri. Verð 3850, áhvílandi 3,4. Upplýsingar í síma 482 4002 eða á www.bilasalaselfoss.i0s

BMW 540 1/1997 ekinn 206 þ. km, topplúga, 18" felgur, ný dekk, M fjöðrun og M aðgerðastýri, DSP hljóðkerfi, bíll í toppstandi. Verð 2090. Upplýsingar í síma 482 4002 eða á www.bilasalaselfoss.is

Bílasala Selfoss
Hrísmýri 3, 800 Selfoss
Sími: 482 1416

SPARIBÍLL

Nýr '06 ML Benz jeppi. Nýtt útlit að innan sem utan. ML 350 með leðri, lúgu, xenon ofl. Okkar verð: 6.278 þús. ML 500 mjög vel búin. Okkar verð: 7.438 þús.

Sparibíll ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is

Mitsubishi Space Star., nýskr 02/00., ek 94 þ.km., blár., hiti í sætum., vetrar og sumardekk., pluss áklæði o.fl., Listaverð 700.000.-., Tilboð 540.000.-., Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Kletthváls 11.

Opel Omega GL, 11/95, ek. 130 þ. km, gullsans, geislaspilari, smurbók, heilsársdekk o.fl. Verð 500.000. Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Kletthváls 11.

Toyota Hi-Lux Doble Cab, nýskr. 01/'90, ek. 250 þ. km, rauður, pallhús, smurbók, upphækkaður o.fl. Ásett verð 550.000. Tilboð 450.000. Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Kletthváls 11.

Misubishi Space Star., nýskr 02/00., ek 94 þ.km., blár., ABS., hiti í sætum., sumar og vetrardekk o.fl., Ásett 700.000.-., Tilboð 550.000.-., Kíktu á nýja stóra bílsölusvæðið við Kletthváls. Þar eru margar bílasölur, mörg hundruð bílar, þar erum við.... sjáumst!

Heimsbílar
Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu

Corvette LT1 árg 92 Ekinn 30þ km. Verð 1950 þ. Uppl. í síma 892 7922.

FORD MONDEO TREND, 5 dyra. Árg 2001. Ek 75 þ. Sóllúga, tölvustýrð loftkæling, kastarar. Verð 1.370 þ. Ath. skipti. Uppl í s: 699 0897.

Opel Astra 1600 '99, ek. 86 þús. sumar- og vetrardekk. Tilboð 700 þ. S. 699 0496.

Hyundai Santa FE 6 cyl. árg. 2001 ek. 43 þ. sjálfsk. V. 1.750 þ. Uppl. í s. 856 9013.

Toyota Corolla árg. '97, ek. 174 þús. Verð 400 þús. stgr. S. 845 2142 eða bjornkr@husa.is

BMW 320i, árg. '99, bsk. 770 þús. út + yfirtaka 1120 þús. Skoða skipti á ódýrari/dýrari. S. 691 0636 www.bmw320.tk

Verktakar/einstaklingar. Gömul rúta til sölu. Innréttuð með gaseldavél, vaski og WC. Er ekki á skrá. Verð 100.000. Uppl. í s. 568 4959 & 895 2186.

BÍLAR TIL SÖLU

Tveir Toyota Hiace árg. '92 og '93. Skoðaðir. Verð 250 þús. og 350 þús. S. 898 8082 & 862 8557.

BMW 540I Touring '98, leður, topplúga, 17" felgur og margt fl. Ek. 177 þús. Uppl. í síma 820 1560.

Hálfuppgerð Bjalla sárvantar handlaginn eiganda. Tilboð. Uppl. í s. 849 7104, Freysi.

Diesel bíll

Til sölu VW Bora 08/2001, 120 hö, 1900 turbo dísel. Ek. 59 þ. km. 6 gíra, loftkæling, 16" álf. + vetrard. Ath. skipti á ód. V. 1.290 þús. S. 692 5190.

MMC Galant 2,5 V6 árg. '01, ekinn 70 þús. km. Leður, lúga, 17" felgur, rafm. í öllu og fjarstart. Upplýsingar í s. 696 2336.

Glæsileg húsgögn til sölu. Tvenn rococco sett, annað rococco settið er sófi og 4 stólar, borðstofusett, 2 skenkir, borð og 12 stólar úr birki. Allt antík. Allt vel með farið. Gott verð. Uppl. í s. 692 7037 & 588 1904.

Antik sófasett, kæliskápur, 2 skápar í stofu eða borðstofu, 2 sófaborð, skrifborð, borðstofuborð + 7 stólar og tölva. Selst ódýrt. S. 897 5951.

Til sölu Amerískt sófasett 3+1, 55 þús. Hillusamstæða með ljósi, 15 þús. Borðstofuskápur með ljósi, 15 þús. 2 sófaborð/gler, 10 þús. Ísskápur m. frystihólfi 1.40 á hæð, 8 þús. Þvottavél, 8 þús. Horntölvuborð, 5 þús. S. 860 9905.

Bílskúrssala - Antik bókahilla útskorin mahogny. 4 nýlegir Habitat eldhússtólar beyki + eldhúsborð frítt með. 2 nýleg IKEA Ateles barnarúm stækkanleg m/dýnum. Sími 861 8112 & 844 2155.

Til sölu Amerískt hjónarúm. St. 210x190cm. Keypt í Marco fyrir nokkrum árum. Verð 12 þús. Uppl. í s. 693 2144.

Trésmíði

JK smiðir
Getum bætt við okkur verkefnum, s.s. pöllum og skjólveggjum. Símar 695 5219 & 693 3483.

Antík

Flöskugrænt plusssófasett (skeljasett) til sölu. Um er að ræða þriggja sæta sófa, tvo stóla og sófaborð. Mjög vel með farið, nýuppgert. Verð 80.000. Uppl. í síma 897 4032 eða 892 4258.

Heimilistæki

Electrolux kæli-og frystiskápur 2m x 60cm á 13 þ., þvottavél á 8 þ. og þurrkari á 5 þ. S. 864 1717.

Barnavörur



Önnumst viðgerðir á barnavagnahjólum. Eigum dekk og slöngur á lager. Borgarhjól, Hverfisgötu 50. S. 551-5653

Dýrahald

Íslenskir fjarhunds hvolpar tilbúnir til afhendingar. S. 663 6507.

Hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 862 2219.

9 vikna Silky terryer hvolpar til sölu. Ættbókarfærðir hjá Íshundum, bólusettir og örmerktir. Uppl. í s. 696 7885.

NUTRO - 30 % afsláttur!
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar í síma 868 6058 & 551 9637.

3 krúttlegir og kelnir kettlingar fást gefins á gott heimilli. Uppl. í s. 820 0772.

3 fallegir og friskir kettlingar fást gefins. 2 mánaða og tilbúnir að fara á heimili. S. 694 3033.

Chuhuahua hvolpar, svartir, og hvítir blendingjar til sölu. Uppl. í s. 566 7072 & 691 6263.

Ýmislegt

Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

Eldhúsinnrétting, Simens helluborð þilofn og vifta. Tvíhólfa vaskur. Svefnherbergisskápur og skápar í herbergi, baðskápur, vaskur og baðkar. 3 hurðir í körmum. Allt gegn því að taka það niður. Sími 863 7675 & 552 7675.

Búslóð til sölu. Ísskápur, rúmgrind, hillur, sófasett ofl. Lágmarksverð. Upplýsingar á http://notendur.centrum.is/~eythorgunn og í símum 8976246 og 8626246.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðaþjónusta

Fjölskyldumót
Bjóðum uppá aðstöðu fyrir ættarmót. Heitur pottur, sauna, hestaleiga, góð inniaðstaða. Erum staðsett undir Eyjafjöllum. Uppl. skalakot@simnet.is eða í s. 487 8953.

Gisting

Íslendinga afsláttur!
Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ráða stór og falleg hótelherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og frítt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Laxá á Refasveit. Eigum til lausar stangir . Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.

Lax og Silungsveiði!
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 og 660 6890.

Vesturröst
Vesturröst
Vandaðar flugur,
Flæðamús Tungstein
www.vesturrost.is
Laugavegi 178 Sími 551 6770

Ný sending!
Full búð af nýjum vörum, allir nýju sumar litirnir komnir
Allt Smart
Laugavegur 46
Sími: 551-1040.

Seltjörn 1/2 dagur veiðileyfi 1.950 kr. Uppl. í 822 5300 og www.seltjorn.net

Veiðileyfi Stóru-ármót
Viltu komast í Laxveiði fyrir 5900 kr, með húsi. Klukkutíma frá Reykjavík. Upplýsingar í síma 868 4043 og hjá Stangveiðifélag Reykjavíkur í s. 568 6050.

Hestamennska

Þokki frá Sörlatungu Stóðhestar til notkunar Sörlatungu í Holtum Rangárþ
Faðir Fáfnir frá Fagranesi og móðir Blökk frá Tungu.Tölt. 8,5 Brokk. 8,5 Stökk. 8,5 Vilji og Geðsl. 8,5 Fegurð í reið 9,0 Kostir 8,03 Sköpul.7,91. Verð á folatolli kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Sólveig s. 892 1270 og 892 1271.

Segull frá Sörlatungu Stóðhestar til notkunar Sörlatungu í Holtum Rangárþ
Faðir Stormur frá Stór-Hól og móðir Orka frá Tungu. Tölt. 9.0 Brokk 8,5 stökk 9,0 Vilji og geðsl. 8,5 Fegurð í reið 8,5 kostir 8,06 sköpul. 7,93. Verð á folatolli kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Sólveig s. 892 1270 og 892 1271.

AIGLE
Lífsstill frá París
Ný sending af
AIGLE
fatnaði
Léttar úlpur, jakkar, buxur, peysur bolir, skór ofl.
ÁSTUND
Háaleitisbraut 68 103 Reykjavík
S 568 4240 www.astund.is
astund@astund.is

ÁSTUND
Kynbótahlífar í miklu úrvali
Leður hælhlífar og gúmmí fjórðungarnir komnir aftur.
Nýkomið:
Sýningarjakkar, hvítar reiðabuxur, skyrtur, reiðstígvél og hvítir hanskar.
ATH: Leigjum út sýningarjakka í barna og fullorðinsstærðum.
ÁSTUND
Háaleitisbraut 68, 103 Rvk.
S. 568 4240 www.astund.is
astund@astund.is

Hestamannafélagið Hörður og Íslandsbanki kynna. Opið stórmót hestamanna í Mosfellsbæ. Dagana 02-05 júni.
Keppt verður í eftirfarandi greinum: A. flokkur. Atvinnumenn og áhugamenn. B. flokkur. Atvinnumenn og áhugamenn. Ungmennaflokkur, unglingaflokkur, barnaflokkur, opin unghrossakeppni. Tölt-meistarar, 1. flokkur & 2. flokkur. 100 m. fljúgandi skeið. 1.sæti í öllum flokkum gefur verðlaun að verðmæti 50.000 kr. eða meira. Meðal verðlauna er : Vegleg peningaverðlaun í tölt-keppnum og skeiði. Lazyboy stóll frá Valhúsgögnum. Spænir frá Hestalist. Folatollar og vöruúttektir. Skráning er 29 og 30 maí í félagheimili Harðar frá kl. 18-22. Einnig verður hægt að skrá í síma 566 8282. Greiða skal skráningargjöld við skráningu. Skráningargjald. Unglingar, ungmenni og fullorðnir 3.000 kr. Börn 2.000 kr. Á laugardagskvöldið verður grillveisla og trúbadorstemmning fram á rauða nótt.
Nánari upplýsingar í síma 869 6078, 893 3702 & 846 5905.

Heiðursverðlaunahestur
Óður frá Brún er klár í slaginn. Húsnotkun til 15. júní á suðurlandi. Hesturinn verður á vestfjörðum í sumar. Uppl. í síma 893 1038.

Þrír hestvagnar til sölu. Uppl. í síma 898 6105.

Til sölu 8 v. töltari, þæg falleg og viljug. Hentar vönum ungling. V. 200 þús. S. 862 3643.

Ýmislegt

Draugasetrið
Kaffiveitingar í hliðarsal
Sumaropnun:
Alla daga 14-21
Pakkatilboð fyrir hópa
draugasetrid@draugasetrid.is
draugasetrid.is

Fjarstýrðir Rafmagns og bensínbílar
Verð frá kr. 29.900,-
vdo.is
Borgartún 36 - s: 588-9747

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Torrevieja-Spánn.
Indælt lítið raðhús fyrir 6 til leigu, á góðum stað í bænum. Gott verð. S. 908 6440. www.cozyhouse-torrevieja.com

2ja herbergja íbúð til leigu á 6. hæð í lyftublokk í Norðurbænum Hafnarfirði. Húsvörður. Íbúðin leigist með húsgögnum í 1 ár. 75 þús. kr. á mán. Hússjóður/hiti innifalinn. Uppl. í síma 659 9115, Ingibjörg.

Til leigu bjart og fallegt 18 fm. forstofu herbergi á 2. hæð á sv. 104, frá 01/06 með sér salerni á 15 þús., á mán. Uppl. í s. 453 5094 & 866 6055.

Stórskemmt., bráðfall., björt, 4h.b íb., ca 400 fm í Höfðing. ebh í 109. Stór sólstétt einkabílst. Ársleiga í senn. 97 þ. p. m. Innif. hitakostn. F. rs sk.vís hjón. 567 7521.

Andrésbrunnur
3ja herb., íbúð 93 fm., á 1. hæð, með sérgarði til leigu. Leiga 95 þús,. pr., mán. Fyrirframgreiðsla + trygging. Uppl. í s. 892 8702.

Hjarðarhagi- nágr. H.Í. Til leigu reyklaus 3ja herb. 90 fm íbúð. Verð 90 þús. á mán (m/hússj.) Langtímaleiga möguleg. Laus 1. júlí. Fyrirspurnir sendist á elin@hive.is.

Til leigu tæplega 60 fermetra tveggja herbergja íbúð á jarðhæð í Breiðholti frá 1. júní til 15. ágúst. Leigist á 175 þús. fyrir þennan tíma. Upplýsingar í síma 437 0029, 862 0814 og 691 9697.

Til leigu á svæði 105, 46 fm 2ja herb. kj. íbúð. Leiga 55 þús á mán. Einungis reyklausir koma til greina. Engin heimilisdýr. Laus frá 1. júní. Uppl. í síma 696 3305.

Stúdíóíbúð til leigu í Stórholti. Upplýsingar í síma 895 8698 & 899 3749.

Ábyrgt og heiðarlegt fólk getur fengið 3ja herb. íbúð með öllu til leigu í einn mán. frá 30 júní - 28. júlí á svæði 109. Upplýsingar í síma 866 9747 e. kl. 17.

Lítil 2ja herb. íbúð á 101 svæðinu til leigu í júní og júlí með húsgögnum á 50 þús. kr. á mánuði. Sérinngangur og garður. Uppl. hjá Evu í s. 699 8638.

Húsnæði óskast

Stjörnugrís hf. óskar eftir að taka á leigu 3 - 4 herbergja húsnæði í a.m.k. 6 mánuði fyrir starfsmenn sína. Helst á Kjalarnesi eða í Mosfellsbæ. Upplýsingar gefur Sigurður í síma 566 6110 eða á ssp@svinvirkar.is

4ra manna fjölskylda utan af landi
óskar eftir 4ra-5 herbergja íbúð, einbýlishúsi eða raðhúsi á stór Reykjavíkursvæðinu frá 01. ágúst.
Uppl. í s. 898 9880.

Er að leita mér að lítilli íbúð eða góðu herbergi til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá 1.júlí. Uppl. í s. 849 6346 eða sesseljap@hotmail.com

Kennara menntaða Konu vantar 2ja herb. íbúð. Sími 587 0054.

Reglusamur og reykl. karlm. óskar eftir íbúð á 101, 107 og 105. Greiðslug. 30-50 þ. Pétur s. 820 7720.

Reglusamur karlmaður óskar eftir lítilli íbúð eða stóru herbergi í Kópavogi. Sími 894 1145.

Snyrtimennska í fyrirúmi!
Óska eftir 2. herb snyrtilegri íbúð sem fyrst, kem til með að hugsa um hana eins og mína eigin. Uppl í S 691-5536.

Óska eftir 3ja herbergja íbúð í Reykjavík. Reglusemi og meðmæli. Sími 845 1530

22ja ára stúlka óskar eftir lítilli íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvísi og reglusemi. Upplýsingar í 6594186

Við óskum eftir 4ra herbergja íbúð í Árbæ eða Breiðholti. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli. Uppl í síma 586 2506, 893 2501 eða 893 2502

Kennara og framh.skólanema vantar 3ja herb. íbúð frá júní/júlí, í minnst 2 ár. Helst nálægt MS. Reyklausar og reglusamar, meðmæli. Uppl. í síma 867 2592 .

26 ára reglusamur og skilvís maður óskar eftir 3ja-4ra herbergja íbúð til langtímaleigu. Sími 844 5428.

2 reykl. og reglus. háskólastúlkur óska e. 3ja herb. íbúð á sv. 101/107 fyrir 1. ágúst. Skilv. greiðslum heitið. Meðm. fylgja. Elsa s. 897 2447.

Greiðslugeta 70 þ. Óska eftir íbúð til leigu, helst á höfuðborgarsvæðinu í styttri eða lengri tíma. Einungis snoturt húsnæði kemur til greina. Hef ef þess er óskað meðmæli. Hildur Jonz s. 698 2343.

Sex manna fjölskylda óskar eftir íbúð eða raðhúsi á leigu í einhverjum af nýrri hverfum Kópavogs. Mjög góðri umgengni og algerri reglusemi heitið. Uppl. í síma 899 3233.

Hjón með 2 ung börn óska eftir 3ja herbergja íbúð eða stærri frá ca 20 júní. Reglusöm, meðmæli ef óskað. Öruggar greiðslur. Áhugasamir hafið samband í s. 660 3306.

3ja manna bindindis fjölskylda á besta aldri óskar eftir 3ja-5 herbergja íbúð í eða við miðbæ R.víkur. M. sér inngangi og afnot af garði. Við erum með smáhunda, vel upp aldir og snyrtilegir. Langtímaleiga. Greiðslugeta allt að 80 þús. Öruggar greiðslur. Guðjón s. 661 9660.

20 ára strákur óskar eftir einstaklingherb. eða stúdíoíbúð helst í 101 en allt kemur til greina, á verðbilinu 20-30 þús. (öruggar greiðslur) S. 690 8436 & 587 7297.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir 3-4 herbergja íbúðum í miðbæ Reykjavíkur, júní til ágúst fyrir ferðamenn. Uppl í síma 588-0000

Húsnæði til sölu

Til sölu stálgrindaskemma til flutnings. Skemman er 70m2 og er lágmarksloft-hæð um 4,5m. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 660 0581.

Sumarbústaðir

Nú er rétti tíminn !
Vönduð bjalkahus 23 fm og 37 fm ásamt 10-15 fm lofti til sölu. Áltækni s/f 461 1111 og 869 9007 Nánari uppl. www.bjalkahus.com

Til sölu WindRider seglbátar Frábær afþreying við sumarbústaðinn. Nánari uppl. merkilegt.is og í s.896 4341/897 9999

Til sölu sumarbústaðalóð í Skorradal. Til greina kemur að taka pallbíl uppí. Uppl. í s. 899 3119 Jóhann.

Til sölu 45 fm sumarbústaður m. 20 fm svefnlofti. Staðsettur milli Dalvíkur og Akureyri. Hitaveita kominn inn. Verð 5 milljónir m/öllu innbúi. S. 461 1049 & 820 0494.

Til sölu sumarbústaðarlóð í landi Hjalla í Kjós skamt fyrir innan Meðalfellsvatn með samþykktum teikningum. Uppl. í síma 699 5640.

Húsafell. Sumarbúst. á besta stað í Húsafelli til leigu í sumar. Uppl. í s. 895 6156. Geymið auglýsinguna.

Tveir gasofnar, gas helluborð með 3 hellum og sólarrafhlaða til sölu. Uppl. í s. 863 4331.

Til sölu 55 L rafmagns heitavatns kútur og rafmagns ofnar úr 75 fm sumarbústað. Uppl. í s. 863 9018.

Geymsluhúsnæði

Útboð hjá Geymslusvæðinu 25- 30 mai sjá nánar www.geymslusvaedid.is

Bílskúr

Bílskúr óskast á leigu, helst í austurborginni. S. 861 0006.

Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

Ódýr gisting í Kaupmannahöfn, miðsvæðis, LaVilla Uppl. s:0045 32975530 gsm:0045 28488905 www.lavilla.dk

GISTING VIÐ LEGOLAND BRYNDÍS OG BJARNI S. 0045 75885718 WWW.BBGISTING.COM

ATVINNA

Atvinna í boði

BM ráðgjöf
www.bm.is
Starfsfólk !
Við erum að bæta við duglegu sölufólki núna !
Góð verkefni – góð laun
BM ráðgjöf ehf.
Reykjavík 822 5052
Vestmannaeyjum 693 2485
Reykjanesbæ 862 1180
bm@bm.is

Þverflautukennari óskast til starfa við Tónlistarskólann í Grindavík.
Stöðuhlutfall u.þ.b 50%. Fyrirspurnir/umsóknir berist á tonlistarskolinn@grindavik.is eða sendist á Tónlistarskólann í Grindavík, Víkurbraut 34, 240 Grindavík fyrir 8. júní nk.
Skólastjóri.

Samstarf um sprautuverkstæði
Fyrirtæki á Reykjarvíkursvæðinu óskar eftir samstarfsaðila um rekstur sprautuverkstæðis með vinnuvélar í huga.
Áhugasamir sendið póst á smaar@frettabladid merkt "samstarf"

Bakaríið hjá Jóa Fel.
Vantar aðstoð í bakarí í vinnslusal. Þarf að geta mætt snemma.
Uppl. sendist á joifel@joifel.is Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

Furðufiskar ehf.
Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar sem fyrst bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík

10-11-Select-Shell
Óskum eftir starfsfólki í fullt starf í sumar á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum.
Hægt er að sækja um á heimasíðu 10-11. www.10-11.is eða á stöðvunum sjálfum.

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Sumarvinna
Óskar eftir vönu fólki á dráttarvél í slátt, réttindi ekki skilyrði. Umsóknir á http://www.gardlist.is

Hlöllabátar Höfðanum óska eftir starfsfólki til að vinna helgarvaktir. Uppl. gefur Kolla í s. 892 9846 eftir kl. 14.

Hrói Höttur Fákafeni 11 óskar eftir duglegu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Okkur vantar bakara, bílstjóra (á eigin bíl) og afgreiðslufólk. Reglusemi og stundvísi. Upplýsingar gefur Arnar á Fákafeni 11 S:533 3555

Stjörnustál
Starfsmaður vanur járnsmíði óskast í járnsmiðju. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Uppl. hjá Grétari í síma 692 8091.

Óskum eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Söluturn í Grafarholti. 18 ára og eldri. Upplýsingar í síma 892 6217.

Hótel úti á landi óskar eftir starfsfólki í sal. 18 ára eða eldra. Upplýsingar í síma 456 2011.

Au-pair óskast til New York! Áreiðanleg og ábyrg stúlka óskast til að hugsa um 3ja ára strák og létt heimilisstörf. Undir 22ja ára ekki æskileg. Upplýsingar gefur Anna í síma 845 8561.

Óska eftir heimilishjálp. Upplýsingar í síma 847 2200.

Óskum eftir aðstoðarmönnum á byggingarstað. Skemmtilegt verkefni. Uppl. í síma 846 2986.

Óska eftir starfsmönnum í málningarvinnu. Uppl. í s. 869 2360.

Læknir eða líffræðingur óskast. Leita að prófarkalesara í hlutastarf fyrir læknisfræðilegt efni. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á læknis-/líffræðimáli góða íslensku- og enskukunnáttu. Vinsamlega hafið samband í tölvupósti haralduthydandi@visir.is

A. Hansen óskar eftir aðstoðarmanni/konu í eldhús. Þarf að hafa áhuga á matreiðslu. Upplýsingar í síma 565 1130.

Óskum eftir bílstjóra á vörubíl. Eðalverk ehf. S. 661 2277.

Vantar smiði og verkamenn vana viðhaldsvinnu. Uppl. í s. 894 0031.

Sjómaður vanur netum óskast á 60 tonna netabát sem rær frá Suðurnesjum. Upplýsingar í síma 853 2951 og 848 4851.

Au-pair í Hollandi. Læknafjölskylda óskar eftir au-pair frá lok júlí. Uppl. síma 0031243483530 e. kl. 17 eða hronn@chello.nl

Mótauppsláttur
Óska eftir mönnum með mót sem geta byrjað strax að slá upp einbýlishúsi. S. 896 1074.

Bakari óskast í sumarafleysingar í lítið bakarí úti á landi í ca 4 vikur, þarf að geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar í síma 845 3404.

Pylsuvagninn í Laugardalnum
Okkur vantar gott starfsfólk til vaktavinnu strax. Þarf að vera röskt, stundvíst, heilsuhraust og snyrtilegt. 18 ára og eldri. Uppl. í s. 588 5445 eða 864 9862.

Rafvirkjar eða menn vanir rafvirkjun óskast til starfa. Uppl. í síma 893 7004.

Óska eftir að ráða vanan starfsmann á belta/hjólagröfu. Reynsla á akstri stærri bíla æskileg. Uppl. í síma 899 0012.

Sjómenn ath
Skipstjóra með 30tonna réttindi vantar á trillu sem fer til hákarla- og handfæraveiða. Uppl. í s. 698 0315.

R&B singer is lookin for a produser to make tracs. Call AJ at 691 8035.

Viðskiptatækifæri

Hefurðu hugleitt að stunda eigin viðskipti? Skoðaðu www.orvandi.is/upplysingar.htm

FASTEIGNIR

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Skólavörðustíg 13
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
lögg. fasteignasali

Vatnsendahlíð 65 - Skorradal

Glæsilegt, bjart og frábærlega staðsett 53 fm sumarhús á einni hæð í Skorradal. Húsið skiptist í Rúmgóða stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Mikil lofthæð er í húsinu. Stór og glæsileg verönd umlykur húsið til austurs, suðurs og vestur. Öll búslóð fylgir. Verð 11,9 millj. **Opið hús milli 13-18 í dag (Grétar sími 862-4590)**

Húsavík – þar sem gott orðspor skiptir máli

Opnunartími:
Frá kl. 8.30 til 18.00 mánudag til fimmtudaga, föstudaga til kl. 17.00 og frá kl. 12.00 til 14.00 laugard. og sunnudaga

LUNDUR FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.ÍLEÐ, FJÓRAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

FRAMNESVEGUR – RAÐHÚS

Gott raðhús á 3 hæðum í vesturbæ Reykjavíkur. Einn af þessum kósí „burstabæjum“ við Framnesveginn. Aðalinngangur er á miðhæðina þar sem eru forstofa, stofa og eldhús með nýrri innréttingu. Nýjar grásteinsflísar á öllum gólfum miðhæðar. „Sísal“-teppalagður stigi til efri hæðar þar sem eru 2 góð herbergi með endagluggum og snyrting. Frá miðhæð liggur stigi til kjallara en þar eru opin rými með gluggum, þvottaaðstaða, geymslur og baðherbergi með kari. Góður möguleiki á aukaíbúð. Útgengi er í bakgarð. Þar er hægt að hafa bílastæði ofl. Eignin hefur verið töluvert endubætt og vandað til verksins. **Verð 22,9 millj.**

OPIÐ Á LUNDI Í DAG MILLI KL. 12 OG 14

Netfang: lundur@lundur.is - Heimasíða: //www.lundur.is

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Leiðbeinandi Riajarshi Peterananda

Fyrirlestur um Kriya Jóga hugleiðslu verður haldinn Föstudaginn 3. júní kl. 20:00 í húsi Guðspekifélagsins, Ingólfsstræti 22. Þeir sem hafa áhuga eiga kost á að læra Kriya Jóga í Jógastöðinni Heilsubót Síðumúla 15, Laugardaginn 4 júní. Eldri nemendur velkomnir. Uppl í s. 860 844, 825 8103 & 699 2518 www.internet.is/kriyajoga.

Einkamál

Kona 65 ára vill kynnast heiðarlegum reyklausum manni á svipuðum aldri með félagsskap í huga. Svör sendist Fréttablaðinu Skaftahlíð 24 merkt “Vonir”

allt

Allt um tísku
og ferðir
á fimmtudögum
í Fréttablaðinu.

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMA LIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

FUNDIR

EFTIRLAUNASJÓÐUR SLÁTURFÉLAGS SUÐURLANDS

Boðað er til ársfundar Eftirlaunasjóðs Sláturfélags Suðurlands.

Fundurinn verður haldinn að Fosshálsi 1, 3. hæð, mánudaginn 13. júní n.k. kl. 17:00.

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings, tryggingafræðilegrar úttektar og fjárfestingastefnu.
3. Önnur mál.

Stjórnin

ATVINNA

Flotmúr ehf. óskar eftir múrurum eða byggingaverkamönnum til framtíðarstarfa.

Góð vinnuaðstaða og ýmis fríðindi í boði.
Hjá fyrirtækinu eru stundvísi, reglusemi og snyrtimennska höfð að leiðarsljósi. Upplýsingar veitir Hermann s. 824-0-824, umsóknir óskast sendar á flotmur@flotmur.is

Flotmúr ehf. er byggingafyrirtæki er sérhæfir sig í plötusteypu og flotun og hefur yfir góðum tækjabúnaði að ráða.

Flotmúr ehf
Miðhraun 22 ◆ 210 Garðabær

Flúðaskóli Hrunamannahreppi

Kennarar!

Kennara vantar í ensku, tónmennt og íþróttir.

Hrunamannahreppur er ört vaxandi sveitarfélag í uppsveitum Árnessýslu. Hér búa tæplega 800 íbúar þar af uþb. 300 á Flúðum sem er gróinn og veðursæll staður um 100 km frá Reykjavík. Hér er öflugt félagslíf, öll nauðsynleg þjónusta innan seilingar s.s. kjörbúð, banki, sundlaug , hótel og nýbyggður leikskóli.
Í Flúðaskóla eru 190 nemendur frá 1. upp í 10. bekk. Helstu áhersluþættir hafa verið fjölgreindarkenning Gardners og ìLesið í skóginnî.

Upplýsingar veitir Ragnhildar Birgisdóttir, aðstoðarskólastjóra í síma 480 6612 og 863 6416, netfang dilla@fludaskoli.is. Einnig veitir upplýsingar Guðjón Árnason, skólastjóri í síma 480 6611 og 891 8301, netfang garn@fludaskoli.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní nk.

TILKYNNINGAR

Tollkvótar vegna innflutnings á blómum.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar dags. 27. maí 2005, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á blómum, fyrir tímabilið 1. júlí 2005 til 31. desember 2005.

Nánari upplýsingar liggja frammi í ráðuneytinu á skrifstofutíma frá kl. 9:00 – 16:00.

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 3. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.

Tollkvótar vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

Með vísan til 65. gr. og 65 gr. A, laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 27. maí 2005, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti, fyrir tímabilið 1. júlí 2005 til 30. júní 2006.

Nánari upplýsingar liggja frammi í ráðuneytinu á skrifstofutíma frá kl. 9:00 – 16:00.

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 3. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.

Tollkvótar vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

Með vísan til 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 27. maí 2005, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á unnum kjötvörum, fyrir tímabilið 1. júlí 2005 til 30. júní 2006.

Nánari upplýsingar liggja frammi í ráðuneytinu á skrifstofutíma frá kl. 9:00 – 16:00.

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 3. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.

Tollkvótar vegna innflutnings á smjöri og ostum.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A, laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar dags. 27. maí 2005, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á smjöri og ostum, fyrir tímabilið 1. júlí 2005 til 30. júní 2006.

Nánari upplýsingar liggja frammi í ráðuneytinu á skrifstofutíma frá kl. 9:00 – 16:00.

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 3. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.

100% Spánn

Kynning á fasteignum

Laugardag og sunnudag

28 -29 maí kl: 12-17

Í húsi

Ferðafélags Íslands

Mörkinni 6

Norður-Costa Blanca • Suður-Costa Blanca • Costa Calida • Costa Almeria

- 25 ára reynsla
- Sérsniðin fasteignaþjónusta
- Nýjar og eldri fasteignir
- Eignir frá 7 milljónum króna

sales@atlasiceland.com

Sími: 696 1960

www.atlasinternational.com

ATLAS INTERNATIONAL

DRAUMAHELGIN

Rólegheit og afslöppun á suðrænum slóðum

Erna Hrönn Ólafsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Bermuda, hefur haft mikið að gera undanfarið og væri meira en til í eina rólega helgi. „Draumahelgin myndi snúast um rólegheit og ferðalög í faðmi fjölskyldunnar. Mér þætti frábært að geta stokkið upp í flugvél, slökkt á símanum og farið eitthvert á hlýjan og sólríkan stað þar sem ég þyrfti ekkert að gera nema slappa af," segir Erna.
Erna á kærasta og tvö börn sem hún myndi að sjálfsögðu taka með sér í fríið. „Ég myndi vilja fara eitthvert í sól og hita þar sem fjölskyldan gæti dundað sér saman. Ítalía væri t.d. tilvalinn staður – nú eða bara einhver eyja þar sem eru rólegheit og sól. Ég sé fyrir mér að ég myndi liggja í sólinni, krakkarnir léku sér í sandinum og það væru engar áhyggjur til að stressa mann. Svo þegar ég hugsa þetta betur sé ég að eiginlega þyrfti ég að hafa barnapíu með mér. Þá gætum við kærastinn átt rómantískar stundir saman þegar börnin væru sofnuð á kvöldin."
„Ég veit þetta hljómar kannski voðalega klisjulega og vissulega væri líka gaman að gera eitthvað villt eins og að safna öllum vinum mínum saman á eyju og halda stórt partí. Það er hins vegar búið að vera mjög mikið að gera hjá mér undanfarið þannig að akkúrat núna væri draumurinn sá að fá frið og rólegheit," segir Erna.
Erna hefur nýlokið prófum í Háskóla Íslands, hún vinnur á daginn og spilar þess á milli með hljómsveitinni Bermuda. „Það er mikið að gera hjá hljómsveitinni núna. Við erum að gefa út okkar fyrsta lag og höfum spilað mikið undanfarið, til dæmis í félagsmiðstöðvum og á skólaböllum. Stefnan er tekin út á land á næstunni og það verður nóg að gera hjá okkur í sumar. Þess vegna væri alveg frábært að fá eina afslöppunarhelgi þar sem ég gæti stungið af fyrirvaralaust og hlaðið batterín. Það væri algjör draumur."

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Draumurinn væri sá að geta slappað af á góðum stað, laus við allt stress," segir Erna.

SJÓNARHORN

Vesturbær Reykjavíkur, Seltjarnarnes og Snæfellsjökull á góðum degi. / Ljósmynd: GVA

ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22
Frábært sumartilboð kr. 7.900
ótakmörkuð mæting í júní.
Kennari Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir. Skráning er hafin í síma 555-3536 eða 695-0089 ropeyoga@internet.is
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri


Mynd eftir Línu Rut
Útskriftargjafir
í Galleríi Fold í Kringlunni og við Rauðarárstíg.
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.
LISTMUNASALA fold
Sjáumst í Galleríi Fold
Opið laugardag, 11-14
Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Futurebiotics
Framúrskarandi fyrir
MELTINGUNA
Byggir upp eðlilega flóru í maga og meltingarvegi
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum

Futurebiotics
KOLVETNABLOKKARI
Minnkar sykurlöngun og virkar vatnslosandi
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

2 hylki fyrir kolvetnaríka máltíð
Fæst í apótekum,heilsubúðum og matvöruverslunum

Futurebiotics
NÆTURBRENNSLA
Undraverður árangur
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

3 hylki fyrir svefn
Fæst í apótekum,heilsubúðum og matvöruverslunum

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS



KRAFTMIKIL SVÆÐI Kort sem sýnir kraftmestu jarðhitasvæði heims.

Endalaus jarðvarmi

Spurning: HVAR ERU HELSTU JARÐHITASVÆÐI Í ÚTLÖNDUM OG ERU ÞAU NÝTT EINS OG HÉR?

Svar: Kraftmestu jarðhitasvæði heims eru í löndum þar sem eru virk eldfjöll. Hér á landi eru kraftmestu jarðhitasvæðin, sem við köllum háhitasvæði, á gosbeltum landsins þannig að hvert háhitasvæði tengist ákveðinni eldstöð í gosbeltunum. Í eldfjallalöndum eins og Indónesíu, Japan, Papúa Nýju-Gíneu, Filippseyjum, Mexíkó, Nýja-Sjálandi, Bandaríkjunum og Ítalíu eru einnig mörg háhitasvæði og þau eru oft nýtt til raforkuvinnslu.

Lághitasvæði

Í flestum löndum heims er að finna jarðhitasvæði þar sem hitinn á jarðhitavatninu er undir suðumarki. Við köllum þess konar svæði lághitasvæði og mestur hluti jarðhitavinnslunnar á Íslandi er á lághitasvæðum. Lághitasvæði heimsins eru vissulega í eldfjallalöndum en einnig í löndum þar sem eldfjöll eru ekki virk lengur. Oft er hægt að finna heitt vatn í þykkum setlögum í þessum löndum.

Evrópulönd sem nota lághita til upphitunar eru til dæmis Litháen, Pólland, Þýskaland, Austurríki, Tékkland, Slóvakía, Slóvenía, Ungverjaland, Rúmenía, Búlgaría, Makedónía, Serbía, Króatía, Grikkland, Ítalía og Frakkland. Utan Evrópu eru það helst Kínverjar og Japanar sem hafa verið duglegir við að nota lághita til upphitunar og til baða.

Kæliskápar geta hitað eldhúsið

Á síðustu áratugum hafa varmadælur orðið nokkuð vinsælar við upphitun húsa víðs vegar um heim, en ekki á Íslandi. Varmadælur eru til dæmis notaðar í kæliskápum en þá er varma dælt út úr kæliskápnum í eldhúsið, sem hitnar við þetta. Svona dælur má líka nota til þess að dæla varma úr jörðinni inn í húsin okkar. Þessi hitunaraðferð er orðin nokkuð almenn í löndum eins og Bandaríkjunum, Sviss, Þýskalandi og Svíþjóð. Með þessu móti er hægt að nota tiltölulega lágt hitastig í jörðinni til þess að hita upp hús og ekki er beinlínis þörf á að hafa aðgang að eiginlegum jarðhitasvæðum eins og við eigum að venjast.

Á háhitasvæðum heims eru núna jarðgufustöðvar sem framleiða um 8.000 MW af rafafli. Mesta raforkuframleiðslan er í Bandaríkjunum og Filippseyjum, um 2.000 MW í hvoru landi. Veruleg raforkuvinnsla er einnig á Ítalíu, Mexíkó, Indónesíu, Japan og Nýja-Sjálandi.

Jarðhitanotkun á Íslandi

Uppsett afl í jarðgufustöðvum á Íslandi er 170 MW og er Ísland í áttunda sæti á þessu sviði. Hins vegar er Ísland í fjórða sæti á heimslistanum í notkun jarðhita til upphitunar. Uppsett varmaafl í jarðhita á Íslandi er um 1.500 MW, en alls er talið að um 15.000 MW í jarðvarmaafli hafi verið virkjuð í heiminum árið 2003. Aðeins Kína, Japan og Bandaríkin nota meiri jarðhita til upphitunar en við Íslendingar. En ef jarðhitanotkunin væri miðuð við höfðatölu værum við auðvitað margfaldir heimsmeistarar.

Valgarður Stefánsson, eðlisfræðingur.

Er jarðvarminn endalaus orkulind?

Þetta er nokkuð snúin spurning eins og góðar spurningar eiga að vera. Ef jarðvarminn stafaði eingöngu af því að jörðin var heit í upphafi lægi svarið nokkuð beint við: Sá varmi var endanlegur og væri nú að mestu horfinn.

Geislavirk efni í iðrum jarðar

En undirrót varmans sem streymir frá jörðinni er ekki eingöngu upprunalegur hiti í iðrum jarðar, heldur eru þar líka geislavirk efni sem gefa í sífellu frá sér orku sem heldur hitanum við. Orkan sem býr í þessum efnum er svo mikil að varla sér högg á vatni þó að hluti hennar berist burt sem jarðvarmi. Orkuforði jarðvarmans er þess vegna svo mikill, miðað við orkustreymið og umsvif okkar, að okkur er alveg óhætt að líta á jarðvarmann sem endalausa eða ótakmarkaða orkulind: Það mun ýmislegt annað og meira ganga á hér á jörðinni áður en að því kemur að forði jarðvarmans fari að láta á sjá.

Jafnvægi þarf í vinnslu á jarðvarma

Hitt er svo annað mál að jarðvarmi sem er okkur aðgengilegur til nýtingar í jarðskorpunni hefur safnast þar upp með hægri varmaleiðingu að innan eða borist þangað með kviku. Þessi forði er takmarkaður og svo getur farið að við nýtum hann hraðar en náttúran hefur undan að endurnýja. Þess vegna þarf að gæta jafnvægis í vinnslu og endurnýjun eða hvíla svæði ef vinnslan krefst hraðara varmanáms en náttúruleg endurnýjun stendur undir.

Lesa má meira um jarðvarma á Vísindavefnum, meðal annars í svari Guðmundar Pálmasonar við spurningunni Hvað er jarðhiti? og einnig í Jarðhitabók eftir sama höfund sem nýlega kom út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi.

Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur og Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu og eðlisfræði.

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við undanfarið eru til dæmis: Hvaða stafir eru í stafalogni, hversu miklu rafmagni skilar virkjun af sér á mínútu, af hverju 'kallar maður ekki allt ömmu sína', hvert er hlutverk páfans, af hverju taka Ísraelar og Tyrkir þátt í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og hvað merkir 'nix' í orðasambandinu 'núll og nix'? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Hjólhýsi Dethleffs og Cristall - verð frá 1.875.000,-

Sumarsýning
í stóru dótabúðinni

Um helgina verður sýning í nýju og glæsilegu húsnæði Gísla Jónssonar að **Kletthálsi 13.**

Þar er gott úrval af **fortjöldum, tjaldvögnum, hjólhýsum, fellihýsum** og **pallhýsum** frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu í heimsókn í **skemmtilegustu** og **stærstu dótabúð** landsins, því nú er rétti tíminn til að tryggja ógleymanlegt sumarfrí fyrir alla fjölskylduna!

Camp-let tjaldvagnar - verð frá 559.000,-

Starcraft fellihýsi - verð frá 1.279.000,-

Starcraft pallhýsi

Fortjöld fyrir flestar gerðir af fellihýsum og hjólhýsum frá Isabella

Opið laugardag 10-16 og sunnudag 13-16

ATHUGIÐ! GÍSLI JÓNSSON HEFUR FLUTT STARFSEMI SÍNA AÐ KLETTHÁLSI 13.



GÍSLI JÓNSSON
WWW.GISLI.IS // S. 587 6644

„Gull, silfur og brons"
-stærstu fjölmiðlar landsins*



Fréttablaðið er stærsti fjölmiðill landsins.

Yfir 90% landsmanna lesa blaðið yfir vikuna. Þetta er í annað sinn á hálfu ári sem Fréttablaðið tekur þetta sæti af Ríkissjónvarpinu. Stöð 2 er í þriðja sæti og helsti keppinautur Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði , Morgunblaðið, er nokkuð á eftir í 5. sæti

FRÉTTABLAÐIÐ

-stærsti fjölmiðillinn

*Uppsöfnuð dekkun vikunnar

Höfuðborgin stenst illa samanburð

Reykjavík er áberandi dýrust í tíu algengum vöruflokkum af sextán samanborið við verðlag í tíu öðrum borgum Evrópu. Verðmismunur um og yfir 30 prósent er algengur.

Verðlag í verslunum í Reykjavík á hinum margvíslegustu vörum stenst illa samanburð við aðrar borgir í Evrópu samkvæmt lauslegri úttekt Fréttablaðsins en til samanburðar var nýleg verðkönnun evrópsku neytendasamtakanna, European Consumer Center, sem gerð var í tíu borgum álfunnar í apríl síðastliðnum.

Í ljós kemur að í tíu tilvikum af sextán reyndust þær vörur sem verð var kannað á dýrastar í Reykjavík. Þar að auki var höfuðborg Íslands ofarlega í hinum sex flokkunum sem eftir stóðu. Aðeins verð á Gucci-rakspíra hér á landi reyndust nokkuð samkeppnishæf við aðrar borgir Evrópu en voru þó rúmlega 30 prósent hærri en þar sem varan fékkst ódýrust.

Madrid ódýrust

Höfuðborg Spánar, Madrid, reyndist að meðaltali ódýrust þeirra borga sem könnunin tók til en þar með er ekki sagt að allt sé ódýrara þar. Geisladiskar voru að jafnaði ódýrastir í Enschede í Hollandi eða á innan við 1.200 krónur. Sama upphæð kemur ferðamönnum frá flugvellinum í Düsseldorf niður í miðbæ borgarinnar með leigubíl. Standi hugur til þess að heimsækja Madríd þarf aðeins að punga út 80 krónum fyrir 25 mínútna strætóferð niður á miðbæjarsvæðið sem er í miklu ósamræmi við þær 1.150 krónur sem greiða þarf fyrir 40 mínútna rútuferð frá Leifsstöð til Reykjavíkur.

Vörur frá Zöru voru ódýrastar í Madríd og voru að meðaltali þúsund krónum ódýrari en í öðrum borgum. Það helgast að einhverju leyti af því að þar eru höfuðstöðvar fyrirtækisins og þar opnaði fyrsta verslun fyrirtækisins. Viðskiptahugmynd þess fyrirtækis er að bjóða sömu vörur alls staðar á sama verði og er það staðreyndin í París, Düsseldorf, Dublin, Róm og Vín en London og Reykjavík eru aðeins dýrari.

Reykjavík í sérflokki

Reykjavík er í sérflokki hvað varðar verðlagningu á iPod frá Apple og Levi's gallabuxum. Munaði tæpum sextán þúsund krónum á 20 GB iPod tæki hér á landi og í Madríd þar sem það reyndist ódýrast. Vert er einnig að minnast þess að iPod er almennt enn ódýrari en þetta í Bandaríkjunum. Hafa forsvarsmenn Apple á Íslandi gagnrýnt stjórnvöld fyrir skattlagningu á slíkum tækjum, sem er úr öllum takti við það sem gerist annars staðar. Útskýrir það að einhverju leyti hátt verð spilarans hér á Íslandi.

Levi's-gallabuxur eru einnig dýrar hérlendis. Skiptir munurinn þúsundum króna í flestum tilfellum. Aðeins í London og Stokkhólmi er verðlagning eitthvað í líkingu við það sem hér gerist en engu að síður er munurinn mikill.

Reykjavík hefur líka forystu hvað varðar verð á tímaritum. Kosta ensku útgáfurnar af Vogue og Cosmo rúmlega helmingi meira hér en í Bretlandi en hafa ber í huga að nýlega hóf Office1 verðsamkeppni á tímaritamarkaði hérlendis. Það fyrirtæki er ekki með í könnun Fréttablaðsins þar sem um undantekningu er að ræða en ekki almenn verð á markaðnum.

Í samræmi við aðrar kannanir

Stutt er síðan hagstofa Evrópusambandsins kynnti ítarlegar niðurstöður sínar á rannsóknum á verðum á fatnaði og skóm árið 2003. Tók sú rannsókn til 25 ríkja ESB auk þriggja væntanlegra aðildarríkja og EFTA-ríkjanna þriggja. Þó hartnær tvö ár séu liðin síðan sú könnun fór fram eru niðurstöður þeirrar könnunar keimlíkar þessari nýju að því leyti að verðmismunur á Íslandi og aðildarríkjum ESB er á bilinu 30 til 50 prósent yfir línuna. Svipaðar niðurstöður hafa fengist þegar borin hafa verið saman verð á matvælum hér á landi og erlendis.

Skattlagning og önnur gjaldtaka íslenskra yfirvalda er með því hæsta sem gerist, ef ekki sú hæsta, og fullyrða má að það útskýri að stórum hluta þennan ævarandi verðmun sem virðist vera á vörum seldum hérlendis og annars staðar.

Önnur rök sem oft heyrast varða þann launa- og kjaramun sem er milli landa og eiga að útskýra hærri gjaldtöku og álagningu hérlendis. Það má til sanns vegar færa að sé miðað við Rúmeníu, Tékkland, Ítalíu eða Spán eru laun almennt talsvert hærri hérlendis en það sama á ekki við um Frakkland, Bretland, Írland, eða Stokkhólm. Almenn launakjör og kaupmáttur launafólks í þessum löndum er ekki mikið lakari en hér gerist.

Tekið skal tillit til að ekki var um ítarlega verðkönnun að ræða hérlendis heldur eingöngu athugað verð á viðkomandi vöru í vinsælum verslunum. Um var að ræða Hagkaup, Skífuna, Hygea, Eymundsson, Mál og menningu, Flybus, Bifreiðastöð Keflavíkur, Apple á Íslandi, Levi's búðina og Zöru. Allar upphæðir eru reiknaðar úr evrum á gengi um hádegisbil miðvikudaginn 25. maí. Nokkur verð voru námunduð þegar um var að ræða krónur og aura en hvergi munar meira en fimm krónum til eða frá. Ekki er tekið tillit til allra þátta eins og til að mynda fjarlægða frá flugvöllum að miðbæjum viðkomandi borga. Sú vegalengd hefur eðlilega áhrif á alla gjaldtöku.

Könnun ECC fór fram í lok apríl 2005.

albert@frettabladid.is









Tegund Vara	Stærð	Vín	Prag	París	Düsseldorf	Búdapest	Dublin	Róm	Madríd	Stokkhólmur	Enschede	London	Reykjavík
Fatnaður (konur)													
Zara gallabuxur													
með grænum borða	Allar	4045	4.000	4.045	4.045	3.940	4.045	4.045	2.920	4.306		4.300	4.795
Zara regnfrakki	Allar	5590	5.330	5.590	5.590	5.470	5.590	5.590	4.041	5.830		6.020	5.995
Levi's 501	Allar	6470	6.100	4.780		5.100	6.400	7.130	5.830	7.120	6.470	6.070	9.990
			–10.630			– 6.150		– 8.910	– 7.290	– 11.660	– 7.690	– 12.270	– 16.990
Snyrtivörur (karlar)													
Gucci Envy rakspíri	35 ml	2.510	2.640	3.210	2.350	2.600	3.320	3.490	3.000		3.160		3.119
Gucci Envy rakspíri	100 ml	3.730	3.710	4.820				5.030	3.000				3.899
Hugo Eau de Toilette úði	150 ml	3.480	5.190	3.950	4.450	4.750	3.720	3.590	4.340	4.170	4.450	5.170	4.030
Snyrtivörur (konur)													
Chanel No 5 ilmvatn	35 ml	4.290	4.580	3.970	4.050	4.550			4.090	4.690	4.210		4.900
Chanel No 5 ilmvatn	50 ml	5.920	6.410	4.480	5.660	6.430	5.670	4.450	5.660	6.460	4.180	5.940	6.880
Lancome Miracle ilmvatn	50 ml	4.930	5.460	3.800	4.770	5.400	4.290	4.340	4.930	5.300	4.940	5.090	5.240
TÓNLIST													
U2 How to Dismantle	CD	1.850	1.330	2.080	1.460		1.620	1.850	1.290	1.780	1.130	1.220	1.999
Britney Spears Greatest Hits	CD	1.820	1.620	1.930	1.380		1.380	1.670	1.540	1.790	1.130	1.220	1.999
Apple iPod	20 gb	25.000	29.000	26.700	24.220		29.890	27.500	24.200	26.900	25.000	25.600	39.900
TÍMARIT Vogue (breska)		867	799	486	903	616	475	567	595	745	559	417	1.090
Cosmopolitan (breska)		587	746	526	562	681	412	607		439	404	362	1.010
FÓLKSFLUTNINGAR	Rúta	486	240	970	162	720	405	730	80	800		490	1.150
(stök ferð frá alþjóðaflugvelli í miðbæinn)	Leigubíll	2.350	1.864	2.026	1.220		1.620	3.240	1.784	3.970		5.620	8.000

Margir þættir skipta máli

Ýmis atriði gera það að verkum að alþjóðlegur verðsamanburður er erfiður og ekki áreiðanlegur að öllu leyti. Jón Þór Sturluson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar við Viðskiptaháskólann að Bifröst, hefur tekið saman þau sex meginatriði sem máli skipta og hafa ber í huga.

VÖRUKARFAN
Hvaða vörumerki eru í þeim körfum sem samanburður er gerður á? Miklu máli skiptir hvaða vörur eru valdar til samanburðar og hversu mikið er af hverri vöru fyrir sig. Neyslumynstur er mismunandi milli landa, sem gerir verðsamanburð flókinn og vandasaman. Neyslusiðir hverrar þjóðar skipta einnig máli. Þar ber sem dæmi að líta til þess að leigubílar í London eru að jafnaði ekki í sama gæðaflokki og hér á Íslandi þó undantekningar séu auðvitað á því.

RAUNVERÐ
Hvað er raunverð hverrar vöru fyrir sig? Algengt er erlendis að veittir séu ýmiss konar afslættir sem þekkjast ekki hérlendis í jafn ríkum mæli. Þar er meðal annars um að ræða afsláttar- og tryggðarkort af ýmsu tagi. Þau eru til hér á landi og eru að ryðja sér meira til rúms á ári hverju en enn sem komið er eru það aðeins stærri fyrirtæki sem bjóða slíkt.

STAÐSETNING
Hvar fara kaupin fram? Miklu getur munað á verði vöru innan hvers markaðssvæðis fyrir sig. Það á líka við um borgir og gott dæmi um þetta eru nýlegar auglýsingar Office1 um umtalsverðan afslátt af tímaritum í verslun sinni. Lágvöruverslanir eru annað gott dæmi og sýnir hversu miklu getur munað á verðum þegar þjónusta er skert miðað við hefðbundnar verslanir. Í könnun ECC er tekið dæmi um verð á leigubíl frá flugvelli í miðbæ hverrar borgar fyrir sig. Það skekkir samanburðinn að bílstjórar í Búdapest eru fráleitt á sömu launum og kollegar þeirra hérlendis.

FLUTNINGSKOSTNAÐUR
Þar sem mikið af vörum sem hingað berast kemur ekki hingað beint heldur í gegnum Evrópu má ljóst vera að flutningskostnaður hingað til lands er meiri en gengur og gerist innan Evrópu. Að auki er flutningskostnaður breytilegur milli landssvæða og líklegt að margar vörur séu enn dýrari þegar úr borgunum er komið.

SKATTAR OG GJÖLD
Opinber gjöld og skattar á vörur eru mismunandi landa á milli. Neysluskattar hér á Íslandi er hæstir af öllum þjóðum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Með einföldun má segja að hið opinbera hérlendis leggi tæplega 40 prósent hærri álögur á neysluvörur en gert er að jafnaði innan Evrópusambandsins. Álögur þessar fara að hluta eða öllu leyti út í verðlagið og neytendur borga brúsann.

GENGIÐ
Gengi gjaldmiðla er eðli málsins samkvæmt breytilegt frá degi til dags. Rannsóknir benda til að verð á innfluttum vörum aðlagist gengisbreytingum með allnokkurri töf og þá gjarnan aðeins að hluta til. Af þessum sökum skiptir tímasetning verðkannanna talsverðu máli.

LAGERSALA

Ný og vönduð húsgögn eða útlitsgölluð á frábæru lagerverði í nokkra daga þar sem Art húsgögn var, Bæjarlind 4 (við hliðina á Players)

Það sem hægt er að versla er:
Amerísk rúm, sófar, borðstofuborð, skápar, mexikósk húsgögn og margt fleira.

ALGJÖRT VERÐHRUN
komdu og gerðu frábær kaup!

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

LAGERSALA!

mira
art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300

KORTER.IS



GATAN Frikki er einn nemendanna sem sýna á sýningunni en hann tók þessa mynd.

Skapandi og skemmtilegur hópur

Nemendasýning **Ljósmyndaskóla Sissu** verður opnuð í dag, laugardag, kl. 14 á Hólmaslóð 6. Þetta árið stunduðu nítján nemendur nám við skólann og sýna þeir um 200 myndir á sýningunni.



SELLÓ Ágústa tók þessa mynd.

BEKKURINN Þessa mynd eftir Hörpu má sjá á sýningunni.

BLÓM Sigurborg gerði þessa mynd.

„Þetta er mjög skapandi og skemmtilegur hópur. Það er meiri breidd í verkunum en hefur verið áður, það er eins og allir nái að blómstra," segir Björn Sigurjónsson, sem er einn nemandanna. Mikil fjölbreytni er í náminu en á sýningunni má sjá portrett-, frétta-, auglýsinga-, landslags- og tískuljósmyndir. „Það fer drjúgur tími í þetta," segir Björn en hann er ánægður með námið. „Ætli það séu ekki einn til tveir úr hverjum árgangi sem fara beint eða óbeint út í atvinnumennsku og nokkrir í framhaldsnám. En ég held að þetta nám henti öllum sem vilja ná grundvallaratriðum í ljósmyndun. Fólk kemur út með góðan grunn."

Ljósmyndaskóli Sissu hefur verið starfræktur frá árinu 1997 svo þetta er áttunda starfsár skólans. Árlega stunda um tuttugu manns nám í skólanum, en kennt er tvö kvöld í viku. Nokkrir af reyndustu ljósmyndurum landsins sjá um kennsluna, svo sem Spessi, Einar Falur Ingólfsson myndstjóri Morgunblaðsins, Golli og Kristján Maack. Sýningin verður opin frá 28. maí til 5. júní kl. 14.00-20.00 um helgar og 16.00-20.00 virka daga.

100 bestu kvikmyndirnar

Fátt þykir kvikmyndarýnum skemmtilegra en að setja saman lista. Skiptir þá litlu máli hvort um er að ræða bestu eða verstu myndirnar. Bandaríska tímaritið birti á dögunum lista yfir hundrað bestu myndirnar. Þær eru þó ekki settar í nein sæti þannig að engin mynd er valin sú besta. Hins vegar eru valdar myndir áratuganna og þar varð mynd Pedros Almodovar, Talk to her, fyrir valinu sem besta mynd fyrsta áratugar þessarar aldar.

Það sem vakti þó mestu athyglina er að kvikmyndin Gone With the Wind, eða Á hverfanda hveli, er ekki á þessum lista og svöruðu gagnrýnendurnir því til að þeim gæti ekki staðið meir á sama um þá mynd.

MARLON BRANDO Leikur Brandos sem Terry Malloy í On the Waterfront var magnaður og þótti meðal fimm bestu í úttekt Time-tímaritsins.

Yfir helmingur allra myndanna á listanum er gerður utan Bandaríkjanna og má þar nefna brasilísku myndina City of God, japönsku myndina Ikuru eftir Kurosawa og Dekalog eftir Polanski. Richard Schickel, annar gagnrýnendanna sem fengnir voru til þess að setja saman þennan lista, sagði að ef fólk horfði bara á bandarískar kvikmyndir missti það af miklu.

Leikstjórinn Martin Scorsese á þrjár myndir á þessum lista, fleiri en nokkur annar leikstjóri, þrátt fyrir að hafa aldrei fengið Óskarinn. Vinur Scorsese, leikarinn Robert DeNiro, leikur í fimm myndanna og kemst enginn leikari nálægt þeim árangri. Fimm leikarar voru útnefndir fyrir bestu frammistöðuna framan



MARTIN SCORSESE Er með þrjár myndir á listanum hjá Time þrátt fyrir að hafa aldrei unnið Óskarinn.

við myndavélina, þeirra á meðal var hin látna goðsögn Marlon Brando fyrir leik sinn í On the Waterfront.

Ótrúlegt verð
á golfsettum

Wilson

Vönduð golfsett á frábæru verði

Ross River
Bolur
margir litir
st. M-XXL
799kr

weather report
Polo bolur
margir litir,
st. 36-42
999kr

weather report
Golf vesti
svart, dökkblátt,
st. S-XXXL
2.999kr

899kr

Golfhanskar dömu og herra
svartir, hvítir, st. S, M, L

weather report
Flísfóðrað golf vesti
svart, hvítt, rautt
st. 36-42
2.999kr

9.999kr

Crane golfsett gott
byrjandasett fyrir bæði kynin

Ascent golfkerra
létt og meðfærileg ál kerra sem
hægt er að opna og loka með
einni hreyfingu
3.999kr

Ross River
Buxur
dökkbláar,
drapp
st. 32-44
2.999kr

1.899kr

Nike golfkúlur 12 stk í
pakka

1.499kr

Top Flite golfkúlur
15 stk í pakka

Wilson
Wilson dömu golfsett
Hægrihandar sett
400cc driver
Tré með grafít sköftum (7,5,3)
TrueTemper járn með stál sköftum (5,6,7,8,9,P,S)
Pútter með megin þyngd í hæl og tá
ProStaff poki með töföldum axlarólum
29.999kr

Wilson
Wilson herra golfsett
Hægrihandar sett
400cc driver
Tré með grafít sköftum (1,3,5)
TrueTemper járn með stál sköftum (3,4,5,6,7,8,9,P,S)
Pútter með megin þyngd í hæl og tá
ProStaff poki með töföldum axlarólum
29.999kr

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

STRÍÐIÐ UM BANKANA
» FYRSTI HLUTI

Foringjar og fótgönguliðar

Margir komu við sögu í bankasölunni, sumir stýrðu atburðarásinni – aðrir eltu. Tekist var á um mikla hagsmuni. Hótanir, ósætti, átök eru allt orð sem hægt er að nota um samskiptin - jafnvel innan ríkisstjórnarinnar.

RÁÐHERRANEFNDIN »

DAVÍÐ ODDSSON
» Vildi dreifða eignaraðild bankanna þar til Björgólfur hringdi í hann.

GEIR H. HAARDE
» Sat í ráðherranefndinni og hlutaðist til um sölu bankanna.

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
» Hótaði Davíð ríkisstjórnarslitum vegna átaka um VÍS.

FINNUR INGÓLFSSON
» Var lykilmaður í samskiptum milli Davíðs og Halldórs.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR
» Kennt um að hafa klúðrað sameiningu bankanna.

FRAMKVÆMDANEFNDIN »

ÓLAFUR DAVÍÐSSON
»Talaði máli ráðherra í nefndinni.

HREINN LOFTSSON
» Hætti vegna ósættis við Davíð Oddsson.

STEINGRÍMUR ARI ARASON
» Hætti vegna vinnubragða nefndarinnar.

JÓN SVEINSSON
» Gætti hagsmuna ráðherra í nefndinni.

BALDUR GUÐLAUGSSON
» Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins.

SÆVAR ÞÓR SIGURGEIRSSON » Sat í nefndinni allan tímann.

S-HÓPURINN »

ÓLAFUR ÓLAFSSON
» Valdamikill lykilmaður og stjórnarmaður í Keri.

ÓSKAR H. GUNNARSSON
» Stjórnarformaður Andvöku og Samvinnutryggingar.

MARGEIR DANÍELSSON
» Framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins.

GEIR MAGNÚSSON
» Forstjóri Olíufélagsins og síðar Kers.

KRISTJÁN LOFTSSON
» Stjórnarformaður Kers með mikil áhrif.

KALDBAKUR »

EIRÍKUR JÓHANNESSON
» Vissi alltaf að hann fengi ekki Landsbankann

ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON
» S-hópurinn vildi ekki vinna með honum

SAMSON »

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON
» Notaði sambönd sín til að fá bankann

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON
» Var ósáttur við pólitísk afskipti

MAGNÚS ÞORSTEINSSON
» Lét feðgana um kaupin og spilaði með

AÐRIR BJÓÐENDUR »

ÞÓRÐUR MAGNÚSSON
» Komst ekki í hóp endanlegra bjóðenda.

BJARNI ÁRMANNSSON
» Bankastjóri Íslandsbanka, sem var útilokaður.

BANKARÁÐ LANDSBANKANS »

HELGI S. GUÐMUNDSSON
» Formaður bankaráðs Landsbankans.

KJARTAN GUNNARSSON
»Lykilmaður í bankaráði Landsbankans.

Símtal breytti bankasölunni

Selja átti Landsbankann og Búnaðarbankann til almennings og tryggja dreifða eignaraðild. **Davíð Oddsson** og **Halldór Ásgrímsson** skiptu um skoðun og ákváðu að selja ríkisbankana til eins fjárfestis, eftir að Björgólfur Guðmundsson hringdi í Davíð og vildi kaupa annan hvorn bankann. Mikil átök urðu víða. *Sigríður Dögg Auðunsdóttir* hefur kynnt sér sölu bankanna, aðdragandann og eftirmál. Fyrsti hluti fréttaskýringar hennar birtist í dag. Næstu daga birtist sagan öll.

Mikil átök voru bak við tjöldin á milli Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar í aðdragandanum að sölu Landsbankans og Búnaðarbankans árið 2002, svo við lá að slitnaði upp úr stjórnarsamstarfinu. Einna hörðustu deilurnar stóðu um sölu Landsbankans á hluta sínum í VÍS haustið 2002, en Landsbankinn átti helminginn í VÍS á móti S-hópnum, sem síðar keypti Búnaðarbankann.

Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson áttu beina aðkomu að sölu beggja bankanna, tóku völdin af framkvæmdanefnd um einkavæðingu og sáu til þess að bönkunum væri komið í hendurnar á „réttum“ eigendum; Landsbankinn til Björgólfsfeðga fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins og Búnaðarbankinn til S-hópsins fyrir hönd Framsóknarflokksins.

Framkvæmdanefnd að einkavæðingu hafði vorið 2002 unnið að því að allur eftirstandandi hlutur ríkisins í Landsbankanum, þá rétt undir 50 prósentum, yrði seldur á almennum markaði eftir vel heppnað hlutafjárútboð til almennings fyrr á árinu og misheppnaða sölu á kjölfestuhlut í bankanum til erlends aðila haustið 2001.

Ráðherranefndin, sem í sátu Davíð Oddsson forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra, hafði gefið framkvæmdanefndinni fyrirskipanir um að undirbúa sölu hlutarins á almennum markaði. Dreifð eignaraðild, sem Davíð Oddsson hafði áður talað fyrir, yrði tryggð með því að leyfa engum að kaupa meira en þriggja til fjögurra prósenta hlut í bankanum.

Ekki átti að selja Búnaðarbankann fyrr en að fenginni reynslu við söluna á Landsbankanum, en stefnt var að því að salan yrði með sama hætti.

Björgólfur hringir í Davíð

Með einu símtali Björgólfs Guðmundssonar til Davíðs Oddssonar í júní 2002 var einkavæðingarferli bankanna kippt úr höndunum á framkvæmdanefndinni. Ráðherranefndin tók u-beygju í afstöðu sinni til sölunnar og lagði nýjar línur fyrir framkvæmdanefndina. Selja ætti allan eignarhlut beggja bankanna til eins fjárfestis.

Bankarnir voru auglýstir og sendu fimm inn tilkynningar um áhuga: Samson, sem samansettur var af Björgólfi Guðmundssyni, syni hans Björgólfi Thor Björgólfssyni og Magnúsi Þorsteinssyni; Kaldbakur sem samanstóð af Eiríki Jóhannessyni og Þorsteini Má Baldvinssyni; S-hópurinn, sem Ólafur Ólafsson stýrði; Íslandsbanki og Þórður Magnússon fyrir hönd fjárfesta.

Samson, Kaldbakur og S-hópurinn voru valdir til frekari viðræðna um kaupin á Landsbankanum, sem fara áttu fram fyrst.

Öllum þeim sem komu að einkavæðingarferlinu, hvorum megin við borðið sem þeir sátu, var frá upphafi ljóst að ætlun ráðherranna væri sú að Björgólfsfeðgar fengju Landsbankann.

Þá gerðu ráðherrar Framsóknarflokksins, þau Halldór Ásgrímsson og Valgerður Sverrisdóttir, ítarlegar tilraunir til þess að fá Kaldbak og S-hópinn til að sameinast um kaupin á Búnaðarbankanum. Halldór Ásgrímsson kom sjálfur til leiðar, og tók þátt í, fundum með Kaldbaksmönnum og fulltrúum S-hópsins í því skyni að reyna að koma á samvinnu þeirra á milli.

Samson með lægsta tilboðið

Samson var valinn til að kaupa Landsbankann þrátt fyrir að hafa verið með umtalsvert lægra tilboð en báðir keppinautarnir, Kaldbakur og S-hópurinn. Að auki fékk Samson 700 milljóna króna afslátt á verðið, sem rætt hafði verið um áður en tilkynnt var að fara ætti í samningsviðræður við hópinn um Landsbankann.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Halldórs Ásgrímssonar tókst honum ekki að koma á samvinnu milli hópanna tveggja, Kaldbaks og S-hópsins, um kaupin á Búnaðarbankanum og fór svo að S-hópurinn keypti bankann eftir að hafa boðið hæsta verðið.

Mörgum mánuðum áður en samningar tókust milli S-hópsins og framkvæmdanefndar um kaupin á Búnaðarbankanum var farið að undirbúa hugsanlega sameiningu Búnaðarbankans og Kaupþings.

Eftir kaup S-hópsins á Búnaðarbankanum hófust viðræður við Kaupþing fyrst fyrir alvöru. Á sama tíma var S-hópurinn í viðræðum við Samson um hugsanlega sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans og Samson var jafnframt í viðræðum við Kaupþing um sameiningu. Bankarnir þrír voru því allir í samningaviðræðum hver við annan.

Kaupþing og Búnaðarbankinn sameinuðust fáeinum vikum eftir að gengið var frá samningum um kaup S-hópsins á Landsbankanum, í apríl 2003.

Átökin um bankana eiga langan aðdraganda

Átök Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Odssonar um bankana tvo áttu sér langan aðdraganda. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eftir kosningarnar 1995 kemur fram að breyta skuli rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna þannig að þeir verði reknir sem hlutafélög. Í maí 1997 samþykkti Alþingi síðan lög um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands og var þá tekið fyrsta skrefið í átt til einkavæðingar ríkisbankanna tveggja, Landsbankans og Búnaðarbankans.

Í júlí 1998 birtust fréttir í fjölmiðlum um það að sænski bankinn Skandinaviska Enskilda Banken, SE-bankinn, hefði áhuga á að kaupa hlut í Landsbankanum og jafnframt lýst sig fylgjandi hugmyndum um að Landsbankinn keypti þann helmingseignarhlut í VÍS sem bankinn ætti ekki þegar. SE-bankinn setti það hins vegar sem skilyrði að hann fengi keyptan hreinan meirihluta hlutafjár í Landsbankanum eða ráðandi hlut miðað við dreifða eignaraðild.

Á þeim tíma voru framsóknarmenn sagðir hlynntir því að sænski bankinn yrði kjölfestufjárfestir í Landsbankanum en sjálfstæðismenn voru sagðir hafa fyrirvara gagnvart því.

Stjórnvöld gagnrýnd

Ríkisstjórnin var gagnrýnd fyrir að leita ekki til innlendra fjárfesta og sagði Halldór við það tilefni að íslenskum stjórnvöldum væri skylt að kanna einnig áhuga innlendra fjárfesta svo tryggja mætti að sem hæst verð fengist fyrir bankann.

Davíð Oddsson forsætisráðherra taldi mikilvægt að eignarhald í bönkunum yrði dreift og þeir yrðu sem hlutlausastir gagnvart viðskiptalífinu. Hann benti á að ef einhverjum aðilum í viðskiptalífinu tækist að ná mjög sterkum tökum á einstökum bönkum yrði hætt við að einkasjónarmið og skammtímahagsmunir gætu bitnað á arðsemiskröfum sem bankinn ætti að lúta.

Davíð talaði mjög ákveðið gegn því í fjölmiðlum á þessum tíma að einn aðili eða skyldir aðilar færu með stóran eignarhlut í bankastofnunum. Hann sagði að það væri nægilegt að stærstu eignaraðilarnir, sem kæmu til með að hafa leiðbeinandi forystu um reksturinn, ættu eignarhluti á bilinu þrjú til átta prósent.

Davíð sagði það ekki æskilegt og alls ekki nauðsynlegt að einn aðili eða skyldir aðilar réðu yfir 30 til 40 prósenta eignarhlut í bankastofnun. Þá sagði hann það vel koma til greina að tryggja dreifða eignaraðild í bönkum með lögum.

„Íslenska þjóðríkið er þannig vaxið að það er ekki hollt fyrir það að vera í höndunum á mjög fáum aðilum,“ sagði Davíð meðal annars í viðtali í fréttum Sjónvarpsins í ágúst 1998.

Stjórnarflokkana greindi á

Davíð og Halldór greindi samkvæmt þessu á um það hvort æskilegt væri að setja hömlur á eignaraðild í bönkunum. Að lokum fór svo að stjórnvöld létu af viðræðum sínum við SE-bankann og ákváðu að fresta um ótilgreindan tíma sölu hlutafjár ríkissjóðs í bönkunum.

Finnur Ingólfsson viðskiptaráðherra kynnti stefnumótun ríkisstjórnarinnar um sölu ríkisbankanna í ágústlok 1998, þegar skýrt var frá því að gera ætti bankana að hlutafélögum. Þar voru ástæðurnar fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar sagðar vera þær að umræðan um hagræðingu í bankakerfinu væri skammt á veg komin. Rétt væri að láta reyna frekar á rekstur bankanna í nýju rekstrarformi og nýta betur þau sóknarfæri sem til staðar væru að óbreyttu, svo sem með skráningu á Verðbréfaþingi.

Í lögunum um bankana frá því 1997 var ráðherra heimilt að bjóða út nýtt hlutafé í bönkunum. Viðskiptaráðherra nýtti þessa heimild haustið 1998 er ný hlutabréf voru boðin út og bankinn skráður á Verðbréfaþingi Íslands. Alls keyptu rúmlega 12 þúsund manns bréf í Landsbankanum á genginu 1,9 og 93 þúsund í Búnaðarbankanum á genginu

1,26 til starfsmanna og 2,15 til almennings. Hluthöfum í Búnaðarbankanum fækkaði þó í þrjátíu þúsund ári síðar.

Gengi bréfa í Landsbankanum hækkaði verulega á skömmum tíma og var orðið 4,14 í nóvember 1999.

Hefði verið hægt að selja bankana til almennings 1999

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem mynduð var eftir kosningarnar 1999 setti það í stefnuyfirlýsingu sína að hlutabréf í ríkisbönkunum yrðu seld. Þá um haustið voru samþykkt lög sem heimiluðu sölu ríkissjóðs á 15 prósentum af hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Frumvarpið var lagt fram af þáverandi viðskiptaráðherra, Finni Ingólfssyni. Lögin voru samþykkt í desember og fór salan fram síðar sama mánuð. Líkt og viðskiptaráðherra hafði óskað eftir sá framkvæmdanefnd um einkavæðingu um söluna. Lagði hann áherslu á dreifða sölu til almennings.

Almenningi var gefinn afsláttur frá markaðsgengi í bönkunum og voru bréfin í Landsbankanum seld á genginu 3,8 og 4,1 í Búnaðarbankanum. Alls skráðu 55 þúsund manns sig fyrir hlut í bönkunum tveimur og nam söluandvirðið um 5,5 milljörðum króna. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur bent á það að umframeftirspurn eftir bréfunum í útboðunum hafi verið svo mikil að hægt hefði verið að selja allan hlut ríkisins í báðum bönkunum í þessum áfanga.

Að hlutafjárútboðinu loknu átti ríkissjóður 72 prósenta hlut í Landsbankanum og viðlíka í Búnaðarbankanum. Hlutur ríkisins í Landsbankanum minnkaði um fjögur prósentustig ári síðar vegna hlutafjáraukningar í tengslum við kaupa Landsbankans á breska bankanum The Heritable and General Investment Bank. Greitt var fyrir bankann með hlutabréfum.

Finnur hættir sem ráðherra

Í lok desember 1999 tilkynnti Finnur Ingólfsson þá ákvörðun sína að hætta sem viðskiptaráðherra og sækja um stöðu seðlabankastjóra. Ákvörðun sína skýrði hann með því að pólitíkin væri orðin óvægnari en áður og gagnrýni beindist í auknum mæli að stjórnmálamönnum persónulega.

Brotthvarf Finns úr ríkisstjórninni var Halldóri Ásgrímssyni einna erfiðast því Finnur hafði um langa hríð verið nokkurs konar sáttasemjari og milligöngumaður milli Halldórs og Davíðs Oddssonar, en samstarf þeirra var ekki með besta móti á þessum tíma.

Eftir að Finnur tók við embætti Seðlabankastjóra í ársbyrjun 2000 hélt hann samt sem áður áfram að vera eins konar sáttasemjari milli Halldórs og Davíðs. Sérstaklega reyndi á Finn þegar líða tók á einkavæðingarferli Landsbankans og Búnaðarbankans, sumarið og haustið 2002, ekki síst í tengslum við átök stjórnarflokkanna um VÍS, eins og nánar verður vikið að síðar.

Valgerður Sverrisdóttir tók við embætti viðskiptaráðherra á gamlársdag 1999 og tók um leið við sæti Finns í ráðherranefnd um einkavæðingu.

Vilji fyrir sameiningu bankanna tveggja

Í október árið 2000 tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að beina tilmælum til bankaráða Landsbankans og Búnaðarbankans um að hefja viðræður um sameiningu bankanna. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var þess þó ekki getið hvort ætlunin væri að einkavæða hinn sameinaða banka né hvað gera skyldi við helmingshlut Landsbankans í VÍS, líkt og bent var á í leiðara Morgunblaðsins á þessum tíma.

Ráðherrar Famsóknarflokksins í ríkisstjórn voru ófáanlegir til þess að ráðast í sameiningu bankanna án þess að leita samþykkis Samkeppnisráðs fyrst. Var Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þar einna ákveðnust, en hún var nýtekin við ráðherraembætti af Finni Ingólfssyni.

Framsóknarmenn óttuðust að lenda í vandræðum varðandi sameininguna ef Samkeppnisráð kæmist að henni lokinni að þeirri niðurstöðu að hún hefði verið ólögmæt. Sjálfstæðismenn héldu því hins vegar fram að með samningi við Sparisjóðina, um að taka við ákveðnum hluta starfsemi bankanna, mætti koma í veg fyrir synjun Samkeppnisráðs, sérstaklega ef sótt yrði um heimild fyrir sameiningu eftir á. Ef Samkeppnisráð kæmi með athugasemdir um sameininguna mætti auðveldlega bregðast við þeim. Voru viðræður við Sparisjóðina hafnar og undirbúningur að sameiningu bankanna tveggja var kominn það langt á veg þegar óskað var eftir úrskurði Samkeppnisráðs að þegar var búið að ákveða hver yrði bankastjóri í hinum nýja banka, en það var Eiríkur Jóhannsson í Kaldbaki.

Mikið kapp á að ljúka afgreiðslu málsins

Ríkisstjórnin lagði mikið upp úr því að málið yrði afgreitt frá Alþingi eins fljótt og auðið væri. Valgerður sagði í umræðum á Alþingi skömmu áður en niðurstaða Samkeppnisráðs var birt að henni þætti mjög mikilvægt ef ekki „algjörlega nauðsynlegt“ að lög sem leyfðu sameininguna yrðu sett fyrir jól.

„Það eru geysilegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi fyrir ríkið og viðskiptalegir hagsmunir fyrir bankana,“ sagði Valgerður. Samkeppnisráð komst hins vegar að þeirri niðurstöðu í desember að fyrirhugaður samruni myndi leiða til of mikillar samþjöppunar og markaðsráðandi stöðu og myndi raska samkeppni á mörkuðum fyrir innlán og útlán, á greiðslumiðlunarmörkuðum og markaði fyrir verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti.

Niðurstaðan var mikil vonbrigði fyrir ríkisstjórnina. „Ég hafði gert mér vonir um að niðurstaða samkeppnisráðs yrði önnur,“ sagði viðskiptaráðherra á Alþingi er hún kynnti niðurstöður Samkeppnisráðs. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra sagði við sama tækifæri að úrskurðurinn kæmi vissulega á óvart en ríkisstjórnin ætti að fara eftir honum.

Sjálfstæðismenn reiðir Valgerði

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum strax og niðurstaða samkeppnisráðs lá fyrir að seld yrðu hlutabréf ríkisins í bönkunum og lagt yrði fram frumvarp þess eðlis á vorþingi.

Davíð Oddsson forsætisráðherra benti á í umræðunum á Alþingi að umræðan um sameiningu bankanna hefði fyrst og fremst staðið um það hvort sameina ætti bankana fyrst og selja svo eða hvort ætti að selja fyrst og sameina svo.

„Sá úrskurður sem nú liggur fyrir útilokar hvort tveggja,“ sagði Davíð. „Hann útilokar það líka að eftir að búið er að selja bankana, eins og yfirlýsingar liggja fyrir af hálfu ríkisstjórnarinar, að þá geti markaðurinn sameinað bankana. Ef einhver aðili ætti að fagna alveg sérstaklega í dag þá er það hinn stóri banki, Fjárfestingarbankinn og Íslandsbanki sameinaðir, því að búið er að ákveða og úrskurða það að honum skuli ekki verða veitt nægileg samkeppni. Hann mun hafa yfirburðastöðu,“ sagði Davíð.

Mikil gremja var meðal sjálfstæðismanna eftir að úrskurður Samkeppnisstofnunar varð ljós og kenndu þeir Valgerði Sverrisdóttur um að hafa þvertekið fyrir það að láta sameininguna fara fram áður en úrskurðurinn lægi fyrir. Davíð Oddsson og Kjartan Gunnarsson, þáverandi bankaráðsmaður í Landsbanka, sem þangað hafði verið skipaður til þess að undirbúa einkavæðingu bankans, voru sérstaklega illir út í Valgerði og voru sannfærðir um að ef úrskurðurinn hefði verið fenginn eftir á hefði verið hægt að bregðast við honum með smávægilegum tilfærslum á einingum milli hins nýja sameinaða banka og sparisjóðanna.

Hugað að fjárfestingu erlends fyrirtækis

Í mars 2001 lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp á Alþingi sem heimilaði sölu ríkisins á öllu hlutafé sínu í ríkisbönkunum. Salan átti að hefjast á árinu og ljúka fyrir lok kjörtímabilsins árið 2003 og sérstaklega skyldi leitað eftir því að erlent fjármálafyrirtæki fjárfesti í bönkunum. „Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um sölu fyrirtækja í eigu ríkisins verður lögð áhersla á sölu til almennings og tilboðssölu,“ sagði Valgerður við það tækifæri.

„Einnig er gert ráð fyrir að kannaður verði áhugi kjölfestufjárfesta um kaup á stórum hlut í bönkunum. Í því sambandi verði sérstaklega hugað að fjárfestingu erlends fjármálafyrirtækis í bönkunum. Við val á slíkum fjárfesti verði tekið mið af verklagsreglum um einkavæðingu,“ sagði hún.

Seðlabankinn mælti með því í umsögn sinni um frumvarpið að leitað yrði til erlendra aðila varðandi sölu bankanna. Finnur Ingólfsson var orðinn Seðlabankastjóri á þessum tíma. Umsögn Seðlabankans um frumvarpið var mjög áþekk þeirri afstöðu sem framsóknarmenn lýstu þegar útlit var fyrir að sænski SE-bankinn myndi kaupa kjölfestuhlut í Landsbankanum árið 1998.

„Hvað áhrærir kaup erlendra fjármálastofnana á hlutum í hinum einkavæddu bönkum er ljóst að innkoma erlends fjármagns mun stuðla að því að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína. Seðlabankinn telur auk þess að ýmsu leyti æskilegt að erlendir bankar eignist hluti í íslenskum bönkum. Slík eignaraðild er líkleg til þess að styrkja innlenda banka og þar með stöðugleika bankakerfisins, efla viðskiptasambönd og færa íslenskum fjármálamarkaði mikilvæga sérþekkingu,“ sagði í umsögninni.

Landsbankinn seldur fyrst

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var falinn undirbúningur að sölu bankanna en í nefndinni sátu Hreinn Loftsson lögmaður, Jón Sveinsson lögmaður og Sævar Þór Sigurgeirsson endurskoðandi, ásamt Steingrími Ara Arasyni hagfræðingi. Starfsmaður nefndarinnar var Skarphéðinn Berg Steinarsson. Hreinn Loftsson fór með formennsku í nefndinni þangað til hann sagði sig úr henni á fyrri hluta árs 2002 og tók Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, sæti hans í nefndinni og Jón Sveinsson við formennsku. Þá tók Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, við sæti Steingríms Ara haustið 2002 eftir úrsögn Steingríms Ara.

Í mars 2001 óskaði viðskiptaráðherra eftir tillögum frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu um fyrirkomulag á sölu Landsbankans til almennings og tilboðssölu. Í lok maí sama ár kynnti nefndin ráðherranefndinni tillögur sínar, sem síðar voru samþykktar á ríkisstjórnarfundi.

Í ráðherranefndinni áttu sæti Davíð Oddsson forsætisráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra.

Lagt var til að stór hluti í bankanum, þriðjungur hið minnsta, yrði seldur til kjölfestufjárfestis með forvali og síðan lokuðu útboði. Skilyrði var að salan á eignarhlutnum leiddi til aukinnar samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði og yki fjármagnshæfi hans. ■

Í fréttaskýringunni á morgun er sagt frá því hvernig Davíð og Halldór tóku völdin af framkvæmdanefndinni eftir að Björgólfsfeðgar sýna bönkunum áhuga. Einnig að Björgólfsfeðgar ætluðu sér upphaflega að kaupa Búnaðarbankann.

» ATBURÐIR Í TÍMARÖÐ

JÚNÍ 1995 » Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks segir að breyta eigi ríkisbönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka, í hlutafélög.

MAÍ 1997 » Fyrsta skref í átt til einkavæðingar tekið með því að Alþingi samþykkir lög um stofnun hlutafélaga Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Lögin taka gildi 1. janúar 1998.

JÚLÍ 1998 » Sænski SE-bankinn sýnir áhuga á að kaupa hlut í Landsbankanum. Farið í óformlegar viðræður en samningar takast ekki.

ÁGÚST 1998 » Davíð Oddsson talar gegn því í fjölmiðlum að einn aðili fari með stóran eignarhlut í bankastofnun.

ÁGÚSTLOK 1998 » Finnur Ingólfsson viðskiptaráðherra kynnir stefnumótun ríkisstjórnarinnar um sölu ríkisbankanna þar sem gera á bankana að hlutafélögum.

SEPTEMBER 1998 » Sala hefst á hlutabréfum í Landsbankanum til starfsfólks og almennings.

DESEMBER 1998 » Sala hefst á hlutabréfum í Búnaðarbankanum til starfsfólks og almennings.

JÚNÍ 1999 » Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks segir að hlutabréf í ríkisbönkunum skuli seld á kjörtímabilinu.

DESEMBER 1999 » Alþingi samþykkir lög sem heimila sölu ríkissjóðs á 15 prósenta hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum.

DESEMBERLOK 1999 » Finnur Ingólfsson hættir sem viðskiptaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir tekur við.

OKTÓBER 2000 » Ríkisstjórnin beinir tilmælum til bankaráða Landsbanka og Búnaðarbanka að hefja viðræður um sameiningu bankanna.

NÓVEMBER 2000 » Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra óskar eftir því að Samkeppnisráð skili forúrskurði um sameiningu bankanna.

DESEMBER 2000 » Samkeppnisráð úrskurðar gegn sameiningunni.

MARS 2001 » Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra leggur fram frumvarp á Alþingi um sölu á eftirstandandi hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum.

MAÍ 2001 » Alþingi samþykkir lög sem heimila sölu á eftirstandandi hlut ríkisins í bönkunum. Salan skyldi hefjast á árinu og ljúka fyrir lok kjörtímabilsins, vorið 2003.

MARS 2001 » Óskað eftir tillögum framkvæmdanefndar um einkavæðingu um fyrirkomulag við sölu bankanna.

JÚNÍ 2001 » Óskað eftir ráðgjöfum við sölu bankanna.

ÁGÚST 2001 » Alþjóðlegi fjárfestingabankinn HSBC valinn sem ráðgjafi.

OKTÓBER 2001 » Söluferlið hefst með því að völdum erlendum bönkum er sent bréf þar sem Landsbankinn er kynntur sem fjárfestingartækifæri.

DESEMBERLOK 2001 » Framkvæmdanefnd um einkavæðingu tilkynnir að sala á kjölfestuhlut í Landsbankanum til erlends fjárfestis muni ekki ganga eftir.

JANÚARLOK 2002 » Hreinn Loftsson segir sig úr einkavæðingarnefnd og við tekur Ólafur Davíðsson.

JÚNÍ 2002 » 20 prósenta hlutur ríkisins í Landsbankanum seldur í gegnum Verðbréfaþing.

JÚNÍ 2002 » Björgólfur Guðmundsson hringir í Davíð Oddsson og segist vilja kaupa Búnaðarbankann eða Landsbankann.

JÚNÍLOK 2002 » Bréf berst frá Björgólfi Guðmundssyni, Björgólfi Thor Björgólfssyni og Magnúsi Þorsteinssyni, um að þeir hefðu áhuga á að kaupa Landsbankann eða Búnaðarbankann.

10. JÚLÍ 2002 » Framkvæmdanefnd um einkavæðingu auglýsir báða bankana til sölu.

JÚLÍLOK 2002 » Fimm hópar senda inn tilkynningu um áhuga sinn á bönkunum, Samson, Kaldbakur, S-hópurinn, Íslandsbanki og Þórður Magnússon fyrir hönd fjárfesta. Þeir eru kallaðir á fund framvkæmdanefndar.

ÁGÚST 2002 » Þrír hópar valdir til viðræðna, Samson, Kaldbakur og S-hópurinn.

22. ÁGÚST 2002 » Sex daga stríðið um VÍS hefst. Landsbankinn og S-hópurinn takast á um yfirráðin yfir félaginu, en þeir eiga helmingshlut hvor. Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson blandast í átökin og ríkisstjórnarsamstarfið er í uppnámi.

28. ÁGÚST 2002 » Sex daga stríðinu um VÍS lýkur með kaupum S-hópsins á hlut Landsbankans í VÍS.

10. SEPTEMBER 2002 » Björgólfur Thor Björgólfsson neitar að taka við bréfi frá framkvæmdanefndinni úr hendi Ólafs Davíðssonar þar sem nefndin lýsir því yfir að hún vilji ganga til samningaviðræðna við Samson um kaup á Landsbankanum.

10. SEPTEMBER 2002 » Steingrímur Ari Arason segir sig úr framkvæmdanefndinni og segist aldrei hafa upplifað önnur eins vinnubrögð.

18. OKTÓBER 2002 » Samson og framkvæmdanefnd undirrita samkomulag um sölu ríkisins á hlut sínum í Landsbankanum.

23. OKTÓBER 2002 » Framkvæmdanefndin sendir Kaldbaki og S-hópi bréf þar sem söluferli Búnaðarbankans er skýrt.

4. NÓVEMBER 2002 » Framkvæmdanefndin ákveður að ganga til samninga við S-hópinn um söluna á Búnaðarbankanum.

15. NÓVEMBER 2002 » S-hópurinn og framkvæmdanefnd undirrita samkomulag um sölu ríkisins á hlut sínum í Búnaðarbankanum.

31. DESEMBER 2002 » Samson og framkvæmdanefndin undirrita kaupsamning um hlut ríkisins í Landsbankanum.

16. JANÚAR 2003 » S-hópurinn og framkvæmdanefndin undirrita kaupsamning um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

MAÍ 2003 » Búnaðarbankinn sameinast Kaupþingi og til verður KB banki.

Flýgur með alla vini sína til Íslands

Rokksveitin heimsfræga Iron Maiden heldur tónleika í Egilshöll 7. júní. *Freyr Bjarnason* sló á þráðinn til söngvarans og Íslandsvinarins **Bruce Dickinson**, sem á meira að segja íslenskan fisk í frystinum heima hjá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

IRON MAIDEN Rokksveitin Iron Maiden ætlar að spila öll gömlu og góðu lögin í Egilshöll 7. júní.

Iron Maiden hefur starfað með hléum í um þrjátíu ár og er ein af þekktustu þungarokkssveitum heimsins, með slagara á borð við Run to the Hills og The Number of the Beast á afrekaskránni.

Hljómsveitin hélt síðast tónleika hér á landi í Laugardalshöll sumarið 1992 og því kominn tími til að hún láti sjá sig hér á nýjan leik, enda á hún fjölmarga aðdáendur hér sem og annars staðar.

Söngvari sveitarinnar, Bruce Dickinson, gekk aftur til liðs við sína gömlu félaga árið 1999 eftir að hafa einbeitt sér að sólóferli sínum í nokkur ár. Náði hann meðal annars vinsældum fyrir sína útgáfu á David Bowie-laginu All the Young Dudes. Síðan þá hefur Iron Maiden gefið út tvær hljóðversplötur, þá síðustu fyrir tveimur árum sem heitir Dance of Death.

Sýnir ferðamönnum Bláa lónið

Dickinson hefur verið nokkuð í fréttunum hérlendis undanfarin misseri, ekki fyrir tónlistariðkun, heldur fyrir flugmannshæfileika sína. Hann er nefnilega lærður flugmaður og flaug um tíma á vegum Iceland Express milli Kaupmannahafnar og Íslands. Hann er reyndar hættur að fljúga hingað til lands, en þó ekki alveg, því fyrir tónleikana í Egilshöll ætlar hann að fljúga með 186 aðdáendur Iron Maiden til Íslands. „Við ætlum að fljúga á stórri Boeing 747 frá London. Við gerðum þetta reyndar líka í síðustu tónleikaferð þegar við fórum með aðdáendur til Dublin og Parísar en mér fannst þetta gott tækifæri núna því mér líkar svo vel við Ísland og mig langaði að sýna þeim dálítið af landinu," segir Dickinson í samtali við Fréttablaðið. „Við lendum um miðjan dag þannig að þeir fá nokkrar klukkustundir til að fara í Bláa lónið og kannski skoða landslagið í leiðinni. Ég flaug einu sinni alltaf til Íslands með Iceland Express og ég á meira að segja íslenskan fisk í frystinum mínum sem ég veiddi sjálfur."

Dickinson man vel eftir síðustu tónleikum Iron Maiden á Íslandi. „Svo sannarlega, ég skemmti mér konunglega og það sem meira er þá svaf ég ekki í 24 klukkustundir því dagsljósið hélt mér vakandi."

Tónleikaferðin hefst í kvöld

Iron Maiden hefur tónleikaferð sína um heiminn í Prag í kvöld og hlakkar Dickinson mikið til. Ferðin er meðal annars farin til að kynna DVD-disk með öllum myndböndum sveitarinnar. „Aðalástæðan fyrir tónleikaferðinni er samt sú að okkur finnst alveg frábært að fara í tónleikaferð yfir sumartímann. Við munum bara spila lög af fyrstu fjórum plötunum okkar á tónleikunum þannig að þetta verður í fyrsta og eina skiptið sem fólk getur heyrt okkur flytja öll þessi lög í einu," segir hann.

Í FLUGBÚNINGNUM Bruce Dickinson ætlar að fljúga til Íslands með 186 Iron Maiden-aðdáendur.

Aðspurður um hljómsveitirnar Foo Fighters og Queens of the Stone Age, sem spila í Egilshöll tæpum mánuði á eftir Iron Maiden, segist Dickinson fíla þær vel. „Mér finnst eldri lög Foo Fighters samt betri en þetta nýjasta lag frá þeim en þeir eru samt mjög góðir á tónleikum. Queens of the Stone Age er öflug líka. Á Duran Duran að spila líka? Ég verð ekki þar," segir rokkarinn Dickinson, sem er greinilega lítið gefinn fyrir eitís-poppið.

„Ég elska Ísland"

Dickinson lét að lokum flakka þessi skilaboð til íslenskra Iron Maiden-aðdáenda: „Ég elska Ísland og hlakka mikið til að koma. Ég ætla að koma með alla vini mína," segir hann og hlær. „Og við ætlum að skemmta okkur frábærlega."

HELSTU PLÖTUR IRON MAIDEN:

1980 – Iron Maiden
1981 – Killers
1982 – Number of the Beast
1983 – Piece of Mind
1988 – Seventh Son of a Seventh Son
2000 – Brave New World
2003 – Dance of Death

freyr@frettabladid.is

Stjörnurnar sem höfðu betur

Fréttin um að **Kylie Minogue** hefði greinst með krabbamein fór eins og eldur um sinu um allan heim enda söngkonan elskuð og dáð. Hún er þó ekki eina stjarnan sem hefur greinst með krabbamein því að margar stjörnur hafa háð þetta sama stríð.

Olivia Newton-John, samlandi Kylie, barðist við brjóstakrabbamein og sigraðist á því árið 1992. Söngkonan **Anastacia** lét gera myndband með sér aðeins degi eftir að hún greindist með sama sjúkdóm. **Sharon Osbourne** greindist með krabbamein nánast í beinni útsendingu þáttanna um Osbourne-fjölskylduna.

Meðal annarra kvenkyns stjarna sem hafa háð þessa baráttu og haft sigur má nefna fyrrverandi kærustu Andrésar prins, **Koo Stark**, og leikkonuna **Cybil Shepard**. Af karlkyns stjörnum sem hafa fengið krabbamein en unnið bug á því má nefna **Rod Stewart**, **Robert DeNiro**, **Roger Moore** og knattspyrnuhetjuna **Bobby Charlton**.

Sá sem hefur verið öllum þessum stjörnum fyrirmynd í baráttunni er hins vegar nóbelsverðlaunahafinn **Nelson Mandela,** sem greinst hefur með krabbamein þrívegis frá árinu 1984 og ávallt haft sigur.

NELSON MANDELA Hefur þrívegis sigrast á þessum illviga sjúkdómi frá árinu 1984.

GREASE-STJARNAN OLIVIA NEWTON-JOHN Þessi samlandi Minogue greindist með brjóstakrabbamein og vann sigur árið 1992.

SÖNGKONAN KOO STARK Bati þessarar þokkagyðju var mjög góður og ætti að vera Kylie hvatning.

GOTT ÚRVAL STAFRÆNNA MYNDAVÉLA

OLYMPUS®

FE5500

Digital MYNDAVÉL með 5 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 35 - 105mm) linsu, 2" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, Auto Exposure, tímarofa, USB tengingu við tölvu, notar XD kort og 14mb innra minni.

5 MEGAPIXEL

VERÐ 24.990

FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS® C370Z

Digital MYNDAVÉL með 3,2 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 12mb innra minni.

3,2 MEGAPIXEL

TILBOÐ 11.990

FULLT VERÐ kr. 19.990

KONICA MINOLTA DiMAGE G600

Lítil Digital MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 3x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndatöku, Red Eye Reduction, tímarofa og USB tengingu. Notar bæði SD kort og Memorystick.

6 MEGAPIXEL

TILBOÐ 26.990

FULLT VERÐ kr. 34.990

OLYMPUS® C60Z

Digital MYNDAVÉL með 6,1 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 7.8 - 23.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 32mb korti.

6,1 MEGAPIXEL

TILBOÐ 29.990

FULLT VERÐ kr. 32.990

ÓTRÚLEGA LÍTIL DIGITAL TÖKUVÉL

MEÐ 3CCD MYNDFLÖGUM OG 5 MEGAPIXEL KYRRMYNDATÖKU – ÞAÐ NÝJASTA FRÁ JVC!

JVC® GZMC500

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4.5" ipptökuflögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel kyrrmyndötaku (2.560x1.920 Pixlar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive,hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð í sm (bxhxd): 8.0x5.5x11.8. Þyngd 400 grömm.

5 MEGAPIXEL

TILBOÐ 139.990

FULLT VERÐ kr. 179.990

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

MEÐ 4GB MicroDrive

STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR

JVC® GRD240

Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 800x Digital Zoom, 25x Optical Zoom, DV útgangi, endingargóðri rafhlöðu og **Digital ColorNightScope** (myndar í myrkri).

TILBOÐ 44.990

FULLT VERÐ kr. 54.990

DIGITAL NIGHT SCOPE

JVC® GRDF470

Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 700x Super Digital Zoom, 15x Optical Zoom, endingargóðri rafhlöðu, DV Inn- og útgangi og Analogue inngangi, og **Digital NightScope** (myndar í myrkri). Tekur MMC kort.

VERÐ 64.990

FRÁBÆRT VERÐ

WWW.HUGVERKA.IS

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

Háteigsvegi 105 Reykjavík Sími 522 3300 Fax 522 3301 fti@fti.is www.fti.is

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS

Skemmtileg blanda af bóklegu og verklegu námi

NÝTT

NÝTT

NÁM AÐ LOKNUM GRUNNSKÓLA

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS byggir á traustum grunni Stýrimannaskólans og Vélskólans og býður fjölbreytt og spennandi nám á fjórum sviðum.

Tæknisvið býður nýja náttúrufræðibraut á framhaldsskólastigi sem er sérsniðin að kröfum háskólanna. Námið er bæði bóklegt og verklegt á sviði raftækni og véltækni, og býr nemendur einstaklega vel undir háskólanám í tækni- og verkfræðigreinum, auk þess sem nemendur útskrifast með 1. stigs skipstjórnar- eða 2. stigs vélstjórnarréttindi.

Vélstjórnarsvið opnar nemendum mikla möguleika og leggur m. a. áherslu á vélfræði, rafmagnsfræði og málmsmíðar. Vaxandi þörf er fyrir vélstjóra í atvinnulífinu, bæði á landi og sjó, og nemendur öðlast stigvaxandi starfsréttindi eftir námsframvindu. Mest réttindi fá nemendur sem ljúka 4. stigi sem veitir einnig stúdentspróf, svo leiðin er greið í frekara framhaldsnám.

Skipstjórnarsvið er eina námsbrautin á landinu sem býður nám á framhaldsskólastigi til alþjóðlegra skipstjórnarréttinda. Námið er einnig góð alhliða stjórnunarmenntun sem býður tækifæri til stjórnunarstarfa í landi, auk þess að veita möguleika á frekara framhaldsnámi.

Almenn námsbraut er ætluð nemendum sem þurfa að bæta við sig þekkingu til að uppfylla almenn inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir framhaldsskóla og þeim sem vilja kynna sér nám í málmsmíðum, rafmagnsfræði og fleiri tæknigreinum á framhaldsskólastigi. Almenna brautin býður fléttu verknáms og bóknáms við góðar aðstæður svo allir geti fengið tækifæri til að finna sig og ná árangri.

Kynntu þér möguleikana í Fjöltækniskólanum á www.fti.is – þar gæti verið áhugaverður kostur fyrir þig.

ENNEMM / SÍA / NM16553

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

CHRISTOPHER O'RILEY Tónlist O'Rileys er í anda Sigur Rósar og Radiohead.

Píanóútgáfur af snilldarlögum Radiohead

Aðdáendur Radiohead ættu að hafa auga með bandaríska píanóleikaranum Christopher O'Riley og píanóútgáfum hans á meistaraverkum hljómsveitarinnar. Í apríl síðastliðnum kom út geisladiskurinn *Hold Me to This: Christopher O'Riley Plays Radiohead* þar sem O'Riley gefur lögum eins og *Sail to the Moon* af disknum *Hail to the Thief* og *Like Spinning Plates* af *Amnesiac* nýjan búning. Oft er erfitt að koma rokktónlist í píanóform og þarf lítið til að útkoman verði þunn lyftutónlist. O'Riley þykir komast hjá þessu á nýja disknum með frumlegum útsetningum. Reyndar hjálpar til að um þriðjungur disksins er af b-hliðum ýmissa platna Radiohead svo tónlistin verður ekki klisjukennd.

Þetta er ekki fyrsta tilraun O'Rileys til að gera píanóútgáfur af Radiohead því árið 2003 sendi hann frá sér geisladiskinn True Love Waits undir merki Sony Classical. Hann inniheldur fleiri klassísk Radiohead-lög sem allir ættu að kannast við, svo sem *Karma Police* af *OK Computer*. Sá diskur hlaut misgóða dóma og eru menn ósammála um það hvort hann sé meistaraverk eða lyftutónlistarflatneskja. Sannir Radiohead-aðdáendur eru óánægðir með sumar útsetningar O'Rileys á *True Love Waits* en Rolling Stones gaf plötunni 4 stjörnur svo sitt sýnist hverjum. Það hlýtur þó að teljast afrek hjá O'Riley að ná fram dýptinni í flóknum útsetningum Radiohead í tveimur höndum á lyklaborði.

O'Riley hefur vakið mikla athygli fyrir Radiohead-útgáfur sínar en sem klassískur píanóleikari þykir hann ekki síðri og hefur hann hlotið fjölda verðlauna fyrir klassískan píanóleik. Einnig hefur hann gert píanóútgáfur af argentínskri tangótónlist og gert tónlistarútgáfu af nokkrum sögum rússneska rithöfundarins Antons Tsjekov. Radiohead-aðdáendur í Bandaríkjunum hafa tekið þessum fjölbreytta tónlistarmanni opnum örmum og þykja tónleikar O'Rileys einstök upplifun. Sumir hafa líkt tónleikum O'Rileys sem skemmtilegri blöndu af Radiohead og Sigur Rós, svo ekki er ólíklegt að nýja platan *Hold Me to This* falli íslenskum tónlistarunnendum í geð.

SIGRÍÐUR Í BRATTHOLTI Sýningu á Íslandsmyndum Howells í Bókasafni Mosfellsbæjar lýkur nú um helgina.

Ljósmyndir úr Íslandsferð

Núna um helgina lýkur sýningu á ljósmyndum eftir ferðalanginn Frederick W.W. Howell, sem var hér á ferð á árunum 1890 til 1901 og tók þá afar athyglisverðar myndir af landi og þjóð. Á síðasta ári kom út vegleg bók með ljósmyndum Howells, sem listfræðingurinn Frank Ponzi hafði veg og vanda af. Ponzi hefur nú stækkað myndirnar og sett upp á veggi í sýningarsal bókasafnsins í Mosfellsbæ. Sýningin hefur verið opin á opnunartíma safnsins, en í dag og á sunnudag verður hún opin þótt bókasafnið sjálft sé lokað.

ÓMISSANDI

GARÐAR OG INGUNN

Hár og hárgel

Fótboltakappinn Garðar Gunnlaugsson og fegurðardísin Ingunn Sigurpálsdóttir völdu þrjá ómissandi hluti.

Garðar Gunnlaugsson er að gera góða hluti í Val með meistaraflokki karla en þess á milli vinnur hann sem deildarstjóri heimilistækja í versluninni Expert, Skútuvogi. Fjölskyldan er ofarlega í huga Garðars, enda svindlaði hann og nefndi kærustuna og börnin sem mikilvægustu hlutina:

Fyrsti ómissandi hluturinn, ég hugsa að það sé bara konan, **Ásdís Rán**. Hún er algjörlega ómissandi, sér alveg um mig. Ég hugsa að ég gæti ekki komist af án hennar.

Svo eru það **strákarnir mínir**, Daníel Ingi og Róbert. Svo er einn á leiðinni, við eigum von á honum 5. ágúst.

Þriðji hluturinn? Mér dettur eiginlega ekkert í hug. Á ég ekki bara að segja **hárið**? Og stríða bræðrunum aðeins?

Ingunn Sigurpálsdóttir varð í öðru sæti í Fegurðarsamkeppni Íslands um síðustu helgi. Hún vinnur í Sautján í Kringlunni þessa dagana en brúnkan mun ekki fölna á henni þrátt fyrir inniveruna því framundan er útskriftarferð til Majorku með Verzlunarskólanum 1. júní. Ingunn útskrifast af hagfræðibraut Verzló á laugardaginn.

Fyrsti hluturinn eru **sandalar**. Ég er rosalega mikil sandalamanneskja, á ófáa sandala. Þeir eru svo þægilegir á sumrin.

Svo er það **hárgel** sem er svo gott fyrir krullurnar. Ég er búin að nota lengi rosalega gott hárgel frá Indola sem heitir Cool Gel.

Þriðji hluturinn er **hlýrabolur**. Ég nota síða hlýraboli rosalega mikið, er í þeim undir öllu. Ég á hlýraboli í alls konar litum.

ÁHRIFAVALDAR ARI ALEXANDER ERGIS LEIKSTJÓRI

Fyrirmyndardrengurinn Tinni

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Ég var fjögurra ára þegar ég byrjaði að glíma við Tinna. Bróðir minn er tveimur árum eldri og ég fylgdi honum í öllu. Varð að læra að lesa um leið og hann.

Tinni var ægilega mikil hetja. Ævintýramaður, fullur af réttlætiskennd. Hann byrjaði snemma að ferðast um heiminn, fór meðal annars til Tíbet og tunglsins, og það hafði ótrúleg áhrif á mig. Heimspekin að baki ævintýrunum er skemmtileg og úthugsuð. Hundurinn Tobbi var besti vinur Tinna og við ræddum mikið hvort Tobbi væri samkynhneigður. Komumst að þeirri niðurstöðu seinna, því Tobbi er þannig karakter meðan Tinni sjálfur er kynlaus. Ég man aldrei eftir Tinna á kvennafari eða fullum eins og Kolbeinn kafteinn átti til. Bæði kona og karl bjuggu innra með honum, en án þeirra grunnhvata mannsins sem lúta að ást og kynlífi. Það er merkilegt og gerir Tinna ómannlegan, því á erfiðum stundum vildi maður óska að vera þeim kostum búinn. Sjálfur á ég marga „gay" vini sem komu í stað gæðablóðsins Tobba og eins hetjunnar Tinna.

Tinni var góður og mikill fyrirmyndardrengur. Í bernsku minni var ekkert barnasjónvarp nema Stundin okkar í klukkutíma á sunnudögum, svo við bræðurnir lágum í Tinnabókunum, allt þar til ósómi unglingsáranna tók við og maður fór að líta hýru auga til hins kynsins. Við lituðum af kostgæfni ofan í svarthvítar myndir bókanna, lásum þær, fíluðum og skildum.

Ég uppgötvaði snemma að fótspor Tinna voru þau sem ég vildi feta í. Ég þráði að kanna heiminn sjálfur og hitta bæði gott og vont fólk. Það hefur gengið eftir. Ég á að vísu eftir að fara til tunglsins, en hef ferðast á flesta staðina hans Tinna. Ekki markvisst heldur ómeðvitað og haft á bak við eyrað að Tinni hafði líka verið þar. Hann hafði svo mótandi grunnáhrif á persónu mína að það smitar allt lífið. Ég ætti kannski að koma upp alvöru styttu af Tinna í garðinum því hann er góð fyrirmynd sem allir mættu læra af. Ég held að mikill Tinni búi innra með mér. Get allavega ekki annað en vonað að svo sé.

Kastaradagar

Úrval kastara á frábæru verði!

Allt að 70% afsláttur

TRIUMPH Tilboðsverð: 7.960-

CUBIX Tilboðsverð: 13.475-

RAP Tilboðsverð: 4.930-

RAP Tilboðsverð: 3.930-

LIDO Tilboðsverð: 1.390-

KOS Tilboðsverð: 1.764-

KOS Tilboðsverð: 4.490-

KOS Tilboðsverð: 3.537-

LYON Tilboðsverð: 590-

BINGO Tilboðsverð: 995-

MINOR Tilboðsverð: 390-

SNAP Tilboðsverð: 4.985-

MINI Tilboðsverð: 6.790-

MINI Tilboðsverð: 4.985-

MINI Tilboðsverð: 1.960-

MYSTIC Tilboðsverð: 9.950-

MYSTIC Tilboðsverð: 4.980-

MYSTIC Tilboðsverð: 2.966-

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAGA: 11 - 16

ÚTSÖLUSTAÐIR

LJÓSIN Í BÆNUM, Suðurveri / **RAFBÚÐIN ÁLFASKEIÐI,** Hafnarfirði / **BYMOS**, Mosfellsbæ / **RAFBÚÐ RÓ,** Keflavík / **BLÓMSTURVELLIR,** Hellissandi / **ÞRISTUR,** Ísafirði **KAUPF. HVAMMSTANGA** / **KRÁKUR,** BLÖNDUÓSI / **RAFSJÁ,** Sauðárkrók / **RAFLAMPAR,** Akureyri / **ÖRYGGI,** Húsavík / **SVEINN GUÐMUNDSSON,** Egilsstöðum / **RAFALDA,** Neskaupstað / **HS RAF,** Eskifirði / **KLÖRUBÚÐ,** Djúpavogi / **LÓNIÐ,** Höfn / **KLAKKUR,** Vík / **GEISLI,** Vestmannaeyjum

Heyrst hefur ...

... að Valsmenn séu að leita að miðjumanni til að styrkja leikmannahópinn fyrir komandi átök. Liðið er nú með fullt hús stiga en ljóst þykir að menn þar á bæ vilji bæta enn um betur. Þeir róa því á erlend mið eftir öflugum miðjumanni. Valsmenn ætla greinilega að leggja allt undir í sumar.

sport

sport@frettabladid.is

HAFNARFJARÐARMAFÍAN MEÐ NÝTT LAG: RISINN ER VAKNAÐUR

Menn vinna ekki titla með popplögum

Risinn er vaknaður nefnist nýtt lag frá Hafnarfjarðarmafíunni, hljómsveit stuðningsmanna FH. Hljómsveitina skipa þeir Heiðar og Halli úr Botnleðju ásamt Viðari. Þeir hafa slegið allrækilega í gegn með öðrum þekktum stuðningsmannalögum en nýjasta viðbótin þykir gefa hinum ekkert eftir. Lagið er alvörurokk eins og von er og vísa hjá Mafíunni. „Já, það þýðir ekkert annað – þetta er það sem mun færa titilinn heim ... annað árið í röð," sagði Heiðar galvaskur við Fréttablaðið. „Strákarnir í liðinu eiga ekkert í þessum titli, þetta eru bara við stuðningsmennirnir," sagði Heiðar og hló. „En það er mikið undir hjá okkur stuðningsmönnum og þess vegna gefum við allt í botn. Þá dugar ekkert annað en rokkslagari. Það virðist nefnilega enginn átta sig á því að það er rokkið sem er málið ef það á að verja titilinn. Öll önnur félög eru með eitthvert popp. Bubbalagið í KR er reyndar orðið klassík."

Þegar Heimir Guðjónsson, fyrirliði FH, tók við deildarbikarnum fyrr í mánuðinum lýsti hann því yfir að risinn væri vaknaður. „Já, þetta er einhver húmor sem byrjaði hjá Heimi og strákunum. FH-ingar eru nefnilega svo hógværir," segir Heiðar kaldhæðnislega. „Og svo er þetta einnig vísun í nýja knattspyrnuhúsið í Kaplakrika, sem heitir einmitt Risinn." Í textanum segir einmitt að „Risinn sé upprisinn".

„Ég er búinn að sjá alla leikina þrjá," segir Heiðar um FH-liðið í sumar. „Ég reyni að fara á alla leiki sem ég kemst á. Ætli það eru ekki fjögur eða fimm ár síðan ég byrjaði að fylgjast með þessu af einhverju viti og nú er maður algerlega háður þessu. Maður hefur þó alltaf verið FH-ingur og ég spilaði með þeim sem gutti." Aðspurðum líst Heiðari vel á framhaldið. „Nú reynir á gegn KR á sunnudag, það þýðir engin ræfilsháttur gegn þeim."

> Við hrósum ...

... stuðningsmönnum FH sem virðast vera líklegir til þess að halda uppi stuðinu á leikjum Landsbankadeildarinnar í sumar en þeir settu frábæran svip á mótið í fyrra. Nýja lagið er eins og flest annað sem frá þeim kemur - afbragð.

> Við samgleðjumst ...

.... með Frömurum sem hafa heldur betur bætt árangur sinn í upphafi móts frá síðustu leiktíð með tveimur sigrum í þremur leikjum. Þegar tímabilið var hálfnað í fyrra voru Framarar með sama stigafjölda og nú, sex stig.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

25 26 27 **28** 29 30 31

Laugardagur

LEIKIR

- 14.00 **Víkingur R.** og **Víkingur Ó.** mætast á Víkingsvelli í fyrstu deild karla í fótbolta.
- 14.00 **KA** og **Þór** mætast á Akureyrarvelli í fyrstu deild karla í fótbolta.
- 16.00 **HK** og **KS** mætast á Kópavogsvelli í fyrstu deild karla í fótbolta.
- 16.00 **Haukar** og **Völsungur** mætast á Ásvöllum í fyrstu deild karla í fótbolta.

SJÓNVARP

- 10.50 **Formúla 1** á Rúv. Tímatökur fyrir Evrópukappaksturinn.
- 11.30 **Úrslitakeppni NBA** á Sýn. Útsending frá leik í úrslitakeppninni
- 13.30 **Landsbankadeildin** á Sýn. Útsending frá leik Fram og Þróttar.
- 15.00 **Snjóbrettagleði** á Rúv.
- 15.10 **Fitness** á Sýn. Grunnskólamót UMSK í fitness.
- 15.30 **Íslandsmótið í snóker** á Rúv. Úrslitaleikur í meistaraflokki karla.

- 15.45 **Meistaradeildin** á Sýn. Útsending frá leik AC Milan og Liverpool.
- 18.25 **Inside the PGA** á Sýn. Bandaríska mótaröðin í golfi.
- 19.00 **US PGA Monthly** á Sýn. Golfþáttur.
- 19.50 **Spænski boltinn** á Sýn.
- 21.55 **Hnefaleikar** á Sýn. Hopkins-Eastmann.
- 22.55 **Hnefaleikar** á Sýn. Vargas – Joval.

Allt annar bragur á Framliðinu

Framarar eru komnir í þriðja sæti Landsbankadeildar karla eftir 3–0 sigur á Þrótti í nágrannaslagnum í Laugardalnum í gær. Andri Fannar Ottósson skoraði tvö mörk og var óheppinn að ná ekki þrennunni.

Fram	3-0	Þróttur

Laugardalsv., áhorf: 804 — Kristinn Jakobsson (7)

1–0 Andri Fannar Ottósson (24.)
2–0 Andri Fannar Ottósson (60.)
3–0 Heiðar Geir Júlíusson (78.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	18–6 (14–2)
Varin skot	Gunnar 2 – Fjalar 11
Horn	7–6
Aukaspyrnur fengnar	14–13
Rangstöður	1–3

FÓTBOLTI Framarar byrja vel í Landsbankadeild karla og þá sérstaklega á heimavelli en liðið vann Þrótt 3-0 í gær í lokaleik þriðju umferðar Landsbankadeildar karla á heimavelli beggja liða á Laugardalsvellinum í gærkvöld.

Fram komst með sigrinum upp í þriðja sætið með 6 stig en liðið vann ÍBV einnig 3-0 í fyrsta heimaleik sínum. Þróttur er hins vegar í kjölfarið stigalaust á botninum ásamt ÍBV og Grindavík. Andri Fannar Ottósson skoraði tvö fyrstu mörk Framara sem hefðu vel getað skorað fleiri mörk ef ekki hefði komið til Fjalars Þorgeirssonar í marki Þróttar.

Ásgeir Elíasson, þjálfari Þróttar, breytti leikaðferð liðsins frá því í fyrstu tveimur leikjunum, fækkaði um einn í vörninni og Framarar nýttu sé hvað eftir annað óöryggið í Þróttaraliðinu á upphafsmínútum leiksins. Það reyndi því mikið á Fjalar Þorgeirsson í Þróttaramarkinu sem hélt liðinu á floti í upphafi leiks. Fjalar kom þó engum vörnum við þegar Andri Fannar Ottósson kom Fram í 1-0 um miðjan hálfleikinn. Það var sjöunda skot Framliðsins en Þróttarar höfðu þá ekki náð skoti og varla komist fram yfir miðju.

Þróttarar tóku smá kipp í lok hálfleiksins en færin voru af skornum skammti. Þeir komu sterkir inn í seinni hálfleikinn en náðu ekki að jafna og fengu síðan annað mark á sig og eftir það spilaðist leikurinn fyrir Framara. Framliðið datt aftur á völlinn, spilaði skynsamlega og fékk í kjölfarið nokkrar góðar skyndisóknin sem hefðu getað skilað fleiri mörkum. Andri Fannar fékk svo tækifæri á lokamínútum leiksins til að fullkomna þrennuna en Fjalar varði skot hans meistaralega vel.

Framliðið hefur tekið stakkaskiptum undir stjórn Ólafs H. Kristjánssonar sem er að móta sterka liðsheild í Safamýrinni sem hefur alla burði til þess að vera langt frá fallbaráttunni í sumar. Upp úr stendur samt Andri Fannar Ottósson, einn skemmtilegasti leikmaður deildarinnar til þessa, en eins voru þeir Hans Mathiesen og Gunnar Þór Gunnarsson mjög traustir.

Það sitja því þrjú lið stigalaus á botninum eftir fyrstu þrjár umferðirnar en Grindvíkingar, Eyjamenn og Þróttarar geta þó huggað sig við það að þótt að staðan sé slæm þá eru önnur tvö lið í sömu vandræðum.

ooj@frettabladid.is

FRAM 4–3–3		ÞRÓTTUR 4–4–2	
Gunnar S.	6	Fjalar	7
Kristófer Skúli	5	Freyr	6
(72. Ívar	–)	Jens	5
Þórhallur	5	Jaic	6
Kristján	6	Eysteinn	4
Gunnar Þór	7	Halldór	6
Mathiesen	7	Páll	5
Nörholt	5	Haukur Páll	4
(61. Viðar	5)	(68. Erlingur Þór	5)
Ingvar Þór	5	Daníel	6
***Andri Fannar**	**7**	Þórarinn	3
Ríkharður	4	Sævar	5
Andri Steinn	5		
(56. Heiðar Geir	6)		

*MAÐUR LEIKSINS

TVÖ MÖRK ANDRA Framarinn Andri Fannar Ottósson, sem skoraði tvö mörk í gær, reynir hér að komast fram hjá Jens Sævarssyni (13) og Halldóri Hilmissyni, Þrótturum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Toyota-mótaröðin í golfi hefst um helgina með Icelandair-mótinu:

Fjörið byrjar á Strandarvelli á Hellu

GOLF. Úrval íslenskra kylfinga verður saman komið á Toyota-mótaröðinni í sumar, en hún samanstendur af sex mótum. Það fyrsta verður nú um helgina á Strandarvelli á Hellu, þar sem aðstæður munu vera hinar ákjósanlegustu, en ástand valla hefur víða verið ansi bágborið í vor vegna kulda og þurrka. Þar eru skráðir til leiks yfir 130 keppendur, því aðeins eru leiknar 36 holur á mótinu.

Leiknar verða 18 holur hvorn daginn og ræst út frá klukkan átta um morguninn til hálf fjögur seinni partinn. Gert er ráð fyrir að flestir bestu kylfingar landsins taki þátt í Toyota-mótaröðinni í sumar, en þó gætu einhverjir þeirra misst af mótum vegna keppni á erlendri grundu.

Áhugi Íslendinga á golfíþróttinni hefur aldrei verið meiri en nú og á dagskrá eru yfir eitt þúsund mót á völlum landsins í sumar. Flestir vellir landsins eru mjög þétt setnir og aðstaða til æfinga, sem og öflugt unglingastarf, aukist til muna. Yngri kylfingarnir munu etja kappi á KB banka mótaröðinni í sumar. Þar koma saman efnilegustu kylfingarnir, og munu sumir þeirra einnig munu taka þátt í keppnum hinna eldri og reyndari.

Meistaramót klúbba verður haldið í júlí í sumar og stendur yfir í fjóra daga á öllum völlum. Leiknar verða 72 holur og mun gríðarlegur fjöldi kylfinga taka þátt sem og í ágúst þegar sveitakeppnir verða haldnar. **- bb**

TOYOTA-MÓTARÖÐIN:

- 28.-29. maí: Icelandair-mótið á Strandavelli á Hellu. 36 holur.
- 11.júní: Carlsberg-mótið á Vestmannaeyjavelli. 56 holur.
- 25.-26. júní: Ostamótið á Garðavelli. 56 holur.
- 21.-24. júlí: Íslandsmótið í höggleik á Hólmsvelli. 72 holur.
- 5.-7. ágúst: Íslandsmótið í holukeppni á Hvaleyrarvelli.
- 3.-4. september: Flugfélagsmótið á Korpúlfsstaðavelli. 36 holur.

VERÐUR MEÐ Birgir Leifur Hafþórsson tekur þátt í mótum sumarsins.

1. deildarlið Víkings styrkist:

Jóhann í lán til Víkings

FÓTBOLTI Valsarinn Jóhann Hreiðarsson hefur verið lánaður til nágrannaliðsins Víkings í mánuð, hið minnsta. Sigurður Jónsson, þjálfari Víkinga, sagði að hann fagnaði komu Jóhanns, enda reyndur leikmaður þar á ferð og góður. Jóhann er bróðir Sigurbjörns Hreiðarssonar, fyrirliða Vals, en þeir bræður hafa borið uppi miðjuspil Vals síðustu árin.

„Hann á eftir að koma til með að auka breiddina í leikmannahópi okkar sem og samkeppni, sem er aðeins af hinu góða." Sigurður vildi ekki staðfesta hvort Jóhann færi strax í byrjunarlið Víkings á morgun þegar liðið tekur á móti nafna sínum frá Ólafsvík.

Hann verður þó í leikmannahópnum. Sigurður segir enn fremur að ekki sé loku fyrir það skotið að Jóhann framlengi dvöl sína hjá félaginu, það yrði að koma í ljós er fram líða stundir. **- esá**

HÉR & NÚ / SÍA

Gríptu ekki í tóman kút

Aldrei aftur gaslaus í miðju grilli!

Propane Genius* er handhægt tæki sem mælir hve mikið gas er eftir í gaskútnum þínum þannig að tími hálfbakaðra kartafla er liðinn. Þú kveikir á grillinu og innan tíu mínútna sérðu hve mikið gas er eftir – þannig grípur þú aldrei í tómt á ögurstundu.

Þú færð Propane Genius í öllum verslunum Shell á höfuðborgarsvæðinu en þar færðu líka allt á grillið og í góða grillveislu, snakk, gos, sólgleraugu og sólarvörn.

Verð
1.899 kr.
(rafhlöður fylgja)

*Fæst líka í verslunum 10-11

Shell - með þér alla leið



Mynd eftir Línu Rut

Útskriftargjafir

í Galleríi Fold í Kringlunni og við Rauðarárstíg.
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

LISTMUNASALA fold

Sjáumst í Galleríi Fold

Opið laugardag, 11-14

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

ALLT Á GRILLIÐ!!

Grillspjót-Grillspjót-Grillspjót

Smjörkrydduð lúðusteik.....1.690,-
Hlýrasteik með hvítlauk og piparblöndu
..... 1.290,-
Túnfisksteik fersk og flott..... 1.990,-
Blálanga picante..... 1.290,-

Risarækjurnar
vinsælu með skel

HUMAR
eigum allar stærðir.

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

STUÐ MILLI STRÍÐA : Baráttuviljinn tryggði titilinn

FREYR BJARNASON SKRIFAR UM ÓTRÚLEGAN ÁRANGUR LIVERPOOL Í MEISTARADEILDINNI.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með ævintýralegum árangri Liverpool í Meistaradeildinni í vetur. Úrslitaleikurinn í Istanbúl um daginn var algjörlega til að kóróna ótrúlega frammistöðu liðsins í keppninni. Þó svo að liðið hafi ekki spilað skemmtilegasta boltann hafði það baráttuvilja sem fleytti því alla leið.

Óska ég stuðningsmönnum liðsins nær og fjær til hamingju með titilinn og eiga þeir vafalítið eftir að brosa sínu breiðasta í allt sumar, sem er eitthvað sem þeir hafa gert fremur lítið af undanfarin fimmtán ár eða svo.

„Kominn tími á þennan titil," segja púlarar, en aðrir hugsa Liverpool vafalítið þegjandi þörfina því þegar ég var yngri unnu þeir flest mót sem þeir tóku þátt í. Ian Rush var þar fremstur í flokki og var hann einn af þeim leikmönnum sem fólk elskaði að hata. Hann var markheppinn með eindæmum og alltaf náði hann að pota boltanum í netið. Þegar ofan á þetta bættist að hann þótti ekki sérlega fríður áttu aðdáendur enn auðveldara með að fyrirlíta hann.

Ég man líka eftir harðjaxlinum Steve Nicol, miðjubuffinu John Barnes, Kenny Dalglish, markverðinum Bruce Grobbelaar og hvað þeir nú hétu allir. Virtust þeir algjörlega ósigrandi á þessum árum og maður sá ekki fram á að nokkurt lið gæti ógnað þeim. Það átti þó eftir að koma á daginn.

Þrátt fyrir Evrópumeistaratitilinn hef ég samt enga trú á að ný gullaldartíð sé að renna upp hjá Liverpool. Vissulega er liðið sterkt og með ríka hefð en ég held að titlarnir muni halda áfram að fara til risanna þriggja: Chelsea, Arsenal og Manchester United. Liverpool mun halda áfram að vera á meðal efstu liða en þeirra tími er ekki enn kominn.

Engu að síður verður núverandi leikmannahóps minnst um ókomna tíð fyrir þetta mikla afrek í Istanbúl þar sem þeir komu öllum á óvart, þar á meðal sjálfum sér. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

GERÐU ÞÉR MAT ÚR TÓMÖTUM

ÍSLENSK TÓMATSÚPA

1 íslensk gulrót
1 gul íslensk paprika, lítil
25 g íslenskt smjör
800 g íslenskir tómatar, vel þroskaðir
2 tsk ferskt íslenskt timjan, saxað
1 tsk ferskt íslenskt rósmarín, saxað
nýmalaður pipar
salt
3/4 l vatn
2-3 msk íslenskur graslaukur
íslenskur fetaostur til að setja út í.

Gulrótin og paprikan skornar í litla teninga. Smjörið brætt í potti og gulrót og paprika látnar krauma í því við fremur vægan hita í nokkrar mínútur. Tómatarnir saxaðir og settir út í ásamt kryddjurtum, nokkuð miklum pipar og salti. Hitað að suðu og látið malla við hægan hita í 25-30 mínútur. Þá er súpan smökkuð til og söxuðum graslauk dreift yfir. Tekin af hitanum og látin standa 1-2 mínútur en síðan borin fram ásamt fetaosti, sem hver og einn setur út í eftir smekk. Lykilatriði til að súpan verði góð er að tómatarnir séu vel þroskaðir og rauðir og að notaður sé töluvert mikill pipar til að krydda hana.

fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á íslenskt.is

Fíton/SÍA F1009741

Kl. 11.00
Listasmiðjurnar *í Listasafni Reykjavíkur eru einstæð leið fyrir börn og fullorðna til þess að kynnast myndlistinni í tengslum við sýninguna á verkum Dieters Roth. Í dag verður listasmiðja fyrir börn á aldrinum 10 til 12 ára, en á morgun verður listasmiðja fyrir börn og fullorðna.*

menning

menning@frettabladid.is

Tónleikahelgin mikla

Fyrsta helgi listahátíðar var helguð myndlistinni en þessi helgi, nú viku síðar, verður að stórum hluta helguð tónlistinni. Tónleikar verða á hverju strái og má þar meðal annars nefna tónleika þeirra Barða í Bang Gang og frönsku söngkonunnar Keren Ann, sem verða í Íslensku óperunni í kvöld.
Þau hafa gefið út einn geisladisk, sem heitir „Ecoutez l'histoire de Lady & Bird“. Á þessum tónleikum flytja þau tónlist sína með íslenskum kór og hörpuleikara, en það hafa þau aðeins gert einu sinni áður.
Portúgalska fadódívan Mariza söng á Broadway í gærkvöldi og ætlar að endurtaka leikinn í kvöld. Strengjakvartettinn Pacifica verður einnig með tvenna tónleika í Íslensku óperunni núna um helgina. Fyrri tónleikarnir verða í dag og þeir seinni á morgun.
Í fyrramálið ljúka þau Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari og Gerrit Schuil píanóleikari við flutning allra fiðlusónata Beethovens. Síðustu

þrjár sónöturnar verða á dagskrá á tónleikum þeirra í Ými, sem hefjast klukkan ellefu í fyrramálið.

EKKI MISSA AF...

... danshátíðinni á Listahátíð á vegum **Trans Danse Europe.** Dansflokkar frá Tékklandi og Finnlandi sýna verk sín á morgun í Borgarleikhúsinu.

.... tónleikum í Salnum í Kópavogi í dag þar sem píanóleikarinn **Aladár Rácz** flytur öll Goldbergtilbrigðin eftir Bach.

... víóluleikaranum og hljómsveitarstjóranum **Yuri Bashmet** sem kemur fram ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð á fimmtudagstónleikum í næstu viku.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER
ÁHUGALEIKSÝNING ÁRSINS 31. MAÍ!

■ **Stóra sviðið**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - *H.C. Andersen*
Í dag lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus,** sun. 5/6 kl. 14:00 **nokkur sæti laus.**
Síðustu sýningar í vor.

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - *Hallgrímur Helgason/leikgerð Baltasar Kormákur*
Í kvöld lau. 28/5 **örfá sæti laus,** lau. 4/6 **örfá sæti laus,** fim. 9/6, fös. 10/6.
Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.

MÝRARLJÓS - *Marina Carr*
Sun. 29/5 **nokkur sæti laus. Allra síðasta sýning**

ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER
Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. **Stúdentaleikhúsið.**
Þri. 31/5 kl. 20:00 **uppselt** kl. 22:30 **nokkur sæti laus.**

DÍNAMÍT - *Birgir Sigurðsson*
9. sýn. fös. 3/6 **nokkur sæti laus,** 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

RAMBÓ 7 - *Jón Atli Jónasson*
Í kvöld lau. 28/5 **örfá sæti laus,** fös. 3/6 **nokkur sæti laus,** lau. 4/6.

■ **Valaskjálf Egilsstöðum**

EDITH PIAF Á AUSTURLANDI - *Söngdagskrá*
Mið. 1/6 kl. 20:00, fim. 2/6 kl. 20:00.
Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa.
Opið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is.** Miðasalan er opin kl. **12:30-18:00** mán. og þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00.** símapantanir frá kl. **10:00** virka daga
Þjóðleikhúsið sími 551 1200

Rótleysi frá Suður-Afríku

Tessa Davis er 23 ára gömul og býr í Suður-Afríku. Hún stundar box í Eldorado Park Boxing Club, sem er í bænum Gauteng.

„Henni var nauðgað þegar hún var sextán ára og er í boxi til að takast á við það,“ segir Jóhanna Guðrún Árnadóttir á Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Ljósmyndin af Tessu er ein fjölmargra ljósmynda á sýningunni „Rótleysi“ sem verður opnuð í dag á safninu.Ljósmyndirnar á sýningunni eru eftir átta ljósmyndara frá Suður-Afríku. Sýningin var sett upp í tilefni þess að tíu ár eru liðin frá því lýðræði komst á í Suður-Afríku eftir margra áratuga aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans.

Myndin af Tessu er úr myndaröð eftir ljósmyndarana Adam Broomberg og Oliver Chanarin.

„Þeir setja alla sem þeir taka mynd af á sama stall og reyna að fá fólk til að líta framhjá öllum stöðluðum ímyndum af fólki og sjá frekar einstaklingana sem búa að baki. Á sýningunni er mikið af myndaröðum, sem gerðar eru af heimilda- og fréttaljósmyndurum. Mikill texti fylgir þeim flestum þannig að þessi sýning er mjög áhugaverð fyrir alla sem hafa áhuga á pólitík og þjóðmálum.“

Hinir ljósmyndararnir sem eiga verk á sýningunni eru Jodi Bieber, David Goldblatt, Santu Mofokeng, Jo Ratcliffe, Guy Tillim og Lolo Veleko.

Rótleysi var upprunalega sett upp í Þjóðarljósmyndasafninu í Kaupmannahöfn, fór síðan til Svíþjóðar og verður svo hér á landi í sumar. Sýningarstjórar eru Daninn Mads Damsbo og Suður-Afríkumaðurinn Davids Brodie. ■



TESSA DAVIS Í dag verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur sýning átta suður-afrískra ljósmyndara.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

99% UNKNOWN - Sirkussýning
CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 ***Aðeins þessar sýningar***

25 TÍMAR
Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON. Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-
Einstakur viðburður

ÞUMALÍNA
Frá Sólheimaleikhúsinu
Fi 2/6 kl 20 - 1.000,-

TRANS DANSE EUROPE
Tanec Praha, Tékklandi
Su 29/5 kl 20 - 2.500,- ***Miðasala hjá Listahátíð***

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Í kvöld 28/5 kl 20
Síðasta sýning

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Lau 4/6 kl 14 **UPPS.**, Su 5/6 kl 14 **- UPPS.**, Su 12/6 kl 14, Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Lau 28/5 kl 20,
Su 29/5 kl 20, Fi 2/6 kl 20, Fö 3/6 kl 20,
Lau 4/6 kl 20, Su 5/6 kl 20
Aðeins 3 sýningarhelgar eftir

TRANS DANSE EUROPE
Nomadi Productions - Finnland
Su 29/5 kl 17
Miðasala hjá Listahátíð

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

GERÐUBERG

Gagn og gaman
6. - 10. júní og 20. - 24. júní
Smiðjustjóri: Harpa Björnsdóttir myndlistarmaður
s. 575 7700, gerduberg@reykjavik.is
Ath! Skráningu lýkur n.k. þriðjudag

Stefnumót við safnara II
Sunnudagur 29. maí kl. 15
Að skapa skart úr skít - um söfnun, endurvinnslu og listræna sköpun
Ólafur Engilbertsson, sagnfræðingur og sýningahönnuður, flytur erindi
Aðgangseyrir: Kr. 500 (kaffi/te er innifalið)

kl. 16 - Bíó: Elvis That's The Way It Is. Ókeypis aðgangur!
Í samstarfi við Reykjavíkurakademíuna

Lóa Guðjónsdóttir sýnir vatnslita- og olíuverk í Boganum

www.gerduberg.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR
25 26 27 **28** 29 30 31

Laugardagur

■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 15.00 Söngvarinn **Geir Ólafsson** heldur tónleika á Café Kidda Rót í Hveragerði. Geir er býður upp á nýja latín-ameríska dagskrá og lofar ógleymanlegri stemmningu.

☐ 15.00 Bandarísk söngkonan **Nina Nastastia** og barkasöngvaraflokkurinn **Huun Huur Tu** frá Tuva koma fram í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.

☐ 16.00 Píanóleikarinn **Aladár Rácz** flytur Goldbergtilbrigði Bachs í Salnum í Kópavogi.

☐ 18.30 8. stigstónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. **Hugi Jónsson** barítón syngur ásamt **Richard Simm** píanóleikara.

☐ 22.00 **Úlfarnir** verða í Vélsmiðjunni á Akureyri.

☐ 22.00 Danska hljómsveitin **Mercenary** spilar á Grand Rokk ásamt **Momentum, Myra** og **Jericho Fever**.

☐ **Helga Magnúsdóttir** sópran verður með burtfarartónleika í Hallgrímskirkju, Suðursal. Á efnisskrá tónleikanna eru íslensk og erlend sönglög,söngleikjalög og óperuaríur. Píanóleikari er **Iwona Jagla**.

☐ **Atómstöðin, Dýrðin** og **Lokomotiv** verða með tónleikana á Ellefunni og **Krummi** í Mínus snýr skífum á eftir.

■ ■ OPNANIR

☐ 14.00 Nemendasýning **Ljósmyndaskóla Sissu** verður opnuð að Hólmaslóð 6. Að þessu sinni sýna 19 nemendur tæplega 200 myndir.

☐ **Rótleysi** nefnist sýning á ljósmyndum eftir átta suður-afríska ljósmyndara, sem opnuð verður í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, sjöttu hæð.

■ ■ SKEMMTANIR

☐ 22.00 Dúettinn **Tube** leikur af fingrum fram á Hressó til klukkan eitt. Dj **Jón Gestur** tekur síðan við.

☐ 23.00 Dúettinn **Sessý og Sjonni** leikur á Búðarkletti í Borgarnesi.

☐ 23.00 Rokksveit **Rúnars Júlíussonar** leikur á Kringlukránni.

☐ 23.00 Dj **Palli** í Maus á Cultura.

☐ **Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.

☐ **Hermann Ingi** jr. skemmtir gestum Búálfsins í Hólagarði.

☐ **Addi M** á Catalinu.

☐ Dj **Matti** á Laugavegi 22.

☐ Dúettinn **Acoustics** leikur á Ara í Ögri.

Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari: Leikur með Pacifica-kvartettnum á Listahátíð

Faldi fiðluna í fótboltatöskunni

„Systir mín spilaði á fiðlu þegar ég var lítill drengur en þá hafði ég engan áhuga á hljóðfærinu. Seinna fór mamma með mig fimm ára á tónleika barna sem spiluðu á strengjahljóðfæri og ég varð svo afbrýðisamur að ég varð að læra sjálfur," svarar fiðluleikarinn Sigurbjörn Bernharðsson, spurður að því hví fiðlan varð fyrir valinu, enda stundum álitin stelpuhljóðfæri.

„Á viðkvæmum unglingsárum vissu allir að ég lék á fiðlu án þess ég auglýsti það sjálfur. Mér fannst sem allir horfðu á mig með fiðluna í strætó en fyrst ég var í fótbolta líka brá ég á það ráð að setja fiðluna í fótboltatöskuna," segir Sigurbjörn hlæjandi og bætir við að líf tónlistarmannsins sé kannski ekki það besta í heimi, en örugglega það eina sem hann geti hugsað sér.

Sigurbjörn er eini Íslendingurinn í Pacifica, sem er talinn einn allra fremsti kvartett Bandaríkjanna og hefur hvarvetna vakið feiknalega athygli. Auk Sigurbjörns eru í Pacifica: Masumi Per Rostad á lágfiðlu, Simin Ganatra á fiðlu og Brandon Vamos á selló. Kvartettinn heldur þrenna tónleika á Listahátíð.

„Við Simin vorum saman í tónlistarháskóla, lærðum hjá foreldrum Brandons og höfum því allir verið góðir vinir frá því við vorum táningar. Masumi kynntist ég síðar á tónlistarhátíð og nú er hafið tíunda árið sem Pacifica starfar saman," segir Sigurbjörn, en Pacifica er aðalstarfi fjórmenninganna sem allir stunda kennslu á milli tónleikahalds, en þeir eru allt að 80 á ári í Evrópu, Ameríku og Asíu.

„Ég hef verið í Bandaríkjunum síðan 1992 að ég lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Mér líður mjög vel úti, en er alltaf með hugann hér heima. Eftir því sem ég bý lengur fjarri heimahögunum finnst mér mikilvægara að lesa íslenskar bækur og fylgjast með íslenskum fréttum. Heimþráin er því lífseig, þótt ég hafi alltaf stjórn á henni," segir Sigurbjörn einlægur.

SIGURBJÖRN OG PACIFICA-KVARTETTINN Á ÆFINGU „Mér líður mjög vel úti, en er alltaf með hugann hér heima. Heimþráin er því lífseig þótt ég hafi alltaf stjórn á henni."

„Mörg tónskáld sömdu strengjakvartett, þegar þau vildu virkilega tjá sig á sem innhverfastan og einlægastan máta. Síðustu verk Beethovens voru öll strengjakvartettar og sama má segja um flest síðustu verk Mozarts, Brahms og Bartóks. Tónskáldum nútímans þykir jafn áhugavert að gera tilraunir með strengjakvartetta og því erum við jafnan í sambandi við bestu tónskáldin, sem er þroskandi."

Sigurbjörn segir lífið með Pacifica snúast fyrst og fremst um tónlist, þótt því fylgi líka glamúr og ferðalög.

„En þetta er ekkert rokkstjörnulíf. Ferðalögin eru spennandi og eins að spila með ótrúlegum tónlistarmönnum. Ég var spenntur að koma með vini mína til Íslands, því þau hafa heyrt mig tala svo mikið um landið, og eru hæstánægð," segir Sigurbjörn að lokum, hamingjusamur að vera heima. ■

Hús þráhyggjunnar

MYNDLIST

GUÐMUNDUR ODDUR MAGNÚSSON

Klink og Bank
Christoph Schlingensief
Animatograph

Niðurstaða: „Allt sem átti að verða myndlist endar sem enn eitt leikhúsverkið."

Hann er hér á listahátíð í boði og að frumkvæði hertogaynjunnar Francescu af Habsburg og upphaflega í alls engu samráði við forsvarsmenn listahátíðar. Verk hans hér er upphaf að nýju verki sem verður sett upp og framkvæmt víðar, alla vega í Namibíu, Vínarborg, Los Angeles og New York. Útgáfan sem er hér til sýnis í húsakynnum Klinks og Banks í Brautarholtinu heitir „Hús þráhyggjunnar" en átti fyrst að heita „Rústum Þingvöll" því þar varð fæðing stjórnkerfisins sem listamaðurinn vill stanga. Nafninu var hins vegar breytt á síðustu stundu. Verkið er samsetningur af leikhúsi og myndlist og er nánast presenterað sem innkoma þessa þekkta leikhúss- og kvikmyndagerðarmanns inn á svið myndlistar og boðun um mikið áframhald. Þess háttar sambræðsla er auðvitað ekki ný af nálinni en svo einkennilegt sem það má vera hafa myndlistarmenn verið meira fyrir það að vinna með tengingar formanna heldur en listafólk í öðrum greinum.

Sýningin er staðsett í kjallaranum í myrkvuðu rými. Vindhljóð, yfirlýsingar og hróp úr gjallarhornum hvína allstaðar. Áhorfandinn þarf að fara í gegnum göng inn úr einu herbergi í annað og enda sjálfir á hringsviðinu. Á leiðinni og á hringsviðinu eru sýndar kvikmyndir sem teknar voru sérstaklega hér á landi

ÁTÖK VIÐ STRÚTINN Myndlistarsýning þýska leikstjórans Christophs Schlingensief er í Klink og Bank.

þar sem ýmislegt sérkennilegt ber fyrir augu svo sem strútur frá Afríku spígsporandi um íslensk hverasvæði. Verkið gefur til kynna xenófóbíu, útlendingahræðslu. Listamaðurinn stillir Decode og Kára Stefánssyni upp við thailenska menningu og matsölustaði á Íslandi og segir „Everybody's island is a Thailand". Forsetinn er gerður að trúði og forsetafrúin að dvergi. Hann „vanhelgar" Þingvelli með sviðsettri eftirlíkingu af afhendingu Eyrarrósarinnar á Bessastöðum og afhendir íslenskum listamönnum „Gullharðfiskinn". Íslensku guðirnir Loki og Óðinn eru tengdir við raunveruleika dagsins í dag á hringsviðinu og fleira í þessum dúr.

Flest virkar svo yfirborðslega að þetta verður í raun að aumum fimmaurabröndurum. Listamaðurinn lét hafa eftir sér að honum líkaði ekki við myndlistarmenn sem kæmu inn í annað menningarsamfélag með yfirborðslegar klisjur og yfirlýsingar en er í raun að enda svoleiðis sjálfur. Sem myndlistarmaður er hann með tilvísanir í „nýja" þýska myndlistararfleið. Krukkuverkin er nálgun á Beuys/Roth akademíunni. Þar afhelgar hann tvo stórmeistara. Krítartafla Beuys er á hringsviðinu. Gallinn er að þetta virkar allt eins og hvert annað props eða leikmunir. Allt sem átti að verða myndlist endar sem enn eitt leikhúsverkið. Honum tekst allavega ekki að helga munina – í þeim er engin dýnamík. Það tókst hins vegar Beuys og Dieter Roth með miklum bravúr. Verkið er líka í heild ofhlaðið vegna þess að inntakið er rýrt. Það sem er hins vegar gott við það er að honum tekst að skapa trúverðugt andrúmsloft – hann skilar sensasjóninni vel. Þetta er sterk upplifun, sterk leiðsögn að animatograph hringsviðinu og áhorfandinn fær á tilfinninguna að sterk orka sé í gangi. Það er verk leikhúsmannsins og þar er hann á heimavelli. ■

- ☐ Hljómsveit **Geirmundar Valtýssonar** verður með dansleik í Klúbbnum við Gullinbrú.
- ☐ **Rúnar Þór** og hljómsveit leika á Ránni í Keflavík.
- ☐ **Vegagerðin**, dúett þeirra **Sváfnis Sigurðarsonar** og **Haraldar Vignis Sveinbjörnssonar**, syngur og leikur í Café Aroma í Hafnarfirði.
- ☐ Hljómsveitir **Tilþrif** skemmtir í félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Klaustri þar sem Íslandsmeistaramótið í Enduru stendur yfir. Unglingahljómsveitin **The Lost Toad** tekur einnig lagið.

■ ■ ÚTIVIST

- ☐ 14.00 Í tilefni 120 ára afmælis Garðyrkjufélags Íslands býður **Grasagarður Reykjavíkur** upp á fræðslugöngu kl. 14 og aftur kl. 15. Garðyrkjufræðingarnir **Auður Jónsdóttir** og **Ingunn J. Óskarsdóttir** leiða gönguna og vekja athygli á völdum trjám og runnum.

■ ■ SAMKOMUR

- ☐ 14.00 **Listaháskóli Íslands** brautskráir nemendur frá skólanum á hátíðarsamkomu sem haldin verður á stóra sviði Borgarleikhúsins. Auk ávarpa verður sýn myndbandið Violin Power með **Steinu Vasulka, Sif Tulinius** fiðluleikari leikur Adagio úr einleikssónötu eftir Johann Sebastian Bach í g-moll og slagverkshópurinn **Paraból**a slær bumbur.

■ ■ FÉLAGSLÍF

- ☐ 14.00 Stofnfundur **Félags fagfólks í frítímaþjónustu** verður haldinn í félagsmiðstöðinni Miðbergi, Gerðubergi 1.

■ ■ LISTAHÁTÍÐ

- ☐ 15.00 Kvartettinn **Pacifica** leikur á Listahátíðartónleikum í Íslensku óperunni. Kvartettinn skipa **Sigurbjörn Bernharðsson** fiðluleikari, **Masumi Per Rostad** á víólu, **Simin Ganatra** á fiðl og **Brandon Vamos** á selló.
- ☐ 20.00 **Barði Jóhannsson** úr Bang Gang og franska söngkonan **Keren Ann** koma fram á Listahátíðartónleikunum í Íslensku óperunni, þar sem þau flytja tónlist sína með íslenskum kór og hörpuleikara.
- ☐ 21.00 Portúgalska fado-söngkonan **Mariza** syngur á Broadway ásamt fjölmennri hljómsveit.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

MÓÐUR VIKUNNAR
> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Garðhúsgögn og sandalar

Ég get stundum ekki annað en brosað yfir okkur Íslendingum. Um leið og sólin fer að glenna sig á vorin tökum við fram sumarfötin og gleymum því algerlega að það sé bara 8 gráðu hiti eða minna. Við fyrsta sólargeislann erum við komnar í opna sandala, ermalausa toppa og förum út á morgnana jakkalausar. Sumar ganga svo langt að klæðast pilsum og opnum skóm og spóka sig um berleggjaðar í vorhretinu. Á kaffihúsum borgarinnar fær maður þetta beint í æð. Þar kjósa sem flestir að sitja úti við í sumarfötunum og skilja svo ekkert í því af hverju þeir kvefast og veikjast á vorin. Mitt ráð er að allir kaupi sér hitamæli og komi honum fyrir í skugga heima hjá sér. Reglan er sú að fara ekki berleggjaður út úr húsi nema það sé 14 stiga hiti og allt undir því telst vera jakka- eða úlpuveður. Það er alveg hægt að vera sumarlegur og smart án þess að vera nánast ber. Í raun er það mun klæðilegra og fallegra að hafa einhverjar spjarir utan á sér. Það versta sem ég sé er þó þegar stelpur mæta sokkabuxnalausar á djammið jafnvel án jakka og halda að þær séu smart. Svo hýrast þær í biðröðum fyrir utan skemmtistaðina með frosið bros og glamrandi tennur. Það er smekklegt, eða ekki? Vorvitleysan kemur þó í ljós á fleiri vígstöðvum en í fatatískunni. Núna eru allir að kaupa sér garðhúsgögn, gasgrill og allt sem til þarf til að hafa það náðugt úti við. Enginn getur setið úti nema hafa gashitara sem kostar álíka mikið og þrenn vegleg skópör. Ég myndi taka skóna fram yfir hitarann en það er önnur saga. Ég datt í þennan pytt og linnti ekki látum fyrr en ég var komin með legugarðbekk í skottið á bílnum. Þegar ég kom með bekkinn heim var hinsvegar allt of kalt til að liggja úti. En þá datt mér snjallræði í hug. Ég opnaði svaladyrnar og kom bekknum fyrir í dyraopinu. Þannig að efri partur líkamans er inni og bara tásurnar úti á svölum. Nú get ég aldeilis sólað mig á mínu eigin heimili án þess að fá flensu og kvef. Hitamælirinn er ekki langt undan svo ég held ég sé í nokkuð góðum málum.

Ung að eilífu

Það er ekki nóg að nota bara réttu snyrtivörurnar og vera vel inni í því hvaða litir eru heitastir í sumartískunni. Huga verður að undirlaginu og dekra við húðina svo við glóum eins og demantar. **Profutura Primary Action**-kremin frá **Marbert** hjálpa húðinni að vinna gegn öldrun sinni. Þetta á þó ekki bara við fyrir þær sem eru að eldast heldur snertir líka utanaðkomandi áhrifavalda eins og sól og mengun. Streita og þreyta geta líka hraðað öldrun húðarinnar og vinna Profutura-kremin gegn henni. Kremin hafa mýkjandi áhrif á húðina og vernda hana gegn skaðlegum efnum í umhverfinu. Kremið örvar einnig húðina til að endurnýja sig og viðhalda ljómanum. Með daglegri notkun má koma í veg fyrir ótímabærar hrukkur. Er hægt að biðja um eitthvað meira?

Nýji ilmurinn **I love love** frá **Moschino** er æði ferskur og sumarlegur. Appelsínulykt með keim af sítrónu, grape og rifsberjailmi og rósum. Hann er sætur með pínulitlum keimi af kanil. Hann er það góður að mann langar helst að drekka ilmavatnið í sig og ætti því að laða að fullt af skemmtilegu fólki. Glasið er frumlegt og listrænt þar sem túrkísliturinn fær að njóta sín með appelsínugulum hatti. Þetta er ilmur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Einnig er hægt að fá húðmjólk og sturtusápu með sama ferska ilminum. Hann fæst í næstu snyrtivöruverslun.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

PROFUTURA PRIMARY ACTION Kremin koma í veg fyrir ótímabæra öldrun húðarinnar.

GLASIÐ er glimrandi ferskt og fallegt.

Útskriftargjafir
Myndir - skartgripir
- styttur - vasar
stjakar og margt fleira
Lif&List
SMÁRALIND
Smáralind / s: 544-2140

NICOLE KIDMAN er andlit Chanel.

HIMNESKT Gullhálsmenið er veglegt og á því eru öll táknin, halastjarnan og happafimman.

Happatölur og halastjörnur

Skartgripatískan hefur sjaldan verið fyrirferðarmeiri og veglegri. Gullið er komið í fyrst sæti eftir mikla silfurtíð og ekki er verra að hafa gullið alsett demöntum og öðru fíneríi. Flestar konur dreymir um að eiga skargripi í tonnavís en vegna verðlagningarinnar þurfa flestar að stilla því í hóf, nema náttúrlega milljarðakvendi. Í dag eiga skartgripirnir að vera stórir og miklir um sig. Nýjasta skartgripalínan frá **Chanel** er dæmi um fylgihluti sem erfitt er að standast. Hún er einungis seld í Chanel-sérverslunum víða um heim. Stjörnur á borð við **Nicole Kidman** og **Söruh Jessicu Parker** hafa haft mikið dálæti á öllu sem kemur frá Chanel í gegnum tíðina. Skartgripirnir eru engin undantekning. Einnig hefur kóngafólkið í Evrópu verið duglegt að fjárfesta í Chanel-skarti, svo duglegt að oft hefur fyrirtækið þurft að hætta að framleiða ákveðna hluti því þeir hafa verið svo vinsælir. Það þykir sumsé ekki smart að mæta með eins hálsmen og önnur prinsessa í konunglegum teitum eða öðrum veislum. Markaðurinn er því fljótur að mettast. Skartgripalínan **„Les Médailles de Chanel“** er bæði úr gulli og hvítagulli og eru skartgripirnir í línunni alsettir demöntum. Tölustafurinn 5 kemur oft við sögu en hann er happatákn að mati hönnuðanna. Gripirnir eru því ekki bara fallegir heldur er eiga þeir að boða gæfu. Halastjarnan sem var táknmynd fyrstu skartgripalínunnar **„Bijoux de Diamants“** sem kom á markað 1932 lifir ennþá góðu lífi og hefur sjaldan vakið eins mikla athygli og núna.

martamaria@frettabladid.is

SARAH JESSICA PARKER hefur verið æði hrifin af skartgripunum frá Chanel í gegnum tíðina. Hún á án efa eftir að fjárfesta í einhverju fíneríi úr nýju línunni.

GAMALDAGS Hringurinn ber halastjörnuna sem sló í gegn 1932 þegar fyrsta skartgripalína Chanel kom á markað.

HVÍTAGULLIÐ er alltaf jafn fallegt.

EYRNALOKKAR sem margar konur dreymir um að eignast.

GEISLANDI Armböndin eru úr skíragulli með 0.46 karata demanti.

HEITT SUMARTREND Í sumartískunni eru hálsmen í mörgum lögum áberandi. Fæst þeirra eru þó úr eðalmálmum eins og þessi dýrgripur.

SMEKKURINN SÓLVEIG EINARSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR

Flatbotna skór og fallegir litir

Sólveig Einarsdóttir er listunnandi fram í fingurgóma. Hún er sjálfstætt starfandi listamaður en Listasafn Einars Jónssonar fær einnig að njóta vinnukrafta hennar. Hún fylgist töluvert með tískunni og hefur unun af því að skoða föt í litlu hönnunarbúðunum við Laugaveg.

Spáir þú mikið í tískuna? Já og nei, ég fylgi engum tískuspekúlöntum en hef gaman af að fylgjast með tískunni í kringum mig.

Uppáhaldshönnuðir? Ég á enga uppáhaldshönnuði.

Fallegustu litirnir? Gulur, blár, grænn, brúnn og gylltur.

Hverju ertu mest svag fyrir? Maður getur alltaf við sig skóm bætt.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Bleika fótboltasokka.

Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor- og sumartískunni? Flatbotna skór og fallegir litir.

Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið? Fleiri sokka.

Uppáhaldsverslun? Það er alltaf gaman að kíkja í hönnunarbúðirnar við Laugaveg, eins og Lakkrísbúðina, Kron og Trílógíu. Mér finnst líka gaman að fara á markaði og í búðir með notuð föt.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Yfirleitt mjög litlu nema helst þegar ég er erlendis.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Erfitt væri að vera án skófatnaðar. Annars nota ég gallabuxur mjög mikið.

Uppáhaldsflík? Fiðrildakjóllinn sem ég fékk á flóamarkaði.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Til Tokyo.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Kannski snemma á unglingsárunum, þegar ég gekk í heilt ár bara í gulu frá toppi til táar. Það var svona full yfirdrifið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Merkjavara á silfurfati

Mikið úrval af fótboltaskóm
- sundfatnaði - barnafatnaði
(Osh Kosh og Confetti)

And 1	Columbia	PUMA	ASICS
Casall	FIREFLY	NIKE	Rucanor
Cintamani	SPEEDO	Osh Kosh	adidas
Confetti	Diesel	O'NEILL	Catmandoo
Triumph	Pongs skór	Reebok	Röhnisch

Mikið úrval: O'Neill - Casall - Osh Kosh - Confetti - sundföt og fótboltaskór

VERÐDÆMI:

Verðdæmi:	Okkar verð	Fullt verð
Adidas/Puma fótboltaskór	2.000 kr.	3.990-10.990 kr.
Speedo/Adidas sundbolir	1.000 kr.	3.990-4.990 kr.
Catmandoo kuldagallar barna	3.500 kr.	7.990 kr.
Diriksons/Catmandoo regnsett	2.000 kr.	3.990 kr.
Regatta fleece barna	990 kr.	2.990 kr.
Catmandoo úlpur fullorðins	3.990 kr.	8.990 kr.

ATH. Allt að 50% afsláttur frá okkar frábæra verði á ýmsum vöruflokkum laugardag og sunnudag.

Opnunartími virka daga 14.00-18.00 - Laugardaga/Sunnudaga 10.30-18.00 - Upplýsingasími 551 8464

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 28134 05/2005

Vill ekki verða eins og pabbinn

Sögusagnirnar um Brad Pitt og Angelinu Jolie deyja seint. Það styttist líka óðum í að myndin þeirra um morðóðu Smith-hjónin kemur til landsins. Það er næsta víst að kvikmyndahúsagestir af báðum kynjum eiga eftir að flykkjast á hana í von um að greina einhvern neista þeirra á milli.

Jolie segist þó ekki vilja sofa hjá Brad á meðan hann er enn giftur Jennifer Aniston en þau eru ekki enn lögformlega skilin. Jolie segir ástæðuna vera þá að faðir hennar, Jon Voight, hafi haldið svo mikið framhjá móður hennar að hún vilji ekki vera hjásvæfa eins og svo margar konur í lífi föður hennar. „Ég gæti ekki litið í spegil daginn eftir ef ég myndi gera eitthvað slíkt," sagði Jolie en var fljót að bæta því við að henni fyndist Brad æðislegur náungi og mjög jarðbundinn. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGE / NORDIC PHOTOS

BIGITAL Birgir Örn Steinarsson er að ljúka upptökum á sinni fyrstu sólóplötu.

Fyrsta sólóplata Bigital

Tónlistarmaðurinn Birgir Örn Steinarsson, sem hefur gert garðinn frægan með hljómsveitinni Maus, er um þessar mundir að ljúka upptökum á sinni fyrstu sólóplötu.

Birgir hefur búið í London undanfarna mánuði og gefur plötuna út undir listamannsnafninu Bigital. Upptökustjóri er hinn þekkti Tim Simenon sem tók m.a. upp plötuna Ultra með Depeche Mode, sem er ein af uppáhaldsplötum Birgis, og lagið Play Dead með Björk. „Það er mjög auðvelt að vinna með honum og það hafa engir árekstrar orðið okkar á milli. Ég fæ eiginlega að gera það sem ég vil og hann fínpússar það svo," segir Birgir. Á meðal þeirra sem hafa lagt Birgi lið á plötunni eru Roger O'Donnell úr The Cure, Halli úr Botnleðju, Gaukur úr Quarashi, Toggi úr Skyttunum og Smári „Tarfur" Jósepsson, liðsmaður Hot Damn!

Platan, sem kemur út í júlí eða ágúst, hefur fengið vinnuheitið I Surrender og er að sögn Birgis mjög ólík því sem Maus hefur gert í gegnum tíðina. Hann hefur nýlokið við að smala saman í nýja hljómsveit og stefnir á að spila á fyrstu tónleikunum í London í ágúst. Síðan er stefnan sett á Iceland Airwaves í haust. „Við byrjum að æfa í júlí. Það er leiðinlegt að hafa ekki hljómsveit núna til þess að spila því ég er byrjaður að sakna þess að vera á sviði," segir Birgir.

Maus verður í pásu á meðan Birgir einbeitir sér að sólóferli sínum en auk hans er Daníel, trommuleikari Maus, einnig að vinna að sinni fyrstu sólóplötu. ■

Viðsnúningur í réttarhöldunum

Það styttist í að kviðdómendur í réttarhöldunum yfir poppkónginum Michael Jackson dragi sig í hlé og úrskurði hvort Jackson sé sekur eða saklaus. Saksóknarinn reynir af öllum mætti að sannfæra þá um að Gavin Arvizo sé trúverðugt vitni eftir að fjöldi frægra vina söngvarans hafði lýst yfir efasemdum sínum um heilindi drengsins og móðurinnar. Dómarinn í málinu hefur nú leyft að kviðdómnum verði sýnt myndband með yfirheyrslum yfir Gavin í von um að sanna að framburður Gavins hafi ekkert breyst í tímans rás eins og lögfræðingar Jacksons halda fram. Þeir hafa farið fram á að móðirin, Gavin og sálfræðingur sem móðirin réð, verði til taks sem vitni þegar myndbandið hefur verið sýnt. Ljóst er að ekki eru öll kurl komin til grafar í málinu sem senn fer að ljúka. ■

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS UTI 28538 04/2005

Línuskautar fyrir

20% afsláttur

Vigor ABEC 7
Vel búnir línuskautar á ótrúlegu verði
Lokun: Reimar og kraftstrappar
Rammi: Ál
Hjól: Uretan 72 mm/80 mm eftir stærð
Legur: ABEC 7
Stærðir frá 35
Tilboð 6.390 kr.
Var áður 7.990 kr.

Vigor barnaskautar
Stækkanlegir barnaskautar
Hjól: Uretan
Legur: ABEC 3
Stærðir: 30-33 og 34-37
Tilboð 3.190 kr.
Var áður 3.990 kr.

VIGOR línuskautarnir eru vel búnir og á afar hagstæðu verði.

Rollerblade TRS A3
Góðir palla og „street" skautar
Sokkur: PFS Specialized.
Lokun: Málmsmellur, reimar og kraftstrappar
Rammi: Rollerblade UFS Nylon og trefjaplast
Hjól: Rollerblade 55mm/89A
Legur: ABEC 5
Verð 19.990 kr.

Rollerb
Rollerblade
Stækkanleg
Rammi: Tre
Hjól: 72mm
Legur: ABE
Stærðir: 30
Verð 9.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Niðurhalssíðu lokað

Bandarískri niðurhalssíðu hefur verið lokað eftir að 10.000 gestir hennar höluðu niður nýju Star Wars-myndinni á tölvurnar sínar áður en myndin var frumsýnd. Þetta er í fyrsta skipti sem lögreglan leggur í þessar aðgerðir í Bandaríkjunum en alríkislögreglumenn í tíu borgum tóku þátt í þessari aðgerð. Heimasíðan hefur verið vinsæl meðal þeirra sem nota hið svokalla Bit torrent kerfi sem gerir netverjum kleift að hala niður stórar skrár eins og kvikmyndir á mjög skjótan hátt. Yfir hundrað og þrjátíu þúsund netverjar voru skráðir sem meðlimir síðunnar og hafa þeir getað halað niður kvikmyndir frá síðunni. Þetta eru mikil gleðitíðindi fyrir kvikmyndaiðnaðinn í Bandaríkjunum sem hefur lengi barist fyrir því að gera þessar síður ólöglegar og segja þessa tækni kosti iðnaðinn mörg hundruð milljarða. Svíar hafa reyndar tekið þetta skref til fullnustu og bannað slíkar síður frá og með 1.júlí, fyrstir allra þjóða. ■

NIÐURHAL Á STAR WARS STÖÐVAÐ Bandarískri niðurhalssíðu sem gerði netverjum kleift að hala niður Star Wars-myndinni áður en hún kom í bíó hefur verið lokað.

Meistarastykki Albarns

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Damon Albarn er snillingur. Maðurinn er alltaf að þróa stíl sinn lengra og virðist búa yfir ótæmandi sköpunarkrafti. Hann er líka búinn að finna leið til þess að halda sér í framlínu poppsins, án þess að andlit hans þurfi að vera framan á öllum tónlistarblöðunum, eða stanslaust í sjónvarpinu. Bara til þess að hafa það á hreinu, þá er Gorillaz nær alfarið sólóverkefni Blur-söngvarans sem hann dulbýr sem teiknimyndahljómsveit. Svona getur hann leyft sér að gera popptónlist blandaða hiphoppi og elektróník án þess að nokkur kippi sér upp við það.

Hin nýja plata Gorillaz er nær fullkomin. Hún er stórkostleg og heilsteypt poppsmíð sem gengur upp. Sumarslagarinn Feel Good Inc er aðeins eitt horn af risastóru og litríku málverki. Hér blandar Albarn saman kórum við hiphoptakta, söguupplestur við dub-grúf og ég veit ekki hvað og hvað. Það er ekki eitt lag á þessari plötu sem er ekki magnað. Næsti slagari verður líklegast Dirty Harry og svo koll af kolli.

Mér gæti persónulega ekki verið meira sama um þessar teiknimyndafígúrur. Þær eru svo sem flottar og hugmyndin skemmtileg, en þær eru aukaatriði. Tónlistin er aðalatriðið, og tónlistin er stórkostleg. Hugsanlega hin fullkomna poppplata. Til hamingju Damon.

Birgir Örn Steinarsson

GORILLAZ: DEMON DAYS

NIÐURSTAÐA: Damon Albarn reynir að gera hina fullkomnu poppplötu. Niðurstaðan er persónulegt meistarastykki, það besta sem hann hefur skilað af sér á löngum og blómlegum ferli.

alla fjölskylduna

ROLLERBLADE

de Microblade XT
icroblade XT
barnaskautar
plast
A
3
4, 33-37,5 og 36-40
90 kr.

Rollerblade Geoblade 1.3
Skel: Bio Dynamic Triforce
Sokkur: PFS Comfort
Lokun: Hraðreimar, smellur og kraftstrappar
Rammi: Trefjaplast
Hjól: 78 mm/80A Rollerblade
Legur: ABEC 5
Einnig til í dömuútfærslu
Verð 9.990 kr.

Rollerblade Geoblade 1.5
Skel: Bio Dynamic Triforce
Sokkur: PFS Training
Lokun: Hraðreimar, smellur og kraftstrappar
Rammi: Trefjaplast
Hjól: 78 mm/80A Rollerblade
Einnig til í dömuútfærslu
Verð 13.990 kr.

Rollerblade AERO 6W
Skel: Triforce Lite
Sokkur: PFS Training
Lokun: Smellur og kraftstrappi
Rammi: Ál
Hjól: 80 mm/80A Rollerblade LITE
Legur: ABEC 5
Einnig til í herraútfærslu
Verð 15.990 kr.

Rollerblade AERO 90
Skel: Triforce Lite. Extra Vented perforated toe.
Sokkur: PFS Specialized XV, Coolmax® í tungu
Lokun: Hraðreimar, smellur og kraftstrappar Rammi: Ál
Hjól: 90 mm/84A Rollerblade
Legur: ABEC 7
Einnig til í dömuútfærslu
Verð 19.990 kr.

ÚTILÍF

SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000
HUGSAÐU STÓRT

Yfir 20.000 gestir á aðeins 7 dögum!

★★★★★ Fréttablaðið
★★★★1/2 kvikmyndir.is
★★★★ MBL
★★★1/2 SJ Blaðið 1/2
★★★1/2 Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 1, 2, 4, 5, 7, 8, 10, 11 og 00.30 eftir miðnætti B.i. 10 ára
Sýnd í Lúxus kl. 1, 4, 7 og 10

FRÁBÆR GRÍNMYND FRÁ LEIKSTJÓRA LEGALLY BLONDE
JANE FONDA JENNIFER LÓPEZ
MONSTER-in-LAW
Sýnd kl. 1, 3.30, 5.45, 8 og 10.15

Sýnd kl. 2 og 4 m/ísl. tali

ORLANDO BLOOM
★★★ HL MBL
KINGDOM OF HEAVEN
FRÁ LEIKSTJÓRA GLADIATOR
Sýnd kl. 8 og 11 B.i. 16 ára.

Dolby SDDS THX
BÍÓ.IS - allt á einum stað

REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

Yfir 20.000 gestir á aðeins 7 dögum!

★★★★★ Fréttablaðið
★★★★1/2 kvikmyndir.is
★★★★ MBL
★★★1/2 SJ Blaðið 1/2
★★★1/2 Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 1.30, 4.30, 7.30 og 10.30
B.i. 10 ára

Daniel Craig, Colm Meaney, Sienna Miller, Michael Gambon
FM 957
BÍÓ.IS
Breskur glæpatryllir eins og þeir gerast bestir. Svartur húmor, ofbeldi og cool tónlist með Cult, Starsailor, FC Kahuna og Duran Duran.
Frá framleiðendum Lock Stock & Snatch
LAYER CAKE
Sýnd kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20
B.i. 16 ára

★★★ SK DV
★★★★ HL MBL
ÍSLENSK TÓNLIST Í ÞÚSUND ÁR
Einstök upplifun!
Sýnd kl. 2, 4 og 9

★★★★ O.H.T. Rás 2
Downfall
Der Untergang
Sýnd kl. 3, 6 og 9

BÍÓ.IS - allt á einum stað

MONSTER-in-LAW
LAUGARÁS BÍÓ
Sími 553 2075
bara lúxus

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
JANE FONDA JENNIFER LÓPEZ
FRÁBÆR GRÍNMYND FRÁ LEIKSTJÓRA LEGALLY BLONDE
MONSTER-in-LAW
Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10

FRÉTTABLAÐIÐ ★★★★★
MORGUNBLAÐIÐ ★★★★
STAR WARS EPISODE III REVENGE OF THE SITH
Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10:40

DIARY OF A MAD BLACK WOMAN
Sýnd kl. 8

THE INTERPRETER
SEAN PENN NICOLE KIDMAN
Sýnd kl. 10:15

GRÍMAN 2
SÖNUR GRÍMUNNAR
Sýnd kl. 2 m/ísl.tal

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400KR!
ATH: SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

